



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

**Landamerkjabók Norður-Múlasýslu
[1883-1951]**



N^o 1/1883.

Landamerki þau, er tilheyra eignarjörð minni Bárðarstöðum í Loðmundarfjarðarhreppi eru þessi: að utan úr svonefndum Skjaldarsteini í landamerkjapúfu utan við Hjáleigu engjar, svo beina línu í Goðahnúk á Herfelli; að sunnan Fjarðará að Hrævardalsárós, síðan Hrævardalsá upp fjallið; að innan á miðja heiði (Tó) og þaðan útvörp að Hrævardalsá og Goðahnúk.

Bárðarstöðum 3. júní 1883

Jón Ögmundsson.

Ofanskriðuðum landamerkjum erum við undirskrifuð samþykkt.

Jón Þórleifsson (eigandi Úlfsstaða)

Þorbjörg Pálsdóttir (ábúandi Árnastaða)

Þinglýst á Dvergasteinsmannatalþingi hinn 9. júní 1883 og innfært í landamerkjabók Norður-Múlasýslu bls. 3.

Einar Thorlacius.

Gjald til landsjóðs:

Þinglýsing kr. 75a.

Bókun kr. 25.-

= 1. Kr. a.

Ein króna. E.Th.



Nº 2/1883

Landamerki fyrir jörðinni Sörlastöðum í Seyðisfjarðarhreppi eru þessi: Að utan Sörlastaðaá frá Sörlastaðaskarði, sem liggur inn af samnefndum dal alla leið til sjávar; að innan ræður steinn, er stendur í svo nefndum grjótgörðum og merktur er með stöfunum L.M., en úr því ræður lækjargil það, er steinninn stendur við, upp á fjallsbrún.

Merkjalýsing þessi hefur verið týnd öllum þeim, sem land eiga að, og er hún til staðfestu undirskrifuð með nöfnum hlutaðeigenda.

Sörlastöðum 8. júní 1883

Stefán Einarsson (fyrir hönd Sörlastaðaeiganda)

Sigurður Jónsson (fyrir hönd Fjarðareigenda)

Sigurður Stefánsson (eigandi Hánefsstaða)

Ólafur Sigurðsson (handsalað).

Þinglýst á Dvergasteinsmannatalspingi hinn 9. júnímán. 1883 og innfært í landamerkjabók Norður-Múlasýslu bls 3-4.

Einar Thorlacius.

Gjald til landsjóðs:

Þinglýsing 0,75

Bókun 0,25

1 – ein króna.

E.Th.



Nº 3/1883

Landamerki fyrir eignarjörð minni Hánefsstöðum í Seyðisfjarðarhreppi eru þessi: að innan Sörlastaðaá frá Sörlastaðaskarði, sem liggur inn af samnefndum dal og ræður áin alla leið til sjávar; að utan ræður svo nefnd Landamótsá, sem rennur ofan úr svonefndum Salteyrardal; að ofan ráða hæstu eggjar.

Merkjaslýsing þessi hefur verið sýnd þeim, er land eiga að og er hún til staðfestu undirskrifuð nöfnum þeirra.

Hánefsstöðum 8. júní 1883

Sigurður Stefánsson.

Stefán Einarsson (fyrir hönd sveitarinnar)

Stefán Einarsson (fyrir hönd Sörlastaðaeigenda).

Þinglýst á Dvergasteinsmannatalþingi hinn 9. júním. 1883 og innfært í landamerkjabók Norður-Múlasýslu bls. 4
Einar Thorlacius.

Gjald til landsjóðs:

Þinglýsing 0,75

Bókun 0,25

1 – ein króna.

E.Th.



N^o 4/1883

Landamerki fyrir Haukstaðalandi eru: að utan frá Illalækjarósi í Deildarfoss, þaðan í Búrfell og Háhnjúk á Laxárdalsfjalli beina línu á miðheiði; að innan ræður Deild til brúnar og þaðan beina línu í fremri Þverá og þaðan beint til miðheiðar.

Hauksstöðum 17. júní 1883

Guðm. Pjetursson

Jón Jónsson (fyrir hönd hreppsnefndarinnar í Jökuldals og Hlíðarhreppi)

Stefán Halldórsson (prestur að Hofteigi)

Þinglýst á Fossvallamantalsþingi hinn 18. júnímán. 1883 og innfært í landamerkjabók Norður-Múlasýslu bls. 5.

Einar Thorlacius.

Gjald til landsjóðs:

Þinglýsing 0,75

Bókun 0,25

1 – ein króna.

E.Th.



Nº 5/1883

Landamerkjaskrá

Milli Torfastaða og Hnitbjarga eru þessi landamerki samkvæmt 108 ár gamalli lögfestu: Úr Jökulsá fyrir utan Hnitbjörg, beina stefnu í Sandborg, þaðan í efsta Geitarárfoss og upp á Fjallsbrún. Milli Böðvarsdals og Torfastaða eru mörkin beint út fjallið eptir því sem vötnum hallar. Milli Ketilsstaða og Torfastaða eru mörkin beint úr fjallsbrún efstu ofan í Brúnaenda, frá Brúnaendum ræður Merkihryggur að Njálabrekkum, þaðan í Einbúa, úr Einbúa í Hólma í miðri Helmingatjörn, þaðan í ræsi framan við Eyjaselstúnið og svo þaðan beina stefnu í Jökulsá.

Sandur fylgir jörðinni, en þar er ágreiningur um mörkin.

p.t. Fossvöllum 18. júní 1883

Páll Ólafsson (umboðsmaður)

Runólfur Magnússon (eigandi Böðvarsdal, handsalaði nafnið.

Björn Hannesson. Margrjet Jónsdóttir (eigendur Hnitbjarga)

Jón Jónsson (fyrir hönd hreppnefndarinnar í Jökuldals- og Hlíðarhrepp).

Þinglýst á Fossvallamantalsþinginu 18. júní 1883 og innfært í landamerkjabók Norður-Múlasýslu bls. 5-6.

Einar Thorlacius.

Gjald til landsjóðs:

Þinglýsing 0,75

Bókun 0,25

1 – ein króna.

E.Th.



N^o 6/1883

Landamerkjaskrá

Milli Hnitbjarga og Torfastaða eptir 108 ára gamalli lögfestu eru þessi: að utan úr efsta Geitarárfossi í Sandborg fyrir utan Hnitbjargabæ, þaðan beint í Jökulsá, að framan út Bjarghala og í yzta Halaklett, þaðan beina stefnu í Hnausalækjarfoss og þaðan beint upp á fjallsbrún.

Hnitbjörgum 17. júní 1883

Björn Hannesson. Margrjet Jónsdóttir (eigendur að Hnitbjörgum)

Páll Ólafsson (umboðsmaður)

Guðbjörg Einarsdóttir (eigandi að Fogruhlíð).

Þinglýst á Fossvallamantalsþingi hinn 18. júní 1883 og innfært í landamerkjabók Norður-Múlasúslu bls. 6.

Einar Thorlacius.

Gjald til landsjóðs:

Þinglýsing 0,75

Bókun 0,25

1 – ein króna.

E.Th.



N^o 7/1883.

Landamerki fyrir Teigaselslandi í Norður-Múlasýslu. Að framan ræður Teigará upp að Grástrákslæk og hann svo þaðan beina stefnu til miðheiðar; að utan ræður Sandá frá Jökulsá upp að Þvergili og þaðan beina stefnu á miðheiði.

Stefán Bjarnason (í Teigarseli)

Jón Magnússon (á Skeggjastöðum)

Guðm. Pjetursson (á Hauksstöðum)

Þinglýst á Fossvallamanntalsþingi hinn 18. júní 1883 og innfært í landamerkbók Norður-Múlasýslu bls. 6-7.

Einar Thorlacius.

Gjald til landsjóðs:

Þinglýsing 0,75

Bókun 0,25

1 – ein króna.

borgað E.Th.



N^o 8/1883

Landamerki fyrir jörðinni Skeggjastöðum á Jökuldal í Norður-Múlasýslu eru þessi: Að framan ræður Húsá til Kaldaklofaár, Kaldaklofaá frá Húsá til Miðheiðar. Að utan ræður Teigará að Grástrákslæk, Grástrákslækur úr Teigará til Miðheiðar.

Jón Magnússon (á Skeggjastöðum)

Stefán Bjarnason (í Teigaseli)

Guðm. Magnússon (í Hnefilsdal, nafnið handsalað)

Þinglýst á Fossvallamanntalsþingi hinn 18. júnímán. 1883 og innfært í landamerkjabók Norður-Múlasýslu bls. 7.

Einar Thorlacius.

Gjald til landsjóðs:

Þinglýsing 0,75

Bókun 0,25

1 – ein króna.

borgað E.Th.



N^o 9/1883

Landamerki Rauðholts í Hjaltastaðabínghá, sem er kirkjujörð undan Vallanes-kirkju, eru þessi eptir því sem þau finnast í gömlum og nýjum skjölum: Að utan verðu í forvaða þann sem við Selfljót er við Víðines, þaðan rjettsýnis í háu þúfu (á svo kölluðum Hnúkum), þaðan beina stefnu yfir ytra þrep fyrir austan Rauðholtsdal, og úr því rjettlínis í hólmann litla í Breiðublá, þaðan ræður lækur, sem fellur eptir Geitabjargardal allt fram á móts við slakka í Geitabjörgum, svo til vesturs og yfir um öxl er Nýpur nefnist og þaðan beint utan við Merkiöxl, þaðan ræður garður, sem enn sjest merki til niður við Selfljót.

Björn Þorláksson prestur á Hjaltastað, samþykkir ofanritað því er Hjaltastað snertir.

Vigfús Jónsson á Hreimstöðum samþykkir þessi merki fyrir Hreimstaðaland.

Ármann Egilsson í Rauðholti.

Jón Magnússon á Árnastöðum.

Þinglýst á Hjaltastaðarmanntalsþingi hinn 27. júní 1883 og innfært í landamerkjabók Norður-Múlasýslu bls. 7-8.

Einar Thorlacius.

Gjald til landsjóðs:

Þinglýsing 0,75

Bókun 0,25

1 – ein króna.

borgað E.Th.



N^o 10/1883

Landamerki milli Hafnar og Hofstrandar hef jeg vitað höfð í Laxá, eptir því sem hún fellur úr Brúnavíkurskarði til sjóar; og milli Brúnavíkur og Hafnar, úr miðju Brúnavíkurskarði út miðjar fjallaraðir út á Stekkjahvammsfell, þaðan austur Almenningsröð og í mitt Almenningsflesjarsund.

Önnur lönd en þessi liggja ekki að Hafnarlandi.

Höfn 16. Apríl 1883

Þorsteinn Magnússon

Ofanskrifuðum landamerkjum milli Hafnar og Brúnavíkur er jeg að öllu leyti samþykkur.

Steinn Sigurðsson (ábúandi Brúnavíkur).

Ofanskrifuðum landamerkjum milli Hafnar og Brúnavíkur er jeg samþykkur.

Gísli Benidiktsson (ábúandi Hofstrandar)

Þinglýst á Desjarmýrarmantalsþingi hinn 29. júním. 1883 og innfært í landamerkjabók Norður-Múlasýslu bls. 8.

Einar Thorlacius.

Gjald til landsjóðs:

Þinglýsing 0,75

Bókun 0,25

1 – ein króna.

borgað E.Th.



N^o 1/1884

Landamerki fyrir Búastaðalandi. Vesturdalsá ræður að norðan að Oddsgili og Oddsgil að sunnan að Krók sunnanvert við Oddsgils-steina og þaðan út háhálsinn eptir því sem vötnum hallar á brekkubrún útnorður af háuþúfu, og þaðan beina stefnu í vörðu á Selfjalli, þaðan beina línu í vörðu við Miðklauf og síðan sjónhending í Vesturdalsá.

Jón Rafnsson.

Sigurður Jónsson.

Jón Jónsson prestur að Hofi

Lesið fyrir manntalsþingrétti að Vopnafjarðarverzlunarsstað hinn 24. júní 1884 og innfært í landamerkjabók Norður-Múlasýslu bls. 9.

Einar Thorlacius

Gjald til landsjóðs:

a. þinglýsing 0,75

b. bókun 0,25

1 – ein króna.

E.Th.



N^o 2/1884

Landamerki á milli Böðvarsdals, Fagradals og Eyvindarstaða eru þessi: Gufa og ræður hún frá sjó í Gufubotn, þaðan beinsýn í Heiðarhnúk og inn á Seldalsurðir, úr Seldalsurðum og inn á Lambadalsveg, þaðan norður í Böðvarsdalsá og ræður hún til sjávar.

R. Magnússon. Æ. Runólfsson. Halldór Þórðarson
bændur í Fagradal.

Jón Jónsson prestur að Hofi.

Lesið fyrir manntalsþingrétti að Vopnafjarðarverzlunarstað hinn 24. júní 1884 og innfært í landamerkjabók Norður-Múlasýslu bls. 9.

Einar Thorlacius

Gjald til landsjóðs:

- | | |
|---------------|----------------|
| a. þinglýsing | 0,75 |
| b. bókun | 0,25 |
| | 1 – ein króna. |
| | E.Th. |



N^o 3/1884

Landamerki jarðarinnar Eyvindarstaða eru: Dalsá að austan og utan; að norðan í Klofastapa, sem stendur niður undan ytri Grjótgarði upp í Stórusteinvörðu; að sunnan er Lambadalsvegur.

Eyvindarstöðum, 23. júní 1884.

Friðrik Sigurðsson.

Stefán Jósefsson.

Lesið fyrir manntalsþingrétti að Vopnafjarðarverzlunarstað hinn 24. júní 1884 og innfært í landamerkjabók Norður-Múlasýslu bls. 10.

Einar Thorlacius.

Gjald til landsjóðs:

- | | |
|---------------|----------------|
| a. þinglýsing | 0,75 |
| b. bókun | 0,25 |
| | 1 – ein króna. |
| | E.Th. |



N^o 4/1884

Landamerki fyrir Vindfelli í Vopnafirði: Að utan er Klofastapi sem stendur niður undan ytri grjótgarði upp í Stórusteinvörðu, sem stendur í norðurbrún fjallsenda, úr þeirri vörðu inn hæstu urðir að Vesturkvísl fyrir utan Lambadalsveg; að innan skilur Gljúfursá á milli Krossavíkur og Vindfells. –

Vindfelli 23. júní 1884

G. Þorsteinsson.

Stefán Jósefsson.

Methúsalem Jósefsson.

Friðrik Sigurðsson.

Lesið fyrir manntalsþingrétti að Vopnafjarðaverzlunarstað hinn 24. júní 1884 og innfært í eignarskjal og veðmálabók landamerkjabók Norður-Múlasýslu bls. 10.

Einar Thorlacius

Gjald til landsjóðs:

a. þinglýsing 0,75

b. bókun 0,25

1 – ein króna.

E.Th.



Nº 5/1884

Landamerki milli Áslaugarstaða og Leifsstaða eru: Úr Holbakka sem kallaður er og beint upp í Sandhóla og þaðan beint í læk utan undir mel sunnan til í Sandklofa, og þaðan beint í vörðu á há Upsarbrún. Að utan: Skarðsá upp í Skarðsárkrók, þaðan beint í stóruvörðu og stefnu í Upsarhorn, að norðan þar sem vötnum hallar.

Þessu erum við samþykkir.

Stefán Jónsson eigandi Leifsstaða.

Fyrir hönd eiganda Áslaugarstaða Guðmundar Magnússonar í Hnefilsdal, Ólafur Runólfsson.

Þórarinn Jóhannesson. Jón Kristjánsson ábúendur Áslaugarstaða.

Jóhann Þorsteinsson ábúandi á Hróaldsstöðum.

Lesið fyrir manntalsþingsrétt að Vopnafjarðarverzlunarstað hinn 24. júní 1884 og innfært í landamerkjabók Norður-Múlasýslu, bls. 11.

Einar Thorlacius.

Gjald til landsjóðs:

a. þinglýsing 0,75

b. bókun 0,25

1 – ein króna.

E.Th.



N^o 6/1884.

Landamerki Hróaldsstaða: Að framan ræður Skarðsá upp í svonefndan Skarðsárkrók, þaðan beinl. stóru vörðu, sem er hér um bil mitt á milli Kroksins og Upsanna, og frá nefndri vörðu beina stefnu í Upsarenda og svo eptir sömu línu norður heiðina þar sem vötnum fer að halla norður af. – Að utan ræður Hvammsá alla leið neðan frá Sela og norður í Hvammsárvatn. – Þessi landamerki hafa verið óátalin eptir eptir kunnugra manna sögn, svo lengi þeir muna til.

Vitnar

Jóhann Þorsteinsson ábúandi á Hróaldsstöðum.

Fyrir hönd eiganda Áslaugarstaða, Guðmundar Magnússonar í Hnefilsdal, Ólafur Runólfsson.

Lesið fyrir manntalsþingsrétti að Vopnafjarðarverzlunarstað hinn 24. júní 1884 og innfært í landamerkjabók Norður-Múlasýslu bls. 11.

Einar Thorlacius.

Gjald til landsjóðs:

- | | |
|---------------|----------------|
| a. þinglýsing | 0,75 |
| b. bókun | 0,25 |
| | 1 – ein króna. |
| | E.Th. |



N^o 7/1884.

Eptir samþykkt hlutaðeiganda er landamerkjasetning jarðarinnar Smirlafells í Skeggjastaðahreppi þannig: Að austanverðu milli téðrar jarðar og Saurbæjar ræður Finnafjarðará alla leið merkjum, utan frá sjó og inn í svo kallaðan Olboga, utan við Hólmavötn, þaðan beina stefnu í Norður og syðst á svonefndan Þverfellshala, svo þaðan beina línu í útnorður út á Mið-Þverfell, þaðan sömu línu og á Tjaldhæð, síðan þaðan og í Þeðnuvatn, frá því beina línu í austur til Þrívörðubrekku, frá henni sömu línu og á miðjan Urðarfjallshnjúk, þaðan á Bjarghorn niður við sjó, sunnanvert við Urðarfjallsmöl. Landi hjáleiganna Sóleyjarvalla og Halldórsstaða er þegar lýst á þann kantinn, er veit að Smirlafellslandi; en á hina hlið ræður Geysiróa alla leið neðan frá sjó og þangað norður sem Sauðaness-kirkjuland tekur við, og síðan í vestur eptir vorðum þeim, sem nefndar eru í landamerkjasmþykkt okkar síra Vigfúsar og til ytri Gunnlögsárbotna; þaðan til suðurs og í Þeðnuvatn. Þessum landamerkjum erum við undirskrifaðir hlutaðeigendur samþykkir.

Að Hallgilsstöðum 23. júní 1884

St. Pétursson – eptir fullmakt

H. Bjarnarson.

H. Guðbrandsson.

Jón Daníelsson.

Lesið fyrir manntalsþingsrétti að Skeggjastöðum hinn 26. júní 1884 og innfært í landamerkjabók Norður-Múlasýslu, bls. 12.

Einar Thorlacius

Gjald til landsjóðs:

a. þinglýsing 0,75

b. bókun 0,25

1 – ein króna.

E.Th.



N^o 8/1884

Jörðin Miðfjörður í Skeggjastaðakirkjusókn á Langanesströndum á land frá Hölnárós og svo uppeftir henni og í norðasta Hágangshorn, þaðan beint í Þverfellslæg þar sem skemmst er, ræður þá lækurinn landamerkjum í Miðfjarðará, svo ræður áin merkjum til sjóar.

Miðfirði 1. apríl 1884

Matthildur Þorsteinsdóttir.

Árni Þorkelsson eigandi Kverkártungu.

St. Pjetursson (eptir fullmakt)

Jakob Jónsson ábúandi.

Lesið fyrir manntalsþingsrétti að Skeggjastöðum hinn 26. júní 1884 og innfært í landamerkjabók Norður-Múlasýslu bls. 12-13.

Einar Thorlacius

Gjald til landsjóðs:

a. þinglýsing 0,75

b. bókun 0,25

1 – ein króna.

E.Th.



N^o 9/1884

Skálanes. Landamerki eru: hið innra til móts við Austdal með Bæjarstæði svo kölluð Fremri (æ: innri) Sandá, en hið ytra til móts við Dali í Mjóafirði svo kallað Stál eða „ormur í blábjargi“.

Seyðisfirði 10. júní 1884

Ólafur Sigurðsson eigandi Skálaness

Þessum landamerkjum erum vér undirskrifaðir samþykkir
Jón Bjarnason prestur.

Lesið fyrir manntalsþingsrétti að Dvergasteini hinn 24. júní 1884 og innfært í landamerkjabók Norður-
Múlasýslu bls. 13.

Einar Thorlacius

Gjald til landsjóðs:

- | | |
|---------------|----------------|
| a. þinglýsing | 0,75 |
| b. bókun | 0,25 |
| | 1 – ein króna. |
| | E.Th. |



N^o 10/1884

Dvergasteinn með hjáleigunni Selstöðum:

Landamerki eru: hið ytra milli Dvergasteins og Brimness „í Markhelli“, og er krossmark klappað í innri Markhellubrún við sjóinn, en þaðan ræður sjónhendinga lína upp í fjallsbrún, utanvert við hæztu egg þar upp af. Hið innra ræður landamerkjum til móts við Vestdal, samkvæmt merkjadómi frá 26. september 1883, hin svo kallaða innri-Grýtuá.

Dómsatkvæðið hljóðar þannig:

„Ár 1883, miðvikudaginn 26. september, var á Vestdalseyri aukaréttur Norður-Múlasýslu settur og haldinn af sýslumanni Einari Thorlacius með meðdómsmönnum Sigurði Jónssyni, Stefáni Einarssyni, Birni Halldórssyni og Birni Hermannssyni; var þar í málinu:

Jón prestur Bjarnason fyrir hönd Dvergasteinskyrkju

gegn

Einari Hinrikssyni, bónda í Vestdal

út af ágreiningi um landamerki uppkveðinn svo látandi

dómur:

Því dæmist rétt að vera:

Prætu tunga sú, sem kennd er við Grýtuáreyri og liggur milli samnefndra áa, á að vera eign Dvergasteinskyrkju, þannig, að hin svonefnda innri-Grýtuá skal ráða landamerkjum milli jarðanna Dvergasteins og Vestdals, frá sjó innan við hús B. Nagels Norðmanns upp eptir hinum gamla árfarvegi fyrir utan nýbýlið Eiríksstaði, þaðan skáhallt upp í „Grafgil“ eptir sjónhending þar sem það endar uppí fjallshlíðinni, síðan upp eptir nefndu þessu gili beina stefnu þar til vötnum hallar.

Einar Thorlacius.

Sigurjón Jónsson.

Stefán Einarsson.

B. Halldórsson.

Björn Hermannsson.“

Dvergasteinskyrkja á Hjálmárströnd alla í Loðmundarfirði í milli Hjálmár og Grímkelsgils, og eru þessi landamerki skýrt mynduð af náttúrunni og geta því aldrei orðið vafa undirorpin. Sömuleiðis þessi ítök: „reka milli Hamarsnefs og Gullsteins“ – þau örnefni bæði til og vafalaus í Þórarinsstaðalandi, ennfremur „reka milli Þórisvogs (vængs) og suður að Stáli“ í Skálanesslandi og vervist á Sleitunausti (í Brimnesslandi) með öllum flutningi (afflutningi). – Samkvæmt máldögum Vilchins og Gísla (1397 og 1575), kaupbréf frá 1666 og lögfestu þinglýstri frá 1849, auk hins áður nefnda merkjadóms.

Seyðisfirði 3. júní 1884.

Jón Bjarnason

til nærkomandi fardaga kst. prestur í Dvergasteinsprestakalli. –

Þessum landamerkjum erum við undirskrifaðir samþykkir.

Einar Hinriksson bóndi í Vestdal.

Einar Eiríksson bóndi á Sævarenda.

Lesið fyrir manntalsþingsrétti að Dvergasteini hinn 10. júní 1884 og innfært í landamerkjabók Norður-Múlasýslu bls. 14-15.

Einar Thorlacius.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Gjald til landsjóðs:

- | | |
|---------------|----------------|
| a. þinglýsing | 0,75 |
| b. bókun | 0,25 |
| | 1 – ein króna. |
| | E.Th. |



N^o 11/1884

Dvergasteinskyrkju tilheyrir jörðin Austdalur með hjáleigunni Bæjarstæði á suðurströnd Seyðisfjarðar. Landamerki þeirra eru: hið ytra til móts við Skálanes svo kölluð Fremri (σ: innri) Sandá, en hið innra til móts við Þórarinsstaði eru á svæði því, er nefnist „Stóra-Hlaup“ klöppuð krossmörk í tvo steina eða klappir, annan í hamarsbrún nokkurri skammt upp frá sjó utan vert við þar sem lækur einn fellur niður fyrir hamrana, hinn talsvert ofar (í „Hlaupinu“); bein lína eptir sjónhending milli hinna tveggja marka framlengd til sjávar og upp í fjallsbrún ræður landamerkjum milli Austdals og Þórarinsstaða.

Seyðisfirði, 3. kúni 1884

Jón Bjarnason

til næstu fardaga kst. prestur í Dvergasteinsprestakalli.

Þessum landamerkjum erum við undirskrifaðir samþykkir.

Stefán Einarsson hreppsnefndaroddviti

Ólafur Sigurðsson eigandi Skálaness.

Lesið fyrir manntalsþingsrétti að Dvergasteini hinn 10. júní 1884 og innfært í landamerkjabók Norður-Múlasýslu bls. 15-16.

Einar Thorlacius.

Gjald til landsjóðs:

a. þinglýsing 0,75

b. bókun 0,25

1 – ein króna.

E.Th.



N^o 12/1884

Þórarinsstaðir: Landamerki eru: hið ytra móts við Austdal þannig ákveðin; á svæði því er nefnist „Stórahlaup“ eru klöppuð krossmörk í tvo steina eða klappir, annan á hamarsbrún nokkurri skammt uppfrá sjó, utan vert við þar sem lækur einn fellur niður fyrir hamrana, hinn talsvert ofar (í hlaupinu); bein lína eptir sjónhending milli hinna tveggja marka framlengd til sjávar og upp í fjallsbrún ræður landamerkjum milli Þórarinsstaða og Austdals. Hið innra til móts við Hánefsstaði ræður landamerkjum svo kölluð Landamótsá frá fjalli til fjöru.

Seyðirfjarðarhrepp, 3. júní 1884

Stefán Einarsson oddviti.

Þessum landamerkjum erum við undirskrifaðir samþykkir:

Jón Bjarnason p.t. landsdrottin fyrir Austdal.

Sigurður Stefánsson eigandi Hánefsstaða

Lesið fyrir manntalsþingsrétti að Dvergasteini hinn 10. júní 1884 og innfært í landamerkjabók Norður-Múlasýslu bls. 16-17.

Einar Thorlacius

Gjald til landsjóðs:

a. þinglýsing 0,75

b. bókun 0,25

1 – ein króna.

E.Th.

Mér sýnd 9. ágúst 1884.

Bergur Thorberg



N^o 13/1884.

Landamerki Víðivallagerðis í Fljótsdal eru: að neðan Keldá, að framanverðu Sturlá upp á fjall og svo bein stefna austur í Hraungarð og Gilsá. Að utan ræður – milli þessarar jarðar og Víðivalla fremri – Skriðulækur úr Keldá og austur til fjalls beina stefnu.

Ítak á Valþjófsstaðakyrkja hér: allan skóg frá læknum fyrir utan Maríutungur (nú nefndar Bjarnareyrar) og til Sturluár.

Landamerki Víðivalla fremri í Fljótsdal eru hin sömu að framan sem Víðivallagerðis að utan. Fyrir utan land Víðivalla ræður svo nefndur Hagagarður, og greinir hann það frá landi Víðivalla ytri. Síðan eru landamerki þaðan beina stefnu austur yfir fjallgarð, allt í Gilsá á Gilsárdal, sem ræður að austanverðu.

Undir Víðivelli fremri liggur „Villingadalur“, sem nær frá Strútsá – sem aðskilur hann frá Sturluflatar landi – austur og suður til öræfa; að vestan við hann og norðan rennur Fellsá og Sultarranaá, og greina þær ár nefndan dal frá Kiðjafellsafrétti (Suðurfelli).

Hrafnkelsstöðum, 16. júní 1884

Sæbjörn Egilsson (fyrir hönd Páls Ólafssonar umboðsmanns).

Sigurður Gunnarsson fyrir hönd Valþjófsstaðarkyrkju.

Við undirskrifaðir sameigendur jarðarinnar Víðivalla ytri erum samþykkir ofanskrifuðum landamerkjum

Jón Einarsson

Ólafur V. Frydendal.

Lesið fyrir manntalsþingsrétti að Valþjófsstað hinn 19. júnímán. 1884 og innfært í landamerkjabók Norður-Múlasýslu bls. 17-18.

Einar Thorlacius

Gjald til landsjóðs:

- | | |
|---------------|------------------------|
| a. þinglýsing | 0,75 |
| b. bókun | 0,25 |
| | = Kr. 1,00 – ein króna |
| | E.Th. |



N^o 14/1884.

Landamerki Sturluflatar í Fljótsdal eru: að neðan Keldá, að framan ~~Keldá~~ Fellsá og Strútsá austur á Hraun, að utan Sturluá uppfyrrir brúnir og síðan bein stefna austur í Hraun.

Sturluflötur á ítak í engjum Víðivalla fremri, út við Hagagarð, ofan að Kíl og fram að Gróf, sem er utan við svo nefndan Engjatanga; að ofan verðu greina þetta ítak. Marksteinar, frá engjum Víðivalla, og er stefna þeirra út í Hagagarð neðanverðan.

St. á Skriðuklaustri, 18. júní 1884

Sæbjörn Egilsson fyrir hönd P. Ólafssonar umboðsmanns

Sigurður Gunnarsson fyrir hönd Valþjófsstaðakykju.

Lesið fyrir manntalsþingsrétti að Valþjófsstaði hinn 19. júnímán. 1884 og innfært í landamerkjabók Norður-Múlasýslu bls. 18.

Einar Thorlacius

Gjald til landsjóðs:

- | | |
|---------------|------------------------|
| a. þinglýsing | 0,75 |
| b. bókun | 0,25 |
| | = Kr. 1,00 – ein króna |
| | E.Th. |



N^o 15/1884

Þessi eru landamerki milli Skriðuklausturs í Fljótsdalshrepp og Valþjófsstaðar. Hin fyrnefnda jörð á land „að merkjagarði þeim, sem að fornu og nýju haldinn hefur verið landamerki“ og sem liggur frá Jökulsá fram og upp eptir nesinu upp undir fjall, þaðan sjónhending upp á fjall, og þaðan í stóran stein, sem stendur utan til á ytra Eyvindarfjalli, og þaðan réttlínis norður í Jökulsá á Jökulsdal. Að austan ræður Jökulsá í Fljótsdal. Að utan ræður úr nefndri á Melakvísl og Bessastaðaá allt upp á fjallsbrún í Eyvindarkeldu, og svo beina stefnu yfir miðheiði, ofan með svo nefndum Stóralæk, allt í Eyvindará, sem greinir Skriðuklaustursland frá Brattagerðislandi, allt að þeirri stefnilínu, sem áður var greint að greindi Valþjófsstaðar og Klausturland.

Fyrir norðan Eyvindarfjöll á einnig Skriðuklaustur land allt frá nefndri línu út að Sauða, sem skilur það aptur frá Brattagerðislandi.

Í landi Víðivalla ytri á Skriðuklaustur skógarteig „fyrir utan svo nefndan Lingrima“ út að Hrafnkelsstaðalandi, og svo langt sem skógur er.

Í Skriðuklaustri eiga Víðivellir ytri þessi ítök:

1. Reiðingaskurð á 10 hesta árlega.
2. 5 stóðhrossabeit á vetur og taka ei folöld frá.
3. Engjateig fyrir framan Skógargötur, sem liggja niður frá bænum og er sá teigur 40 faðmar á hverja hlið af fjórum.

Staddur á Skriðuklaustri 18. júní 1884.

Sæbjörn Egilsson fyrir hönd Páls Ólafssonar umboðsmanns

Jón Einarsson eigandi Víðivalla.

Sigurður Gunnarsson fyrir hönd Valþjófsstaðarkyrkju.

Lesið fyrir manntalsþingsrétti að Valþjófsstaði hinn 19. júní 1884 og innfært í landamerkjabók Norður-Múlasýslu, bls. 18-19.

Einar Thorlacius.

Gjald til landsjóðs:

a. þinglýsing	0,75
b. bókun	0,25
	= Kr. 1,00 – ein króna
	E.Th.

Sjá áritun amtsins á ofanritaða landamerkjaskrá, dags. 14. maí 1892 á bls. 148 hjer að aptan, undir N^o 2/1892.



N^o 16/1884

Landamerki Bessastaða og Handborgar í Fljótsdal. Að utanverðu við Bessastaðaland eru þau merki, sem eru talin við Bessastaðagerðisland að framan; en milli Handborgar og Bessastaða mun beutilandi vera óskipt, en engjum ræður garður, sem liggur eptir nesinu utan og neðan frá Jökulsá, fram og upp að Melakvísl. Að framanverðu við Handborgarland er Skriðuklaustursland og ræður þar frá Jökulsá, sem er að neðan, Melakvísl og Bessastaðaá upp á fjallsbrún; þá eru merkin í svokallaða Eyvindarkeldu og þaðan beina stefnu til miðheiðar. Að vestan og norðan miðheiði.

Hrafnkelsstöðum, 13. júní 1884

Sæbjörn Egilsson fyrir hönd Páls Ólafssonar umboðsmanns.

Ítak Bessastaða í Bessastaðagerðisengjum er svo nefnt Breiðumýrartagl, utan við Merkigarð á nesinu upp við Bessastaðaá.

St. Á Valþjófsstað, 19. júní 1884

Sæbjörn Egilsson.

Lesið fyrir manntalsþingsrétti að Valþjófsstað hinn 19. júní 1884 og innfært í landamerkjabók Norður-Múlasýslu bls. 20.

Einar Thorlacius

Gjald til landsjóðs:

- | | |
|---------------|------------------------|
| a. þinglýsing | 0,75 |
| b. bókun | 0,25 |
| | = Kr. 1,00 – ein króna |
| | E.Th. |



N^o 17/1884.

Landamerki Bessastaðagerðis í Fljótsdal eru að utan þau sömu sem Mela að framan; en að framan ræður Merkigardur á Breiðumýri og úr honum bein stefna í mitt Breiðagil, þaðan í miðjan Marteinsbotn og svo framantil á ytri Ingiríði; þaðan í Sauðavörðu og svo á Miðheiðarháls, sem ræður að norðan gagnvart Klausturselslandi á Jökuldal. Að neðan ræður Jökulsá landi þessarar jarðar.

Hrafnkelsstöðum, 13. júní 1884

Sæbjörn Egilsson fyrir hönd P. Ólafssonar.

Ítak í engjum þessarar jarðar eiga Bessastaðir, svo nefnt Breiðumýrartagl, sem liggur upp við Bessastaðaá, rétt utan við þann merkigard, sem áður er nefndur og aðskilur engjar Bessastaða og Bessastaðagerðis.

St. á Valþjófsstað, 19. júní 1884

Sæbjörn Egilsson.

Lesið fyrir manntalsþingsrétti að Valþjófsstað 19. júní 1884 innfært í landamerkjabók Norður-Múlasýslu bls. 20-21.

Einar Thorlacius

Gjald til landsjóðs:

- | | |
|---------------|------------------------|
| a. þinglýsing | 0,75 |
| b. bókun | 0,25 |
| | = Kr. 1,00 – ein króna |
| | E.Th. |



N^o 18/1884.

Landamerki Mela í Fljótsdalshreppi eru þessi: Að utan ræður Hengifossá, allt neðan frá Jökulsá upp að Krók þeim, sem á nefndri á verður fyrir framan Brekkusel (svonefnt); þaðan í læk þann sem kemur þar þvert að norðan og nefndur er Brekkuselslækur, og síðan bein stefna til miðheiðar; þá er miðheiðarháls að norðan. Að neðan verðu er Jökulsá, og úr henni að framan í Gerðiskílsás; þaðan bein stefna í stóran stein framan til í Einbúabrekku, og sama stefna í svo kallaðan Stóralæk á fjallsbrúninni, utan umdir Arnahrauni, þaðan í Sandhóla og áfram beina stefnu til Miðheiðar.

Hrafnkelsstöðum, 13. júní 1884.

Sæbjörn Egilsson fyrir hönd Páls Ólafssonar umboðsmanns.

Í fullu umboði fyrir hönd Zeuthens læknis er samþykktur þessum landamerkjum fyrir Brekkuland.
Jón Þorsteinsson.

Lesið fyrir manntalsþingsrétti að Valþjófsstað hinn 19. júní 1884 innfært í landamerkjabók Norður-Múlasýslu bls. 21.

Einar Thorlacius

Gjald til landsjóðs:

- | | |
|---------------|------------------------|
| a. þinglýsing | 0,75 |
| b. bókun | 0,25 |
| | = Kr. 1,00 – ein króna |
| | E.Th. |



Nº 19/1884

Landamörk Fjallsels, sem er Áskyrkju eign:

Að innan ræður bein lína úr Klofasteini, sem stendur í Hrafnsásenda fremri á Egilsselsvegi yfir Engidal, sem sund gengur austur úr dalnum í Hvítfossa hina ytri; þaðan sama stefna allt á fjallsbrún og til miðheiðar.

Að neðan eður sunnan úr Klofasteini bein lína út neðan í Hrafnsás og allt í Svínalæk neðan við Egilsselsveg, er hann liggur yfir lækinn; þaðan ræður Svínalækur þar til Dansgjárlækur rennur í hann.

Að utan ræður Dansgjárlækur allt upp á Stórásblá, þar sem lækurinn kemur utan og norðan úr blánni og þar hlaðin varða. Þaðan sjónhending í Kollóttan mel á fjallsbrún þar sem hlaðin er varða og sama stefna til miðheiðar.

Ási, 6. júní 1884.

Sigurður Gunnarsson fyrir hönd Áskyrkju.

Pétur Sölvason eigandi Egilssels.

Hallgrímur Helgason bóndi á Birnufelli.

Guðmundur Bjarnason eigandi Staffells (handsalað).

Lesið fyrir manntalsþingsrétti að Ási hinn 20. júní 1884 innfært í landamerkjabók Norður-Múlasýslu bls. 22.

Einar Thorlacius.

Gjald til landsjóðs:

- | | |
|---------------|------------------------|
| a. þinglýsing | 0,75 |
| b. bókun | 0,25 |
| | = Kr. 1,00 – ein króna |
| | E.Th. |



N^o 20/1884

Landamörk jarðarinnar Egilssels

Að utan ræður bein stefna úr Svínalækjarós í stein nokkurn (merktan L.), sem stendur framan í kollóttum mel utan og ofan við Púðurtjörn, þaðan bein stefna í vörðu á nyrðri Hlíðarenda ytri, hjá þeirri vörðu er merkt í klett LM., þaðan enn sjónhending utan á Spanarhraun til Miðheiðar.

Að neðan ræður Svínalækur allt að Dansgjárlæk. Að framan Dansgjárlækur allt upp á Stórasblá (þar er nú varða hlaðin); þá sjónhending í kollóttan mel á heiðarbrún (þar er og varða hlaðin) og þaðan á Miðheiði.

Egilsseli, 20. júní 1884

Pétur Sölvason eigandi Egilssels.

Sigurður Gunnarsson fyrir hönd Áskyrkju

Eiríkur Einarsson eigandi Bótar

Guðm. Bjarnason eigandi Staffells.

Ólafur Hjörleifsson sameigandi Bótar.

Lesið fyrir manntalsþingsrétti að Ási hinn 20. júní 1884 og innfært í landamerkjabók Norður-Múlasýslu bls. 22-23.

Einar Thorlacius.

Gjald til landsjóðs:

- | | |
|---------------|------------------------|
| a. þinglýsing | 0,75 |
| b. bókun | 0,25 |
| | = Kr. 1,00 – ein króna |
| | E.Th. |



N^o 21/1884.
Landamörk Staffells:

Að innan ræður bein lína úr Miðdegisöxl á Kálfafelli í Krókavatnstanga og þaðan beina línu í Klofastein, sem stendur á Hrafnásænda fremri á Egilsselsvegi.

Að norðan ræður bein lína úr Klofasteini út neðan í Hrafnás og allt í Svínalæk neðan við Egilsveg, er hann liggur yfir lækinn; þaðan ræður Svínalækur út í Rangá.

Millum Hafrafells og Staffells ræður bein stefna úr Svínalækjarós, þar sem lækurinn rennur í Rangá yfir vestanverða Þverbrekku í fremri enda Þröskulds, þaðan í Hafrafellsásænda fremri, síðan gegnum Langavatn gegnt tanga þeim, er nefndur er í Krosslandamörkum, úr tanganum inn á Kálfafell norðan til og inn í Miðdegisöxl. – Hafrafell á Selför í Staffellslandi.

p.t. Ási, 16. júní 1884.

Guðmundur Bjarnason, eigandi Staffells.

Sigurður Gunnarsson fyrir hönd Áskyrkju.

Pétur Sölvason

Hallgrímur Helgason.

Bjarni Sveinsson eigandi ½ Hafrafells.

Lesið fyrir manntalsþingsrétti að Ási 20. júní 1884 og innfært í landamerkjabók Norður-Múlasýslu, bls. 23-24.

Einar Thorlacius

Gjald til landsjóðs:

- | | |
|---------------|------------------------|
| a. þinglýsing | 0,75 |
| b. bókun | 0,25 |
| | = Kr. 1,00 – ein króna |
| | E.Th. |



22/1884

Landamörk Hafrafells, sem er hálftr (10^{hndr}) Áskyrkjueign.

Millum Hafrafells og Staffells ræður bein stefna úr Svínalækjarós, þar sem lækurinn rennur í Rangá yfir vestanverða Þverbrekku í fremri enda Þröskulds; þaðan í Hafrafellsásenda fremri; síðan gegnum mitt Langavatn að landamarkalínu Kross. –

Millum Hafrafells og Urriðavatnsjarðar ræður bein stefna úr Grásteini við Urriðavatn yfir Þverhólagerðisöxl, þar sem hana ber hæst, og þaðan hin sama stefna til Rangár þar er fornir götuslóðar liggja að ánni; þaðan ræður Rangá upp í Svínalækjarós.

Að neðan eður austan ræður bein stefna gegnt Grásteini inn eptir Urriðavatnsenda miðjum inn í læk, sem rennur framan í vatnið; síðan ræður sá lækur – heitir hann Merkilækur – fram í Ekkjuvatn; ræður svo vatnið fram hjá hinu forna garðbroti undir framanverðum Hagabjörgum.

Að innan stefna úr áðurnefndu garðbroti í Bjarnagerði og þaðan norður í mitt Langavatn gegnt þeim tanga, er gengur norðan í vatnið og nefndur er í landamörkum Kross.

Ítak: Hafrafell á samkvæmt máldögum Áskyrkja selför í Staffellslandi.

6. júní 1884.

Sigurður Gunnarsson fyrir hönd Áskyrkju.

Bjarni Sveinsson eigandi hálfendunnar.

Aðalbjörg Guðmundsdóttir eigandi Ekkjufells – handsalað

Eiríkur Einarsson

Ólafur Hjörleifsson eigandi úr Urriðavatni.

Ólafur Þórðarson eigandi úr Urriðavatni.

Ólafur Abrahamsson eigandi úr Urriðavatni.

Oddur Jónsson

Guðmundur Bjarnason eigandi Staffells.

Lesið fyrir manntalsþingsrétti að Ási hinn 20. júní 1884 og innfært í landamerkjabók Norður-Múlasýslu bls. 24.

Einar Thorlacius.

Gjald til landsjóðs:

- | | |
|---------------|------------------------|
| a. þinglýsing | 0,75 |
| b. bókun | 0,25 |
| | = Kr. 1,00 – ein króna |
| | E.Th. |



N^o 23/1884.
Landamörk Urriðavatns.

Að framan ræður bein stefna frá Lagarfljóti í Þorgeirsklett; þaðan hin sama stefna í svokallaðan Grástein neðan við vatnið; síðan yfir vatnið í annan Grástein norðan við vatnið; úr honum bein stefna í Þverhólagerðisöxl, þar sem hana ber hæst, og þá hin sama stefna í Rangá, þar sem fornar götuslóðir liggja í ána.

Að norðan ræður Rangá.

Að utan úr svokölluðum Forvaða(kletti); þaðan beina línu norður í Grástein (merktan L.M.); þaðan beina línu norður í stein á Rangárás (merktan L.M.); þaðan beina línu norður í vörðu á Stóraás; þaðan beina línu norður í stein á Batarás (merktur L.M.) og þaðan beina línu norður í Rangá.

p.t. Ási, 19. júní 1884.

Ólafur Hjörleifsson, Ólafur Abrahamsson, Ólafur Þórðarson eigendur Urriðavatns.

Sigurður Gunnarsson fyrir hönd Áskyrkju.

Eiríkur Einarsson, eigandi Bótar.

Bjarni Sveinsson eigandi ½ Hafrafells.

Einar Ólafsson fyrir eiganda jarðarinnar Skógargerðis Gróu Guðmundsdóttur.

Lesið fyrir manntalsþingsrétti að Ási hinn 20. júní 1884 og innfært í landamerkjabók Norður-Múlasýslu bls. 25.

Einar Thorlacius

Gjald til landsjóðs:

- | | |
|---------------|------------------------|
| a. þinglýsing | 0,75 |
| b. bókun | 0,25 |
| | = Kr. 1,00 – ein króna |
| | E.Th. |



N^o 24/1884.

Skýrsla

um landamerki er aðskilur Skógargerðisland frá Urriðavatns-, Bótar- og Rangárlöndum:

Landamerki Skógargerðis og Urriðavatns byrja að framan og neðan í svo kölluðum Forvaða (kletti); þaðan beina línu norður í Grástein (merktan L.M.); þaðan beina línu norður í stein á Rangárás (merktar L.M.); þaðan í beina línu norður í vörðu á Stóraás; þaðan beina línu norður í stein á Bótarás (merktan L.M.) og þaðan beina línu í Rangá. – Skógargerðisland að norðanverðu frá Bótarlandi og eins Skógargerðisland að utanverðu, frá Rangárlandi, aðskilur Rangá með óumbreytanlegum farvegi sínum.

St. á Skógargerði, 19. júní 1884.

Helgi Indriðason ábúandi.

Einar Ólafsson umboðsmaður jarðarinnar – handsalað

Nágrannar frá Urriðavatni:

Ólafur Abrahamsson. Ólafur Þórðarson. Ólafur Hjörleifsson.

Lesið fyrir manntalsþingsrétti að Ási hinn 20. júní 1884 og innfært í landamerkjabók Norður-Múlasýslu, bls. 25-26.

Einar Thorlacius

Gjald til landsjóðs:

a. þinglýsing	0,75
b. bókun	0,25
	= Kr. 1,00 – ein króna
	E.Th.



N^o 25/1884

Landamörk Ekkjufells og Ekkjufellssels. –

Að innan úr Ekkjuvatni gegnt fornu garðbroti undir Hagabjörgum; þaðan í Torftjörn; úr henni fram á Stóraás á miðjan hnaus þann, sem stendur út austan á ásnum með Klett stríp austan við; þaðan réttlínis fram og ofan á Einbúaklett; stendur Einbúi þessi fram af Grenisásenda fremri. Úr Einbúa í yzta krók á Bakkalæk, sem er þar rétt fyrir framan og eptir það ræður Bakkalækur til Lagarfljóts. –

Að norðan ræður Ekkjuvatn og síðan lækur sá, er heitir Merkilækur út í Urriðavatnsenda. – Að utan ræður bein stefna frá Lagarfljóti í Þorgeirsklett; þaðan hin sama stefna í svo kallaðan Grástein, er stendur neðan við Urriðavatnið.

p.t. Ási, 19. júní 1884.

Sigurður Gunnarsson fyrir hönd Áskyrkju.

Aðalbjörg Guðmundsdóttir eigandi að meirihluta Ekkjufells.

Oddur Jónsson eigandi Hreiðarstaða.

Bjarni Sveinsson eig. ½ Hafrafells.

Ólafur Hjörleifsson. Ólafur Þórðarson. Ólafur Abrahamsson eigendur Urriðavatns.

Lesið fyrir manntalsþingsrétti að Ási hinn 20. júní 1884 og innfært í landamerkjabók Norður-Múlasýslu, bls. 26.

Einar Thorlacius.

Gjald til landsjóðs:

a. þinglýsing	0,75
b. bókun	0,25
	= Kr. 1,00 – ein króna
	E.Th.



N^o 26/1884.

Landamerki fyrir eignarjörð minni Hreiðarstöðum í Fellum í Ássókn: Að utan við Lagarfljót ræður Brandalækjarós svo lengi hann fellur rétt ofan til Fljótsins, þar eptir beint upp í réttarklett, úr honum beina stefnu fram í Grundaráshala fremri, svo fram fyrir neðan Hádegishöfða og á Stekkás þar sem hann er hæstur og ræður þá ásinn eptir það allt í Lagarfljót. –

Hreiðarstöðum, þann 18. júní 1884

Oddur Jónsson, eigandi Hreiðarstaða.

Hallgrímur Helgason, bóndi á Birnufelli.

Oddur Hildibrandsson, eigandi Meðalness.

Jón Ólafsson umráðamaðr Setbergs.

Lesið fyrir manntalsþingsrétti að Ási hinn 20. júní 1884 og innfært í landamerkjabók Norður-Múlasýslu, bls. 27.

Einar Thorlacius.

Gjald til landsjóðs:

- | | |
|---------------|------------------------|
| a. þinglýsing | 0,75 |
| b. bókun | 0,25 |
| | = Kr. 1,00 – ein króna |
| | E.Th. |



N^o 27/1884

Landamörk Kross, sem er Áskyrkjueign.

Að innan úr Forvaðakletti þeim við Lagarfljót, sem næstur er fyrir framan Bakkalæk beina línu utan til á Háaás og á vörðubrot utan til á hryggnum milli Kross og Setbergs, þá yfirum Háaleyti framan til sömu stefnu upp fyrir utan Skrugguvatn allt á Kálfafell og norður á Miðdegisöxl norðan í fellinu. – Að norðan úr Miðdegisöxl út Kálfafell norðanvert beina línu í tanga, er gengur út í Langavatn að norðan gegnt Bjarnagerði; að utan úr áður nefndum tanga yfir um Langavatn í Bjarnagerði; þaðan í garðbrot fornt við Ekkjuvatn undir framanverðum Hagabjörgum. Þaðan í Torftjörn; úr henni fram á Stóraás á miðjan hnaus þann, sem stendur út austan á ásnum með klettastríp austan við; þaðan réttlínis fram og ofan á Einbúaklett; stendur Einbúi þessi fram af Grenisásenda; úr Einbúa í yzta krók á Bakkalæk, sem er þar rétt fyrir framan og eptir það ræður Bakkalækur til Lagarfljóts.

Ási, 6. júní 1884.

Sigurður Gunnarsson fyrir hönd Áskyrkju.

Bjarni Sveinsson eigandi ½ Hafrafells.

Jón Ólafsson umráðam. Setbergs.

Guðmundur Bjarnason, eigandi Staffells (handsalað)

Aðalbjörg Guðmundsdóttir, eigandi meirihluta Ekkjufells.

Oddur Jónsson eig. Hreiðarstaða.

Lesið fyrir manntalsþingsrétti að Ási hinn 20. júní 1884 og innfært í landamerkjabók Norður-Múlasýslu, bls. 27-28.

Einar Thorlacius

Gjald til landsjóðs:

- | | |
|---------------|------------------------|
| a. þinglýsing | 0,75 |
| b. bókun | 0,25 |
| | = Kr. 1,00 – ein króna |
| | E.Th. |



N^o 28/1884.

Landamörk jarðarinnar Setbergs. –

Að framan ræður sjónhending úr Brandalækjarós við Lagarfljót yfir Nónás upp á miðjan Réttarklett; að ofan sjónhending úr Réttarklettsenda fremri austan hallt við Miðsmorgunsvörðu yfir Kálfafell allt á Miðdegisöxl; að utan sjónhending af Miðdegisöxl yfir Háfaleiti og Háfaás utan til í Forvaðaklett, sem er næsti klettur við Fljótið fram frá Bakkalæk. –

Skeggjastöðum, 18. júní 1884

Sigurður Gunnarsson fyrir hönd Áskyrkju.

Jón Ólafsson umráðamaður Setbergs.

Hallgrímur Helgason, bóndi á Birnufelli.

Oddur Jónsson, eigandi Hreiðarstaða.

Lesið fyrir manntalsþingsrétti að Ási hinn 20. júní 1884 og innfært í landamerkjabók Norður-Múlasýslu, bls. 28.

Einar Thorlacius

Gjald til landsjóðs:

- | | |
|---------------|------------------------|
| a. þinglýsing | 0,75 |
| b. bókun | 0,25 |
| | = Kr. 1,00 – ein króna |
| | E.Th. |



N^o 29/1884.

Landamörk fyrir jörðinni Birnufelli í Fellahrepp í Ásskyrkjusókn er þessi:

Að utan ræður bein lína úr Miðdegisöxl á Kálfafelli í Krókavatnstanga og þaðan beina línu í Klofastein, sem stendur í Hrafnásenda fremri á Egilsselsvegi; úr Klofasteini ræður bein lína yfir Engidal, þar sem sund gengur austur úr dalnum, utan við það, í Hvítfossa hina ytri og þaðan sömu línu allt á fjallsbrún og til Miðheiðar. Auk þessa voru til glöggvunar sett milli mörk.

Að austan úr svokölluðum Réttarklettsenda fremri beina línu fyrir austan svo kallaða Miðmorgunsvörðu allt út á Kálfafell, þar sem það sést glöggvast, og þaðan sömu línu út á áður nefnda Miðdegisöxl, frá áður greindu marki, nefnil. Réttarklettsendanum, framan undir hverjum að liggur svo nefnd Markkelda.

Að innan: neðan úr Rauðalækjarþröng neðan til upp á hnúk hjá Refsmýrarbotnum, úr hnúknum beina línu til vörðu, sem stendur utan til á ásenda, sem er út og niður af Aratjörn, fyrir framan Heiðarveg; úr vörðunni stefnu í útnorður allt í Gatnaásslakka fyrir utan fremri Gatnaás og svo norður á Miðöxlina austan í brúninni fyrir ofan Skolladal, þaðan þvert niður á Miðheiði.

Þessum landamörkum til staðfestu eru undirskrifaðara söfn.

Birnufelli, 18. júní 1884.

Eigandinn Hallgrímur Helgason.

Fyrir Setbergs landamörkum Jón Ólafsson.

Fyrir Staffells landamörkum Guðmundur Bjarnason.

Fyrir Meðalnesslandamörkum O. Hildibrandsson

Sigurður Gunnarsson fyrir hönd Ásskyrkju

Lesið fyrir manntalsþingsrétti að Ási hinn 20. júní 1884 og innfært í landamerkjabók Norður-Múlasýslu, bls. 29.

Einar Thorlacius

Gjald til landsjóðs:

- | | |
|---------------|------------------------|
| a. þinglýsing | 0,75 |
| b. bókun | 0,25 |
| | = Kr. 1,00 – ein króna |
| | E.Th. |



N^o 30/1884.
Landamerki Meðalness.

Þessi eru landamerki fyrir Meðalnesi:

Að utan úr Stekkásklöpp við Lagarfljót beina stefnu í Stekkás þar sem hann ber hæst, og þaðan út fyrir neðan Hádegishöfða allt í Grundaráshala fremri; þá út á sinn í klett einn norðan í honum utan verðum; þaðan beina stefnu upp í neðri Rauðalækjarþrangarenda; eftir það sjónhending úr Þrönginni í kollótt hraun í svo nefndum Refsmýrarbotnum á utanverðu Birnufelli; þaðan sjónhending í vörðu út og niður af Aratjörn; þá enn bein stefna í Gatnaásslakka og þaðan í Miðöxl, þá þverstefna yfir heiðarbrún til Miðheiðar. Þaðan af ræður Miðheiði fram í Vegaskarð. Vegakvísl ræður að framan allt þar til hún fellur í Sandá, þá sjónhending úr Vegakvíslarás í Stóralækjarás á heiðarbrún, eftir það Þorleifarás til Lagar.

Meðalnesi, 20. júní 1884.

Oddur Hildibrandsson eigandi Meðalness.

Þórvarður Kjerulf, eigandi Ormarstaða.

Hallgrímur Helgason eigandi Birnufells

Oddur Jónsson, eigandi Hreiðarstaða.

Lesið fyrir manntalsþingsrétti að Ási hinn 20. júní 1884 og innfært í landamerkjabók Norður-Múlasýslu, bls. 30.

Einar Thorlacius

Gjald til landsjóðs:

- | | |
|---------------|------------------------|
| a. þinglýsing | 0,75 |
| b. bókun | 0,25 |
| | = Kr. 1,00 – ein króna |
| | E.Th. |



N^o 31/1884.

Þessi eru mörk Ormarstaðalands með hjáleigum, Hlíðarseli og Refsmýri:

Að innan ræður Ormarstaðaá, sem hún fellur til Lagar um fjall og heiði frá Þorkelsmel í austanverðum Fjórðungshálsi; þá þverstefna um heiði úr melnum, unz vötnum deilir austur og vestur af; að utan ræður Vegakvísl, sem hún fellur úr Miðheiðarhálsi til Sandár; þá sjónhending úr Kvíslarásnum í Stóralækjarás á heiðarbrún, þaðan af Þórleifar á til Lagar.

Ormarsstöðum,

Þorvarður Kjerulf, eigandi Ormarsstaða.

Ási, Sigurður Gunnarsson,
fyrir hönd Áskyrkju.

Meðalnesi 9. apríl 1884.

O. Hildibrandsson eigandi Meðalness.

Lesið fyrir manntalsþingsrétti að Ási hinn 20. júní 1884 og innfært í landamerkjabók Norður-Múlasýslu, bls. 30-31.

Einar Thorlacius.

Gjald til landsjóðs:

- | | |
|---------------|------------------------|
| a. þinglýsing | 0,75 |
| b. bókun | 0,25 |
| | = Kr. 1,00 – ein króna |
| | E.Th. |



N^o 32/1884.

Landamörk hjáleigunnar Refsmýri:

Hjáleigan Refsmýri á land úr Ormarstaðalandi innan þessara marka:

Að innan ræður sjónhending úr Svarðarhrauni – það er út við Þórleifar á ofan við götur að Meðalnesi – yfir Ormarstaðarfells- og Háfahryggsgenda ytri í Grettishaf á framanverðri fjallsbrún og þaðan sniðhöll stefna í Þórleifarárkrók; þaðan af ræður Þórleifar á og er henni sleppir þverstefna til Miðheiðar; að neðan ræður Þórleifar á milli Svarðarhrauns og Nautáslækjaróss; að utan ræður sjónhending úr ásnnum í Ormarshaug, þaðan bein stefna í Hlíðarselslæk neðan við túngarð á Hlíðarseli, þaðan enn sjónhending upp í Einbúa og úr honum í stóran grafning ofanvert við Þórleifar á í heiðinni; síðan ræður grafningurinn meðan hann endist og þaðan af sjónhending í Vegakvíslarás, þar sem kvíslin fellur í Sandá; eptir það ræður Vegakvísl til Miðheiðar. Miðheiði ræður eins og vötnum deilir.

Refsmýri og Ormarstöðum, 21. nóv. 1883.

Eigendur Refsmýrar: Jóhannes Sveinsson, Guðný Jónsdóttir, Sigfinnur Pálsson – handsalað.

Þórvarður Kjerúlf eigandi Ormarstaða.

Lesið fyrir manntalsþingsrétti að Ási hinn 20. júní 1884 og innfært í landamerkjabók Norður-Múlasýslu bls. 31.

Einar Thorlacius.

Gjald til landsjóðs:

- | | |
|---------------|------------------------|
| a. þinglýsing | 0,75 |
| b. bókun | 0,25 |
| | = Kr. 1,00 – ein króna |
| | E.Th. |



N^o 33/1884.
Landamerki Áss í Fellum.

Að innan ræður bein frá Lagarfljóti upp Skarfatanga gegnum stóran stein á hrauni utan við svo nefnda Prestalág á ofanverðum Skarfatanga; þaðan að sjá ina sömu stefnu yfir kollóttan mel stóran á Lönguhlíð undir Flatás utan til; þá í stórt bjarg, er stendur á kletti neðan við Þúfuselsblá framan til; þá enn in sama stefna í svo kallaðan fremsta Einbúa miðjan. Þaðan in sama stefna á brýr upp og norður heiði til Miðheiðar.

Að utan ræður Ormarstaðará, sem hún fellur til Lagar um fjall og heiði frá Þorkelsmel í austanverðum Fjóðungshálsi, þá þverstefna ~~úr melnum~~ um heiði úr melnum, unz vötnum deilir austur og vestur af. –

Ási, 6. júní 1884.

Sigurður Gunnarsson, fyrir hönd Áskyrkju.

Þórvarðr Kjerulf eigandi Ormarstaða.

Jón Rafnsson eigandi Hofa.

Ítök eptir máldögum Áskyrkju:

1. Engiteigur í Meðalnesjörð (til forna, nú í Hreiðarstaðalandi) í svo nefndri Hlöðugeil og skógarpartur í „Rafnsási“ fyrir neðan götuna.
2. Allur skógur í Ekkjufellsjörð frá og fyrir utan Einhleypingsvað og út að Þorgeirsklett, upp á ásbrún og ofan í Lagarfljót.

Ási, 6. júní 1884.

Sigurður Gunnarsson.

Oddur Jónsson eigandi Hreiðarstaða.

Aðalbjörg Guðmundsdóttir, eigandi meirihluta Ekkjufells.

Lesið fyrir manntalsþingsrétti að Ási hinn 20. júní 1884 og innfært í landamerkjabók Norður-Múlasýslu bls. 32.

Einar Thorlacius

Gjald til landsjóðs:

- | | |
|---------------|------------------------|
| a. þinglýsing | 0,75 |
| b. bókun | 0,25 |
| | = Kr. 1,00 – ein króna |
| | E.Th. |



N^o 34/1884
Landamörk Hofis í Fellum.

Að utan ræður bein stefn frá Lagarfljóti upp Skarfatanga gegnum stóran stein á hrauni utan við svo nefnda Presta lág á ofanverðum Skarfatanga; þaðan að sjá hina sömu yfir kollóttan mel stóran á Lönguhlíð undir Flatás utan til; þá í stórt bjarg, er stendur á kletti neðan við Þúfuselsblá framan til; þá enn hin sama stefna í svo kallaðan fremsta Einbúa miðjan. Þaðan hin sama stefna á brýr upp og norður heiði til Miðheiðar. –

Að innan ræður sjónhending úr Marksteini við Lagarfljót á kletti utan við Arngrímshraun yfir mitt Lyrittishraun í svonefndan Erlendsbotnslæk, þar sem hann fellur niður úr botninum; þaðan stefna í Miðvörðu á neðra Urðarhrauni og þá í svokallaðan Tjarnarmel út frá Melþúfu; hún er norðan við Melþúfuflóa; eptir það ræður þverstefna á Miðheiði yfir Svínárvatnsfót fremri.

Hofi, 6. Júní 1884.

Jón Rafnsson, eigandi Hofis.

Sigurður Gunnarsson, fyrir hönd Áskyrkju.

Jón Ólafsson, eigandi Skeggjast.

Sölvi Einarsson meðeig. Skeggjast.

Lesið fyrir manntalsþingsrétti að Ási hinn 20. júní 1884 og innfært í landamerkjabók Norður-Múlasýslu, bls. 33.

Einar Thorlacius

Gjald til landsjóðs:

- | | |
|---------------|------------------------|
| a. þinglýsing | 0,75 |
| b. bókun | 0,25 |
| | = Kr. 1,00 – ein króna |
| | E.Th. |



N^o 35/1884
Landamerkjalýsing
eignar- og ábylisjarðar okkar Bótar í Tunguhreppi.

Að framan milli Egilssels og Bótar úr Svínalækjarós að norðan, þaðan í stein merktan L, sem stendur framan í kollóttum mel, „utan og ofan við Púðurtjörn“, þaðan beina línu í vörðu á nyrðri Hlíðarenda ytri, hjá þeirri vörðu er merkt í klett L.M., þaðan sjónhending utan í Spanarhraun og beint á Miðheiði.

Að neðan úr áður nefndum Svínarlækjarós, sem fellur í Rangána, sem rennur milli Tunguhrepps og Fellahrepps, út miðjan farveg árinna út í Merkjälækjarós, þaðan beina línu í stein þann, er stendur við Merkjälæk, norðan við Þverdalsholt, svo beina línu þaðan út Merkjadal og norðan á holtum tveimur, er liggja eptir dalnum utarlega beina stefnu í Keldu þá, sem fellur úr dalnum utarlega í Mjóavatnsfót fremri, þaðan beina stefnu norður í miðjan Ærhamar upp að Ærlæk, þaðan ræður hann fram á móti vörðu, sem stendur á framan verðum klettinum utan við Lönguhlíðarslakka, þar hjá merkt í klöpp O, þaðan beint upp í stein merktan O, sem stendur á fornum götubakka utan við Smáásenda ytri; þaðan beint upp í vörðu þá, er stendur á hraunhnúk upp á brúnunum, hjá henni merkt í klettinn O.E. Þaðan beint til Miðheiðar, hvaðan vötnum hallar. –

Eigendur: Eiríkur Einarsson, Ólafur Hjörleifsson.

Oddný Sigurðardóttir, eigandi Heiðarsels, handsalað.

Fyrir hönd eins eigandans Jóns Marteinsonar Guðmundur Eiríksson.

Hallur Einarsson eig. Rangár – handsalað.

Kr. Kröyer eig. Fremrasels.

Pétur Sölvason eig. Egilssels.

Lesið fyrir manntalsþingsrétti að Fossvöllum 21. júní 1884 og innfært í landamerkjabók Norður-Múlasýslu bls. 34. –

Einar Thorlacius

Gjald til landsjóðs:

a. þinglýsing	0,75
b. bókun	0,25
	= Kr. 1,00 – ein króna
	Borgað E.Th.



N^o 36/1884.

Landamerki Heiðarsels eru þessi: Milli Fremrasels og Heiðarsels eru mörkin úr stórum steini á háheiðarendanum, beint í Ærhamar og þaðan í yzta Ærlækjarbug; að austan ræður Ærlækur, og aðskilur Vífilsstaða- og Bótarland frá Heiðarselslandi, fram á móts við vörðu, sem stendur á framan verðum klettinum utan við Lönguhlíðarslakka; þar er merkt klöpp O; þaðan beint upp í stein með sama marki, sem stendur á fornum götubakka utan við Smáásenda ytri; þaðan beint upp í vörðu þá, er stendur á Hraunhnúk upp á brúnunum; hjá henni er merkt í klöpp O.E, og þaðan beint á Miðheiði eptir sem vötnum hallar.

p.t. Fossvöllum 21. Júní 1884.

Oddný Sigurðarsóttir, eigandi Heiðarsels.

Framanskriafaðri landamerkjaskrá erum við samþykkir.

Ólafur Hjörleifsson, Eiríkur Einarsson, eigendur Bótar.

Kr. Kröyer eigandi Fremrasels. –

Lesið fyrir manntalsþingsrétti að Fossvöllum 21. júní 1884, og innfært í landamerkjabók Norður-Múlasýslu, bls. 35.

Einar Thorlacius.

Gjald til landsjóðs:

a. þinglýsing	0,75
b. bókun	0,25
	= Kr. 1,00 – ein króna
	E.Th.



N^o 37/1884.

Landamerki Stóra-Bakka með Blöndugerði eru þessi:

Að norðan ræður Jökulsá, svo liggja mörkin upp að utan milli Stóra-Bakka og Litla-Bakka úr vörðu við ána beina stefnu í Rauðalækjarfors, þaðan beint í vörðu á miðjum Skollakletti, þaðan beint inn í stein þann er stendur á há-heiðarendanum, þaðan ofan fyrir innan Blöndugerðisland og í vörðu er stendur við norðanverðan Dimmadal, þaðan í vörðu er stendur á hálsbrúninni, þaðan í svo kallaðan Grástein, er stendur niður við Jökulsá. –

p.t. Fossvöllum 21. júní 1884.

Kr. Kröyer, umráðam. Stóra-Bakka.

Stefán Sigurðsson. eig. Litla-Bakka.

Jón Magnússon eig. Gilja.

Páll Ólafsson eig. Hallfreðarstaða.

Lesið fyrir manntalsþingsrétti að Fossvöllum 21. júní 1884 og innfært í landamerkjabók Norður-Múlasýslu bls. 35.

Einar Thorlacius.

Gjald til landsjóðs:

- | | |
|---------------|------------------------|
| a. þinglýsing | 0,75 |
| b. bókun | 0,25 |
| | = Kr. 1,00 – ein króna |
| | E.Th. |



N^o 38/1884

Landamerki fyrir Sleðbrjót og hjáleigunni Másseli eru þessi:

Að utan ræður Sauðá af fjalli til Kaldár, þaðan ræður Kaldá til Hálsenda og eptir gömlum farveg árinna til Jökulsár, framan við svokallaðan Fögruhlíðarhólma. Að framan úr Jökulsá í Landavörðu, svo í stóran stein, er stendur á hlóðum utan við Merkiöxl; þaðan beina stefnu í mitt axarhraun, svo í Kamb; þaðan beint í fremri Grundarlæk á fjallsbrún, síðan beint í Þvergilsá. –

Dag 21. Júní 1884.

Björn Jónsson eig. Sleðabrjótsels

Magnús Jónsson

Eiríkur Hallsson, eigandi Sleðabrjóts.

Sigbjörn Björnsson á Surtsstöðum.

Sigurður Sigurðsson fyrir hönd Guðbjargar Einarsdóttur í Fögruhlíð.

Samkvæmt Vilchins máldaga á Vallanesskyrkja $\frac{1}{2}$ – hálfan – viðareka og Áskyrkja $\frac{1}{4}$ – einn fjórða – hluta viðarreka og $\frac{1}{4}$ hluta úr hvalreka á mótis við eiganda Sleðabrjóts.

D.n.s. Eiríkur Hallsson.

Lesið fyrir manntalsþingsrétti að Fossvöllum 21. Júní 1884 og innfært í landamerkjabók Norður-Múlasýslu, bls. 36. –

Einar Thorlacius.

Gjald til landsjóðs:

- | | |
|---------------|------------------------|
| a. þinglýsing | 0,75 |
| b. bókun | 0,25 |
| | = Kr. 1,00 – ein króna |
| | E.Th. |



N^o 39/1884.

Landamerki fyrir Surtsstaðalandi eru þessi: að utan úr Jökulsá í Landavörðu, svo á stóran stein, er stendur á hlóðum utan við Merkiöxl, þaðan beina stefnu í mitt Axarhraun, svo í Kamb, þaðan beint í fremri Grunnarlæk á fjallsbrún, síðan af fjallsbrún beint í Þvergilsá að ofan. Að framan úr Jökulsá í garðsenda neðan við hálsinn, þaðan beint í Heiðartjörn, síðan í Melrakkahraun og úr Melrakkahrauni í stein utan á fjallshorni; þaðan beina leið í Merargilsárós; eptir það Merargilsá.

Dag 21. júní 1884.

Sigbjörn Björnsson, eigandi Surtsstöðum.

Þórarinn Þorkelsson, eigandi Hallgeirsstaða.

Eiríkur Hallsson eigandi Sleðabrjóts. –

Lesið fyrir manntalsþingsrétti að Fossvöllum 21. júní 1884 og innfært í landamerkjabók Norður-Múlasýslu bls. 36-37.

Einar Thorlacius

Gjald til landsjóðs:

- | | |
|---------------|------------------------|
| a. þinglýsing | 0,75 |
| b. bókun | 0,25 |
| | = Kr. 1,00 – ein króna |
| | E.Th. |



N^o 40/1884

Landamerki Hallgeirsstaða eru þessi: Að framan milli Hallgeirsstaða og Hrafnabjarga úr steini á ytri Steinhöfða og þaðan beint í vörðu á utanverðum Stóranúp, þaðan beint í Þormóðará og ræður hún svo upp á fjall, þaðan eru mörkin í Klappará, er skilur Hrafnabjarga- og Hallgeirsstaðatungu; ræður hún síðan til Smjörfjalla; síðan ráða Smjörfjöll eptir sem vötnum halla út að norðan allt út að Merargilsá, síðan ræður hún ofan í Kaldá, úr Kaldá eru mörkin á móts við Merargilsárós í stein utan á fjallshorninu, þaðan beint ofan í Melrakkahraun, þaðan beint í Heiðartjörn, þaðan í fremri garðsenda neðan við hálsinn og þaðan beint í Jökulsá; síðan ræður hún að austan. –

p.t. Fossvöllum, 21. júní 1884.

Þórarinn Þorkelsson eigandi Hallgeirsstaða.

Framanskriafaðri landamerkjaskrá erum við samþykkir

Sigurður Sigurðsson, Þorst. Guðmundsson eigendur Hrafnabjarga.

Sigbjörn Björnsson eigandi Surtsstaða.

Lesið fyrir manntalsþingrétti að Fossvöllum 21. júní 1884 og innfært í landamerkjabók Norður-Múlasýslu bls. 37-38.

Einar Thorlacius.

Gjald til landsjóðs:

a. þinglýsing	0,75
b. bókun	0,25
	= Kr. 1,00 – ein króna
	E.Th.



Nº 41/1884

Landamerki Hrafnabjarga eru þessi: að framan ræður Laxá fram á móts við stóran stein á utanverðu Götuhrauni, úr þeim steini í Uppgöngu á Hrafnabjörgunum þvert upp af steininum, þaðan beina stefnu í Mjóavatnsenda fremri, og Skollagrenisásenda ytri á fjall upp, í lægð í fjallinu, í svonefndum Fossárdrögum, þaðan beina stefnu til Kaldár; fyrir norðan Kaldá ræður Merargilsá fyrir utan Kaplatungu og þaðan beint í Smjörfjöll; að norðan ráða Smjörfjöll eptir sem vötnum hallar; að utan ræður Klappará í Kaldá, þaðan beint í Þormóðará á fjallsbrún, þaðan ofan í vörðu á utanverðum Stóranúp og þaðan í stein á ytri Steinhöfða við Jökulsá; að austan ræður Jökulsá.

p.t. Fossvöllum, 21. júní 1884.

Sigurður Sigurðsson. Þorst. Guðmundsson eigendur Hrafnabjarga

Framanskriafaða landamerkjaskrá samþykkjum við.

G. Snædal, í umboði hreppsnefndarinnar í Jökulsdals- og Hlíðarhreppi.

Þórarinn Þorkelsson eigandi Hallgeirsstaða.

Lesið fyrir manntalsþingsrétti að Fossvöllum 21. júní 1884 og innfært í landamerkjabók Norður-Múlasýslu, bls. 38. –

Einar Thorlacius.

Gjald til landsjóðs:

- | | |
|---------------|------------------------|
| a. þinglýsing | 0,75 |
| b. bókun | 0,25 |
| | = Kr. 1,00 – ein króna |
| | E.Th. |



N^o 42/1884

Landamerki fyrir Fossvöllum eru þessi:

Að utan úr stórum steini utanvert á Götuhrauni í Laxá; síðan ræður hún til Jökulsár; en úr þeim sama steini í Uppgöngu á Hrafnabjörgunum þvert upp af steininum. Þaðan beina stefnu í Mjóavatnsenda fremri og Skollagrenisásenda ytri á fjall upp í lægð á fjallinu í svo nefndum Fossárdrögum; þaðan beina stefnu til Kaldár. Síðan fyrir norðan Kaldá: Úr Merargilsá fyrir utan Kaplatungu beint norður á Smjörfjöll; síðan inn fjöllin, eptir sem vötn falla til Beinavörðu. Að framan úr Illalækjarós á mitt Búrfell, þaðan í há Laxárdalshnúk, þaðan í Beinavörðu.

p.t. Fossvöllum, 21. júní 1884.

Í umboði hreppsnefndarinnar, G.J. Snædal, p.t. oddviti.

Sigurður Sigurðsson eig. Hrafnabjarga.

Guðmundur Pétursson bóndi á Hauksstöðum.

Lesið fyrir manntalsþingsrétti að Fossvöllum 21. júní 1884 og innfært í landamerkjabók Norður-Múlasýslu, bls. 38-39. –

Einar Thorlacius.

Gjald til landsjóðs:

a. þinglýsing	0,75
b. bókun	0,25
	= Kr. 1,00 – ein króna
	E.Th.



N^o 43/1884.

Landamerki fyrir Skjöldólfsstaðalandi eru þessi:

Að utanverðu úr Jökulsá í yztu Rjúkindárfoss, þaðan réttlínis í fremstu Klauf á Sandfelli, þaðan í Hellisöxl og þaðan í Geldingalæk, sem rennur úr Geldingavatni í Tunguá; að vestanverðu frá Geldingalæk inn eptir allri Fellnahlíð í Skjaldklofa; að sunnanverðu úr Skjaldklofa í sjöunda Gilsárbug og þaðan eptir Gilsá til Jökulsár. –

Jón Jónsson bóndi á Skjöldólfsstöðum

Þorfinnur Þórðarson, fyrir hönd Hjarðarhagaeigenda

Stefán Halldórsson prestur í Hofteigi.

Lesið fyrir manntalsþingsrétti að Fossvöllum hinn 21. júní 1884 og innfært í landamerkjabók Norður-Múlasýslu, bls. 39.

Einar Thorlacius.

Gjald til landsjóðs:

- | | |
|---------------|------------------------|
| a. þinglýsing | 0,75 |
| b. bókun | 0,25 |
| | = Kr. 1,00 – ein króna |
| | E.Th. |



N^o 44/1884.

Landamerki fyrir Hjarðarhagalandi eru þessi:

Að utan milli Hjarðarhaga og Hofteigs ræður Teigará og síðan sjónhending í ytra Sandfellshorn; að framan úr Jökulsá í yzta Rjúkindarfoss, þaðan réttlínis í fremstu Klauf á Sandfelli.

Hjarðarhaga, 19. júní 1884.

Sólveig Þórðardóttir, eig. Hjarðarhaga.

Stefán Halldórsson, prestur í Hofteigi.

Jón Jónsson bóndi á Skjöldólfsstöðum.

Lesið fyrir manntalsþingsrétti að Fossvöllum 21. júní 1884 og innfært í landamerkjabók Norður-Múlasýslu, bls. 40.

Einar Thorlacius.

Gjald til landsjóðs:

- | | |
|---------------|------------------------|
| a. þinglýsing | 0,75 |
| b. bókun | 0,25 |
| | = Kr. 1,00 – ein króna |
| | E.Th. |



N^o 45/1884.

Landamerki fyrir Hofteigi:

Að framan, milli Hofteigs og Hjarðarhaga, ræður Teigará og síðan sjónhending í ytra Sandfellshorn; úr Teigarárós og í vatnsgróf þá, er kölluð er Markgróf eða öðru nafni má kalla Brúargróf og þaðan réttisýnis í ós þriggja lækja skammt fram og upp af Hvannárseli og þaðan beina línu þar til vötnum hallar; að neðan er Jökulsá.

p.t. Hofteigi 20. júní 1884.

Stefán Halldórsson, prestur í Hofteigi.

Sólveig Þórðardóttir eigandi Hjarðarhaga.

Lesið fyrir manntalsþingsrétti að Fossvöllum 21. júní 1884 og innfært í landamerkjabók Norður-Múlasýslu, bls. 40. –

Einar Thorlacius.

Gjald til landsjóðs:

- | | |
|---------------|------------------------|
| a. þinglýsing | 0,75 |
| b. bókun | 0,25 |
| | = Kr. 1,00 – ein króna |
| | E.Th. |



N^o 46/1884.

Landamerki fyrir Hvanná, sem er Hofteigskyrkju eign:

Að framan eru þau sömu landamerki og talin eru fyrir Hofteigslandi að utan; að utan ræður á sú, sem kölluð er „Deild“ uppá heiðarbrún; síðan bein sjónhending og þar til vötnum deilir; að neðan Jökulsá.

p.t. Hofteigi, 20. júní 1884

Stefán Halldórsson prestur í Hofteigi.

Guðmundur Pétursson bóndi á Hauksstöðum.

Lesið fyrir manntalsþingsrétti að Fossvöllum 21. júní 1884 og innfært í landamerkjabók Norður-Múlasýslu, bls. 40-41.

Einar Thorlacius.

Gjald til landsjóðs:

- | | |
|---------------|------------------------|
| a. þinglýsing | 0,75 |
| b. bókun | 0,25 |
| | = Kr. 1,00 – ein króna |
| | E.Th. |



N^o 47/1884

Landamörk fyrir Giljum eru sem hér segir: Að framan ræður Sandá landamerkjum frá Jökulsá og uppað Þvergili þaðan bein stefna til suðurs á Miðheiði. Að utan eru landamörk á Grásteini, er stendur fast við Jökulsá, þaðan bein stefna upp á Brúarháls að vorðu, er stendur á hálsbrúninni, svo er þaðan sama stefna austur að landamerkjavörðu, er stendur við Dimmadal að neðanverðu, þaðan stefna fram að stórum steini er stendur utan á há heiðarendunum.

Skeggjastöðum, 19. júní 1884.

Jón Magnússon eigandi Gilja.

Stefán Bjarnason í Teigaseli

Kr. Kröyer eig. Fremrasels og Stórabakka.

Lesið fyrir manntalsþingsrétti að Fossvöllum 21. júní 1884 og innfært í landamerkjabók Norður-Múlasýslu, bls. 41.

Einar Thorlacius.

Gjald til landsjóðs:

- | | |
|---------------|------------------------|
| a. þinglýsing | 0,75 |
| b. bókun | 0,25 |
| | = Kr. 1,00 – ein króna |
| | E.Th. |



N^o 48/1884.

Landamörk fyrir Hnefildal eru sem hér segir: Að utan ræður Húsá landamerkjum frá Jökulsá að Kaldaklofaá, svo eru landamörk austur með Kaldaklofaá allt á Miðheiði; að framan eru landamörk við Rauðugróf við Jökulsá, þaðan stefna til suðurs upp á Hnefilsbrún, þaðan inn eptir Hnefilbrúninni inn að Dagmálasteini; úr Dagmálasteini suður í Þúfustein, þaðan stefnu til suðurs allt að Hneflu; úr Hneflu og í Mórauðavatnkvíslarós og úr honum stefna í suður til Miðheiðar. –

Hnefildal, 15. júní 1884.

Guðmundur Magnússon eigandi Hnefildals.

Hávarður Magnússon á Gauksstöðum.

Jón Magnússon eig. Skeggjastaða.

Lesið fyrir manntalsþingsrétti að Fossvöllum 21. júní 1884 og innfært í landamerkjabók Norður-Múlasýslu, bls. 42.

Einar Thorlacius.

Gjald til landsjóðs:

- | | |
|---------------|------------------------|
| a. þinglýsing | 0,75 |
| b. bókun | 0,25 |
| | = Kr. 1,00 – ein króna |
| | E.Th. |



N^o 49/1884.

Landamörk fyrir Gauksstöðum eru: Út að Rauðugróf að utan þvert upp á eggjar, þaðan beint fram á „Dagmálastein“ þaðan beint í suður í „Þúfustein“, þaðan stefnu til suðurs allt að „Hneflu“, sem þá ræður landamörkum á mitt „Villingafell“; þaðan bein stefna til norðurs í „Valagilsárfoss“, með henni niður að Jökulsá. –

Gauksstöðum, 16. júní 1884.

Hávarður Magnússon bóndi á Gauksstöðum.

Guðmundur Magnússon eig. Hnefildals.

Stefán Halldórsson prestur í Hofteigi.

Lesið fyrir manntalsþingsrétti að Fossvöllum 21. júní 1884 og innfært í landamerkjabók Norður-Múlasýslu, bls. 42.

Einar Thorlacius.

Gjald til landsjóðs:

a. þinglýsing	0,75
b. bókun	0,25
	= Kr. 1,00 – ein króna
	E.Th.



N^o 50/1884.

Landamerki fyrir Klausturseli með hjáleigunni Fossgerði:

Landamerki Klaustursels í Jökuldalshreppi eru að utan: austur með Tregagilsá frá því er hún fellur í Jökulsá og allt austur til Miðheiðar í Fljótsdalsheiði; þaðan suðvestur með Miðheiðarhálsi, allt að Vegakvísl ytri; síðan niður með Vegakvísl þar til er hún fellur í Eyvindará. Ræður Eyvindará landamerkjum eptir það að framan eða vestan, en Jökulsá að norðan. –

Rétt eptir ritað vitnisburðum þriggja bænda á Jökuldal, dagsettum 24. maí 1884

vitnar

Hrafnkelsstöðum, 14. júní 1884.

Sæbjörn Egilsson fyrir hönd P. Ólafssonar umboðsmanns.

Sigurður Gunnarsson fyrir hönd Valþjófsstaðarkyrkju.

Lesið fyrir manntalsþingsrétti að Fossvöllum 21. júní 1884 og innfært í landamerkjabók Norður-Múlasýslu, bls. 43.

Einar Thorlacius.

Gjald til landsjóðs:

- | | |
|---------------|------------------------|
| a. þinglýsing | 0,75 |
| b. bókun | 0,25 |
| | = Kr. 1,00 – ein króna |
| | E.Th. |



N^o 51/1884.

Landamerki Hreimsstaða og aðliggjandi jarða:

1. Milli Hreimsstaða og Hjartarstaða: Merkin liggja frá Gilsá upp eptir Núpsá í garð er liggur þvert upp yfir Timburhöfða og Fálkahamar í Merkigarð norðan við Núpsgerðisblá.
2. Milli Hreimsstaða og Hamragerðis: Merkjum ræður Merkigarður beina stefnu eptir Merkisundi í Hurðarbaksá og spölkorn þaðan eptir ánni.
3. Milli Hreimstaða og Hrjótar: Merkjum ræður Hurðarbaksá, þar næst Merkikeldu og þaðan bein stefna eptir Hrjótarblá í Geitabjargadal.
4. Milli Hreimsstaða og Ánastaða: Merkjum ræður Geitabjargadalur.
5. Milli Hreimsstaða og Rauðholts: Merkin liggja úr slakka í Geitabjörgum beint norður yfir þvera ása, utan undir Merkiöxl í Merkigarð að Selfljóti.
6. Milli Hreimsstaða og Ketilsstaða: Merkjum ræður Selfljót.
7. Milli Hreimsstaða og Hleinargarðs: Merkjum ræður Selfljót að Bergvaði og þaðan Gilsá.

Merki þessi samþykkjum vér undirskrifaðir.

Sigurður Magnússon á Hjartatstöðum.

Magnús Rafnsson bóndi í Hamragerði.

Magnús Jónsson á Hrjót.

Jón Magnússon á Ánastöðum.

Ármann Egilsson í Rauðholti.

Páll Þorsteinsson á Ketilsstöðum.

Þorvaldur Stefánsson á Ketilsstöðum.

Magnús Jónsson í Hleinargarði.

Lesið fyrir manntalsþingsrétti að Hjaltastað, 2. júlí 1884 og innfært í landamerkjabók Norður-Múlasýslu, bls. 43-44.

Einar Thorlacius.

Gjald til landsjóðs:

- | | |
|---------------|------------------------|
| a. þinglýsing | 0,75 |
| b. bókun | 0,25 |
| | = Kr. 1,00 – ein króna |
| | E.Th. |



N^o 52/1884.

Landamerki Hjaltastaðar og aðliggjandi jarða.

1. Milli Hjaltastaðar og Rauðholts: Frá Selfljóti á ytri Forvaða framan við Víðirnes beint yfir Forvaðaöxl og Stekkhöfða utanverðan á Merkihnjúk. Þaðan beint yfir Rauðholtsdal, Miðþrep, Breiðablá og Litla-Hólma í opið á Geitabjargadal; þar næst upp með læk í dalnum þangað til kemur að svo kölluðu neðra Merkiþrepi.
2. Milli Hjaltastaðar og Ánastaða: Úr Geitabjargardal yfir Merkiþrep neðra og efra, yfir Merkiker og Miðáshæð utan undir Brattahöfða beint austur í Kúabotnahöfða utan verða. Þaðan yfir Staðará beint á fremsta Hrúgustaðaklett yzt, upp utan undir Stóru- Kinn og í Grenisöxl utanverða. Þaðan beint yfir Vallará í Hrísrábug, þar sem Hrísrá kemur af hálsnum ofan.
3. Milli Hjaltastaðar og Kóreksstaða: Mörkum ræður Hrísrá úr Hrísrábug allt í Hrísrós. Þaðan liggja merkin beint yfir klett í Markmó að Staðará í framanverðan hvamm austan við ána, þar sem Grafargerðislækur kemur í ána að vestan.
4. Milli Hjaltastaðar og Jórvíkur. Frá Staðará eptir gömlu garðlagi í Sauðahraunamýri beint utan undir Kýrhöfða, yfir Lækjardal og Miðenni utan undir Kolluhrauni, yfir Magnúsarvörðuás beint í Merkivík, yfir Húsaklett og Miðhala beint á gamalt garðlag á austari Selfljótsbakka.
5. Milli Hjaltastaðar og Hrollaugstaða: Merkjum ræður Selfljót.
6. Milli Hjaltastaðar og Bóndastaða: Merkjum ræður Selfljót.
Hjaltastaður á ennfremur afréttarlandið Hraundal að framan og Kyrkjutungur. Ræður þar mörkum að utan Bjarglandsá, að ofan efstu fjallaeggjar, að framan bein stefna úr ytri Botndalsfjallsröð yfir Kolluups að Hölkná; og að neðan Hölkná.

Þessi merki samþykkjum vér undirskrifaðir:

Stefán Pétursson, prestur á Hjaltastað.

Ármann Egilsson, bóndi í Rauðholti.

Jón Magnússon, bóndi á Ánastöðum.

Björn Einarsson, bóndi á Kóreksstöðum.

Páll Ólafsson umboðsmaður.

Eiríkur Vilhjálmsson, R. Daníelsson, Ásgrímur Guðmundsson bændur í Jórvík.

Magnús Einarsson, M. Jónsson, Ísleifur Sæbjörnsson búendur á Hrollaugstöðum.

Bjarni Pálsson á Bóndastöðum

Halldór Magnússon á Sandbrekku

Magnús Jónsson á Hríjót

Magnús Rafnsson á Hamragerði.

Lesið fyrir manntalsþingsrétti að Hjaltastað 2. júlí 1884 og innfært í landamerkjabók Norður-Múlasýslu bls. 44-45.

Einar Thorlacius.

Gjald til landsjóðs:

a. þinglýsing 0,75

b. bókun 0,25

= Kr. 1,00 – ein króna

E.Th.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS



N^o 53/1884

Landamerkjaskrá fyrir landamerkjum Dala og nærliggjandi jarða: Milli Kóreksstaða og Dala: Úr Söðulkletti við Bjarglandsá beina stefnu í vörðu á nyrðri Mannsás, þaðan beint í vörðu á Vörðuhrauni, þaðan beint í vörðu í Krossblá, frá þeirri vörðu beint í Kerlingu, frá Kerlingu beint í Sellækjarós; þaðan skilur Bjarglandsá Sandbrekkuland og Dalaland frá Sellækjarósi og inn á móts við Söðulklett.

Dölum, 2. dag júlímánaðar 1884

Jón Einarsson eigandi Dala.

Halldór Magnússon eigandi Sandbrekku

Björn Einarsson bóndi á Kóreksstöðum.

Lesið fyrir manntalsþingsrétti að Hjaltastað, 2. júlí 1884 og innfært í landamerkjabók Norður-Múlasýslu, bls. 46. –

Einar Thorlacius.

Gjald til landsjóðs:

- | | |
|---------------|------------------------|
| a. þinglýsing | 0,75 |
| b. bókun | 0,25 |
| | = Kr. 1,00 – ein króna |
| | E.Th. |



N^o 54/1884.

Landamerkjaskrá: Landamerki milli jarðarinnar Sandbrekku og nærliggjandi jarða: Sandbrekka á land fyrir framan bæ upp við Bjarglandsá úr Sellækjarós, rétta stefnu í svokallaða Kerlingu, sem er jarðfastur steinn, er stendur á grasjaðri vestan við Arnarsetuhvamm; þaðan beina stefnu ofan blána allt í garð þann, er liggur í Kóreksstaðakíl, á hverjum stendur varða við Kíllinn; þaðan ræður Kíllinn kringum svokallaðan Stekkhólma að sunnan og vestan allt í Selfljót, sem ræður að norðan og utan; í fljótinu eru hólmar, er Sandbrekka á og nefnast Flathólmar og Oddahólmi. –

Millum Sandbrekku og Hrafnabjarga: Úr tóðu Selfljóti upp svokallaðan Bol, eður gamlan farveg Jökulsár allt í hana sjálfa og ræður hún svo landamerkjum að utan, allt í Jökul, er liggur undir Dyrfjalli; þaðan eptir háeggjum sem vötn falla til beggja hliða allt inn á Hraundalsvarp og ofan aptur Hraundalinn eptir sem Bjarglandsá rennur úr eptir.

Sandbrekku, 20. júní 1884.

Halldór Magnússon, eigandi Sandbrekku

Stefán Árnason eig. Gagnstaða og Hrafnabjarga

Jón Einarsson eigandi Dala.

Björn Einarsson bóndi á Kóreksstöðum

Porkell Bjarnarson bóndi á Klúku.

Rekamörk Sandbrekkusands:

1. Milli Sandbrekkusands að norðan og Gagnstaðarsands að austan, þegar maður stendur í meðal flóðgöngu, á há kollur á Svertlingum að bera mitt á milli tveggja grárna ráka í Ósbjargi fyrir innan Selvogsnes og kallaður hefur verið stigi. –
2. Milli Sandbrekkusands að austan og Kliptasands að norðan, þar sem yzta Kliptin í Hrafnabjargafjalli gefur sig frá Valsungaendanum, svo aðeins sjáist í lopt á milli; þar byrjar Kliptasandur.
3. Milli Kliptasands að austan og Eyrareka að norðan, þá er Stórásendi upp af Hlaupandagerði hverfur undir Hrafnabjargið, svo ekki verður að deilt hvort frá öðru; þar byrjar Eyrarreki, en Selfljótsós ræður að austan. –

Halldór Magnússon eig. Sandbrekku.

Stefán Árnason eigandi Gagnstaðarreka og umsjónarmaður Klyptasands.

Lesið fyrir manntalsþingsrétti að Hjaltastað 2. júlí 1884 og innfært í landamerkjabók Norður-Múlasýslu bls. 46-47.

Einar Thorlacius.

Gjald til landsjóðs:

- | | |
|---------------|------------------------|
| a. þinglýsing | 0,75 |
| b. bókun | 0,25 |
| | = Kr. 1,00 – ein króna |
| | E.Th. |



N^o 55/1884.

Landamerki Hrafnabjarga og aðliggjandi jarða:

1. Milli Óss og Hrafnabjarga ræður Knarará alla leið frá Selfljóti upp í svo nefnd Geldingaskörð, þaðan inn eggjar til upptaka Urðardalsár, ræður þá nefnd á landamerkjum af egg ofan Urðardal.
2. Þar er aðliggjandi Sandbrekkuland og rennur Urðardalsá í svo nefnda Jökulsá, sem ræður landamerkjum ofan fjallið þar til ofan á sléttlendi; þá ræður sá forni farvegur Jökulsár þaðan eins og hann liggur norðvestur í Selfljót – sá áður nefndi forni farvegur Jökulsár er nefndur Bolur. – Selfljót að norðan aðskilur Hrafnabjargaland frá landi Eyjabæja.

Til staðfestu eru okkar undirskrifuð nöfn.

Skrifað 7. maímán. 1884.

Stefán Árnason eigandi Hrafnabjarga.

Halldór Magnússon eig. Sandbrekku.

B. Jónsson umráðamaður Vallaness.

Þorsteinn Þorleifsson bónda á Ósi.

Lesið fyrir manntalsþingrétti að Hjaltastað, 2. júlí 1884 og innfært í landamerkjabók Norður-Múlasýslu, bls. 47-48.

Einar Thorlacius.

Gjald til landsjóðs:

- | | |
|---------------|------------------------|
| a. þinglýsing | 0,75 |
| b. bókun | 0,25 |
| | = Kr. 1,00 – ein króna |
| | E.Th. |



N^o 56/1884.

Landamerki Kóreksstaða og aðliggjandi jarða:

1. Milli Kóreksstaða og Ánastaða: Bein stefna úr Hölknárós, þar sem hún rennur í Bjarglandsá yfir Hvannafell og í Hrísfárfoss, eptir það ræður Hrísa í Hrísfárbug.
2. Milli Kóreksstaða og Hjaltastaðar: Merkjum ræður Hrísa úr Hrísfárbug allt í Hrísfáros. Þaðan liggja merkin beint yfir klett í Markmó að Staðará í framanverðan hvamm austan við ána, þar sem Grafargerðislækur kemur í ána að vestan. –
3. Milli Kóreksstaða og Jórvíkur: Merkjum ræður Staðará alla leið í Selfljót.
4. Milli Kóreksstaða og Klúku: Merkjum ræður Selfljót úr Staðaráros allt í Sandbrekkukílsós.
5. Milli Kóreksstaða og Sandbrekku: Merkin liggja úr Sandbrekkukílsós, eptir Kílnum allt að vörðu við Kóreksstaðakíl, þaðan beint í vörðu í Krossblá og beina stefnu í vörðu á Vörðuhrauni.
6. Milli Kóreksstaða og Dala: Merkjum ræður bein stefna úr vörðu á Vörðuhrauni á neðri Mannsás, þaðan beinlínis í Söðulklett við Bjarglandsá.
7. Milli Kóreksstaða og Sandbrekkuafréttar: Merkjum ræður Bjarglandsá.

Þessi merki samþykkjum vér undir skrifaðir.

Í apríl og maí mánuðum 1884

Jón Magnússon á Ánastöðum.

Björn Þorláksson prestur á Hjaltastað.

Eiríkur Vilhjálmsson bóndi í Jórvík.

Þorkell Bjarnarson bóndi á Klúku.

Halldór Magnússon eigandi Sandbrekku.

Jón Einarsson eigandi Dala.

Björn Einarsson, bóndi á Kóreksstöðum.

Rekamörk fyrir Kóreksstaðasandi.

Undirskrifaðir hafa samþykkt þessi rekamörk, nefnil. milli Kóreksstaðasands að austan, Kóreksstaðasands að norðan: maður skal standa í meðalflóðgöngu og þá svonefnd Miðþúfa miðuð á norðvestanverða Dalafjallsbrún, þar sem hún er hæst og nefndur er Snasi. Austurmörk Kóreksstaðasands við Gagnstaðarsand eru þessi: maður skal standa í meðal flóðgöngu, og þar á sandi sem Sönghofsfallið er orðið svo hátt að það hylur Dyrfjallstindinn upp að svokölluðu Sæti, sem er efst á tindinum, eru mörkin.

Takmörk milli rekæigenda og landeiganda í rekalegu tilliti eru bein lína um yztu Melþúfur þar sem mellandið fer að þéttast utanvert við Lónaleirur allar.

Sigurður Hallgrímsson, Sigríður Árnabjarnardóttir, eigendur Ketilsstaðasands.

Stefán Árnason umsjónamaður Ketilsst.sands.

Ármann Egilsson í Rauðholti hreppsnefndaroddviti.

Björn Einarsson bóndi á Kóreksstöðum.

Lesið fyrir manntalsþingsrétti að Hjaltastað 2. júlí 1884 og innfært í landamerkjabók Norður-Múlasýslu, bls. 48-49.

Einar Thorlacius.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Gjald til landsjóðs:

- a. þinglýsing 0,75
 - b. bókun 0,25
- = Kr. 1,00 – ein króna
E.Th.



N^o 57/1884.

Landamerki Gagnstaðar og aðliggjandi jarða:

1. Milli Gagnstaðar og Klúku: Merkin liggja að suðvestan verðu frá Selfljóti eptir Merkigróf upp í garð í blánni, þar næst eptir garðinum út í Hnappabyfi, úr Hnappbyfi liggja merkin beint til sjóar eptir Merkikeldu og yfir nyrzta Brunaengjavatnshólma.
2. Milli Gagnstaðar og Sandbrekku: Merkjum ræður Selfljót frá Merkigróf allt á mots við Bjarglandsárós. Af hólum í fljótinu fylgja þessir Gagnstöð: Araselshólmi og Stórhólmi.
3. Milli Gagnstaða og Heyskála: Merkin liggja úr Selfljótsbakka á móts við miðjan Bjarglandsárós beint í neðsta heygard og sömu stefnu til sjávar.

Stefán Árnason, eigandi Gagnstaðar.

Framanrituð landamerki samþykkjum vér undirskrifaðir.

Í maímánuði 1884.

Þorkell Bjarnarson bóndi í Klúku.

Halldór Magnússon eig. Sandbrekku.

Gísli Sigurðsson bóndi á Heyskálum.

Rekasandur fylgir jörðinni Gagnstöð, 200 faðmar að lengd og sanna skrifleg skjöl, sem jörðinni fylgja, að sandurinn hafi þá lengd, en merki milli hans og að liggjandi rekasanda eru þessi: að norðan, milli Gagnstaðarsands og Kóreksstaðasands, eru: að maður skal standa í meðal flóðgöngu þar sem Sönghofsfjallið er orðið svo hátt, að það Dyrfjallstindinn allan upp að þrepstalli, sem er efstur í tindinum og kallaður Sæti. Að austan, milli Gagnstaðarsands og Sandbrekkusands, er, að maður skal standa í meðalflóðgöngu þar sem Svertlings hákall ber milli tveggja grárna ráka, sem liggja á ská fram og ofan, framan vert við Selvogsnesjaðarinn og nefndur er Stigi. –

Okkur undirskrifuð nöfn.

Í maímanuði 1884.

Stefán Árnason, í Gagnstöð.

Halldór Magnússon á Sandbrekku.

Björn Einarsson á Kóreksstöðum.

Lesið fyrir manntalsþingsrétti að Hjaltastað 2. júlí 1884 og innfært í landamerkjabók Norður-Múlasýslu, bls. 50.

Einar Thorlacius.

Gjald til landsjóðs:

- | | |
|---------------|------------------------|
| a. þinglýsing | 0,75 |
| b. bókun | 0,25 |
| | = Kr. 1,00 – ein króna |
| | E.Th. |



N^o 55/1884.

Landamerkjaskrá Klúku: Landamörk að vestan og norðan milli Klúku og Hóls: Úr Engilæk beina línu í svo kallaðan Beinhól, þaðan réttlínis í Merkiker, úr Merkikeri í grafning austan við Svæðamelsenda, úr grafningi í svo kallaðan Fuglakíl, eða Fuglakílsdökk, neðan við Stóramel, þaðan beint til sjávar til yzta rekamarks (sú rekafjara fylgir ekki). Landamörk að innan: Engilækur ræður í Selfljót; eptir það ræður fljótið milli Klúku og jarðanna Jórvíkur, Kóreksstaða og Sandbrekku, allt að Merkigróf; úr Merkigróf í vörðu í blánni; úr vörðunni í svo kallað Hnappþýfi; úr Hnappþýfi beina línu í Merkikeldu, þaðan beint í nyrzta Brunaengjvatnshólma, og úr honum beint í Jórvíkurrimaenda ytri; þaðan beint til sjávar eða eins og áður er á vikið.

Klúku, 12. Apríl 1884.

Þorkell Bjarnarson, bóndi í Klúku.

Þorlákur Gíslason, bóndi í Hólshjál.

Gísli Gíslason í Hólshjál.

Halldór Magnússon bóndi á Sandbrekku.

Stefán Árnason bóndi í Gagnstöð.

Eiríkur Vilhjálmsson bóndi í Jórvík.

Magnús Einarsson, Magnús Jónsson, bændur á Hrollaugsstöðum.

Björn Einarsson bóndi á Kóreksstöðum.

Lesið fyrir manntalsþingsrétti að Hjaltastað 2. júlí 1884 og innfært í landamerkjabók Norður-Múlasýslu, bls. 51.

Einar Thorlacius.

Gjald til landsjóðs:

- | | |
|---------------|------------------------|
| a. þinglýsing | 0,75 |
| b. bókun | 0,25 |
| | = Kr. 1,00 – ein króna |
| | E.Th. |



N^o 59/1884.

Landamerki Jórvíkur og aðliggjandi jarða:

1. Milli Jórvíkur og Hjaltastaðar: Úr garðlagi á austari Selfljótsbakka yfir Miðhala og Húsklett, beint yfir Magnúsarvörðuás, utan undir Kolluhrauni, yfir Miðenni og Lækjardal utan undir Kýrhöfða, eptir gömlu garðlagi í Sauða[hra]unamýri að Staðará.
2. Milli Kóreksstaða og Jórvíkur [...] [St]aðará út í Selfljót, nema allir þrætubakkar fylgja [...] austan á.
3. Milli Klúku og Jórvíkur ræður Selfljót.
4. Milli Hrollaugsstaða og Jórvíkur ræður Selfljót.

Björn Þorláksson prestur á Hjaltastað.

Björn Einarsson bóndi á Kóreksstöðum.

Þorkell Bjarnarson bóndi á Klúku.

Magnús Jónsson, Magnús Einarsson bændur á Hrollaugsstöðum.

Jórvík 20. Júní 1884

Eiríkur Vilhjálmsson.

Lesið fyrir manntalsþingsrétti að Hjaltastað, 2. júlí 1884 og innfært í landamerkjabók Norður-Múlasýslu, bls. 51-52.

Einar Thorlacius.

Gjald til landsjóðs:

- | | |
|---------------|------------------------|
| a. þinglýsing | 0,75 |
| b. bókun | 0,25 |
| | = Kr. 1,00 – ein króna |
| | E.Th. |



N^o 60/1884.
Landamerki Víðastaða.

Milli Ásgrímsstaða og Kyrkjujarðarinnar Víðastaða á Útmannasveit eru landamerki eptir skjölum Vallanesskyrkju þessi: að framan í keldu þá eða lækjardrag, sem liggur úr Víðastaðavatni fyrir neðan Víðastaðaengi, og sjónhending ræður út í Klofasteina; úr Klofasteium sjónhending í Snorravörðu, úr Snorravörðu sjónhending í þann klett, sem kallast „Maður“, og frá Manni réttisýnis í Aurveg; en landamerki milli Víðastaða og Hrollaugsstaða eru þessi: úr austanverðum heygarði, er liggur í Vatnablá beina leið þaðan í Víðastaðavatn fremra; svo ræður Vatnalækur úr Víðastaðavatni ytra. – Landamerki milli Bóndastaða og Víðastaða eru eptir munnmælum þessi: Úr austanverðum heygarði og þaðan réttisýnis í Mýrarenni, sem er austan við hér um bil miðja svonefnda Hjálpartjörn. – Landamerki milli Dratthalastaða og Víðastaða eru eptir munnmælum þessi: Úr Kelduás er liggur í Hjálpartjarnarenda ytri og sjónhending ræður í stóran stein, er stendur á svonefndum Dratthalastaðafellshala ytri; úr þeim steini sjónhending í Klofasteina, úr Klofasteinum réttisýnis í Drattahalastaðalæk.

Samþykkt af undirskrifuðum:

Jón Þórarinsson á Víðastöðum.

Magnús Vilhjálmsson eig. úr Ásgrímst.

Magnús Einarsson, Magnús Jónsson, Ísleifur Sæbjarnason bændur á Hrollaugsstöðum.

Þórarinn Jónsson Dratthalastöðum.

Stefanía Sigfúsdóttir á Ásgrímsstöðum.

Bjarni Pálsson á Bóndastöðum.

Lesið fyrir manntalsþingsrétti að Hjaltastað 2. júlí 1884 og innfært í landamerkjabók Norður-Múlasýslu, bls. 52-53.

Einar Thorlacius.

Gjald til landsjóðs:

- | | |
|---------------|------------------------|
| a. þinglýsing | 0,75 |
| b. bókun | 0,25 |
| | = Kr. 1,00 – ein króna |
| | E.Th. |



N^o 61/1884.

Landamerki Bóndastaða í Hjaltastaðapinghá, sem er kyrkjujörð Vallanessprestakalls, eru þessi: Frá Bárðarlæk, sem rennur í Selfljót allt í svokallað Söðul framan til í Dalsásun, sem nú er nefnast Björg, svo réttlínis framanvert við Skollagrenisás og í torftyppi norður í Glámu framan við Arnarvatn, frá Arnarvatni eptir Arnarvatnskeldu út í Selvatn, frá Selvatni eptir lækjarsýki út í Hjálpartjörn, úr Hjálpartjörn í Heygarða, sem liggja við Vatnablá, þaðan réttlínis í Markhamar, úr Markhamarshorni ytra í Mjóa affall við Selfljót og svo ræður Selfljót fram að Bárðarlæk.

Samþykkt af ábúendum í kring Bóndastaðaland.

Páll Þorsteinsson á Ketilsstöðum.

Magnús Sigurðsson á Stóra Steinsvaði.

Jón Stefánsson á Ekru.

Þórarinn Jónsson á Dratthalastöðum.

Jón Þórarinsson á Víðastöðum.

Magnús Einarsson, Magnús Jónsson, Ísleifur Sæbjarnarson allir á Hrollaugstöðum.

Björn Þorláksson prestur á Hjaltastað.

Ármann Egilsson í Rauðholti.

Þorvaldur Stefánsson á Ketilsstöðum.

Lesið fyrir manntalsþingsrétti að Hjaltastað 2. júlí 1884, og innfært í landamerkjabók Norður-Múlasýslu, bls. 53. –

Einar Thorlacius.

Gjald til landsjóðs:

a. þinglýsing	0,75
b. bókun	0,25
	= Kr. 1,00 – ein króna
	E.Th.



N^o 62/1884.

Ítakalýsing kyrkjunnar í Vallanesi frá prófasti séra B. Jónssyni, dags. 13. febr. þ.á., svörum vér á þessa leið:

Sjá má af skjölum Njarðvíkurkyrkju að Vallaneskyrkja á ¼ af hvalreka í Gripdeild. En enginn veit hér hvar Eyri og Drangur er, en Kamb þekkjá menn að er til. Sama er um Teistuvog og Spakárdal að menn vita eigi um þau örnefni. –

Vér samþykkjum því fjórðung hvalreka í Gripdeild, en hin ítökin eigi. –

Njarðvík, 27. Febrúar 1884

Njarðvíkureigendur.

Lesið fyrir manntalsþingsrétti að Hjaltastað, 2. júlí 1884 og innfært í landamerkjabók Norður-Múlasýslu, bls. 54.

Einar Thorlacius.

Gjald til landsjóðs:

a. þinglýsing	0,75
b. bókun	0,25
	= Kr. 1,00 – ein króna
	E.Th.

Athugasemd:

Ítakalýsingin er ógild af því engir nafngreindir menn standa undir henni. ETh.



N^o 63/1884.

Landamerki fyrir Ketilstaðalandi: Að sunnan úr grafningnum næst utan við Miðaptansmel, þaðan beina stefnu norður í vörðu, sem er fyrir austan Tröllaskörð, svo þaðan beina stefnu út eptir í vörðu sem stendur í Flögu, þaðan í Krossstjarnarós, þaðan í Vörðuhöfða, þaðan í vörðu þá er stendur í Glámu; þaðan svo réttisýnis austur að utan í framanverðan Skollagrenisás, þaðan í Söðul, þaðan í Báðarlæk, sem rennur í Selfljót. Að austanverðu við landið ræður Selfljót landamerkjum.

Samþykkt af öllum sem land eiga að, sem eru allir hér undirskrifaðir.

Magnús Jónsson í Hleinargarði.

Sigvaldi Einarsson á Tjarnarlandi.

Sigmundur Jónsson í Gunnhildargerði, sem hefur umráð á hálfu Stóra-Steinsvaði.

Magnús Sigurðsson á Stóra-Steinsvaði.

Bjarni Pálsson á Bóndastöðum.

Ármann Egilsson í Rauðholti. Vigfús Jónsson á Hreinsstöðum.

Þorvaldur Stefánsson, Páll Þorsteinsson ábúendur á Ketilsstöðum.

Lesið fyrir manntalsþingsrétti að Hjaltastað, 2. júlí 1884 og innfært í landamerkjabók Norður-Múlasýslu, bls. 54.

Einar Thorlacius.

Gjald til landsjóðs:

- | | |
|---------------|------------------------|
| a. þinglýsing | 0,75 |
| b. bókun | 0,25 |
| | = Kr. 1,00 – ein króna |
| | E.Th. |



N^o 64/1884.

Landamörk fyrir Stóra-Steinsvaðslandi eru sem hér fylgir: Úr Lagarfljóti fyrir framan Ekrustekk austur á Kolgrafarhöfða og þaðan austur í miðjar tjarnir, sem eru í Ekrublá, og þaðan beint í vörðu á Selfellshala, þaðan í vörðu norðan á Skarðsás, svo sömu stefnu í stóran stein austan á Skarðsás, svo sömu stefnu austur fyrir utan Krummaklett og í vörðu í Glámsmýri (Glámu); þaðan svo fram að austan og í vörðu á Eyvindarhöfða, þaðan í Krossstjarnarós og úr honum í vörðu austan við svo kallaða Flögu, síðan norður í Kiðuholt, þaðan í vörðu á Merkiöxl, þaðan svo beina stefnu í Gróf í Víðirnesi að Lagarfljóti.

Skrifað 2. júlí 1884.

Magnús Sigurðsson á Stóra-Steinsvaði.

Sigmundur Jónsson í Gunnhildargerði umráðamaður ½ Stóra-Steinsvaði.

Jón Stefánsson eigandi Ekru.

Bjarni Pálsson bóndi á Bóndastöðum.

Sigvaldi Einarsson bóndi á Tjarnalandi.

Páll Þorsteinsson, Þorvaldur Stefánsson bændur á Ketilsstöðum.

Lesið fyrir manntalsþingsrétti að Hjaltastað, 2. júlí 1884 og innfært í landamerkjabók Norður-Múlasýslu bls. 55.

Einar Thorlacius.

Gjald til landsjóðs:

- | | |
|---------------|------------------------|
| a. þinglýsing | 0,75 |
| b. bókun | 0,25 |
| | = Kr. 1,00 – ein króna |
| | E.Th. |



N^o 65/1884.

Landamörk fyrir Ekrulandi: Að utan, upp fra Lagarfljóti, upp á milli Lága, þaðan beint austur í Háahraun, þaðan í vörðu í Krókavatsnblá og austur í Hagabjarg, þaðan inn í Arnarvatnskeldu og þaðan beina línu í vörðu, sem stendur í Glámu og þaðan beint norður utanvert við Krummaklett og í stóran stein, sem stendur austan á Skarðsásnum, þaðan í vörðu norðan á ásnum og svo í vörðu á Selfellshala, þaðan í miðjar tjarnir, sem eru í Ekrublá og þaðan á Kolgrafarhöfða, þaðan beina línu ofan fyrir framan Ekrustekk ofan í Lagarfljót.

Ekru, 1. júlí 1884.

Jón Stefánsson eigandi Ekru.

Jón Stefánsson á Dratthalastöðum.

Þórarinn Jónsson á Hallgeirsstöðum

Magnús Sigurðsson á Stóra-Steinvaði.

Bjarni Pálsson á Bóndastöðum.

Lesið fyrir manntalsþingsrétti að Hjaltastað, 2. júlí 1884 og innfært í landamerkjabók Norður-Múlasýslu, bls. 55-56.

Einar Thorlacius.

Gjald til landsjóðs:

- | | |
|---------------|------------------------|
| a. þinglýsing | 0,75 |
| b. bókun | 0,25 |
| | = Kr. 1,00 – ein króna |
| | E.Th. |



N^o 66/1884.

Landamerki Snotruness: Landamerki milli Ness og Geitavíkur eru þessi: Úr vörðu, sem er á bökkunum milli Púfulágar og Grafgils, frá henni í Grafargilsups, upp miðjan Stórskriðnadal upp á vörp; svo eru þau landamerki út fjallaraðir. Að neðan úr Böðmálshlein beint upp í fjallstindinn.

Árman Egilsson, Sigurborg Egilsdóttir eigendur Snotruness.

Samþykkja: Sigurborg Egilsdóttir, Sigurður Jónsson, Helgi Jónsson, Björn Sigurðsson bændur í Njarðvík.

Lesið fyrir manntalsþingsrétti að Desjarmýri 4. júlí 1884 og innfært í landamerkjabók Norður-Múlasýslu, bls. 56.

Einar Thorlacius.

Gjald til landsjóðs:

- | | |
|---------------|------------------------|
| a. þinglýsing | 0,75 |
| b. bókun | 0,25 |
| | = Kr. 1,00 – ein króna |
| | E.Th. |



N^o 67/1884

Landamerki Geitavíkur: Landamörk milli Geitavíkur og Bakka eru þessi: Merkilækurinn frá fjöru upp í Tjarnarbotna og þaðan bein stefna úr honum upp í varp framan undir Geitavíkurþúfu. Að ofan ráða fjallavörp landamerkjum. Milli Geitavíkur og Snotruness eru landamerki frá sjó í vörðu, sem er á bökkunum milli Þúfulágar og Grafgils, frá henni stefnan í Grafgilsups, svo upp miðjan Stórskriðnadal upp í vörp.

Geitavík, 8. Febrúar 1884.

Sigurborg Egilsdóttir eigandi Geitavíkur.

Samþykktur:

Stefán Benediktsson, Þorvaldur Stefánsson, Egill Árnason eigendur og ábúendur Bakka.

Ármann Egilsson meðeig. Snotruness.

Lesið fyrir manntalsþingsrétti að Desjarmýri, 4. júlí 1884 og innfært í landamerkjabók Norður-Múlasýslu, bls. 56-57.

Einar Thorlacius.

Gjald til landsjóðs:

- | | |
|---------------|------------------------|
| a. þinglýsing | 0,75 |
| b. bókun | 0,25 |
| | = Kr. 1,00 – ein króna |
| | E.Th. |



N^o 68/1884

Landamerki Bakka með Bakkagerði: Landamerki milli Bakka, Bakkagerðis og Geitavíkur eru þessi: Merkilækurinn frá sjó upp í Tjarnarbotna og úr honum þar beint upp í vörp framanvið Geitavíkurþúfu. Að neðan er Fjarðaráin landamerki. Að framan: Úr Grænutópt upp í Merkiþúfuna á Mónunum, úr henni bein stefna í yzta Grjótárbug, svo ræður Grjótáin upp í Brandsbalalækjarósinn, svo er Brandsbalalækurinn landamerki upp úr Brandsláginni, og svo beint úr honum upp í Grjótárgilið, svo er Grjótáin merkilína upp í fjallavörpin. Að ofan eru efstu fjallavörp landamerki, frá ytra Dyrfjalli út undir Geitavíkurþúfu.

Ítök eða önnur hlunnindi vitum við eigi að aðrar jarðir eigi hér í, eða fyrir þessum jörðum okkar og eig heldur þær í annara jörðum eða fyrir þeim.

Bakka, 24. maí 1884.

Stefán Benediktsson, Þorvarður Stefánsson, Egill Árnason eigendur og ábúendur Bakka.

Gísli Jónsson meðeig. Jökulsár.

Sigurborg Egilsdóttir meðeig. Geitavíkur.

Gísli Benediktsson á Hofströnd.

Lesið fyrir manntalsþingsrétti að Desjarmýri 4. júlí 1884 og innfært í landamerkjabók Norður-Múlasýslu, bls. 57-58.

Einar Thorlacius.

Gjald til landsjóðs:

- | | |
|---------------|------------------------|
| a. þinglýsing | 0,75 |
| b. bókun | 0,25 |
| | = Kr. 1,00 – ein króna |
| | E.Th. |



N^o 69/1884

Landamerki Jökulsár og nærliggjandi jarða skulu eptirleiðis vera þessi:

Milli Bakka, Bakkagerðis og Jökulsár: Úr svokallaðri Grænutópt sem er á Fjarðararbökkunum – í Merkiþúfu upp á mounum, úr henni bein stefna í yztu Grjótárbug, þá Grjótáin úr yzta bug hennar upp í Brandsbalalækjárós, hann er landamerki jarðanna upp fyrir Brandsbalalágina, svo beina stefnu þar úr honum upp í Grjótárgilið, eptir það er Grjótáin landamerki upp í Grjótal upp í varp utan undir Dyrfjallinu. –

Milli Desjamýrar og Jökulsár: er Fjarðaráin frá Grænutópt, sem er á Fjarðararbakkanum utan við Grjótárásinn og í landamerki milli Hvals og Jökulsár. Milli Hvals og Jökulsár eru landamerki úr djúpu láginni, sem er fyrir framan Melshornið framan við Jökulsána, og í vörðu upp af henni (láginni) á börðunum ofan við eyrarnar, bein stefna í lágina utan við Ærhólinn, og úr henni upp í Jökulsána utan undir Strípahrauni, þar fyrir ofan er Jökulsáin landamerki upp Jökulsdalinn í miðja Þverhryggi og upp í Jökulbotn, sem er í sveifinni framan og neðan undir ytra Dyrfjallinu.

Rekaítak á Jökulsá frá Fjarðararósi á Sandinum austur á móts við Lónstjarnarkíl, þar sem hann bugar beint að innan út að Sandinum.

Önnur hlunnindi vitum við ekki að Jökulsá eigi í öðrum jörðum og eigi heldur aðrar jarðir í Jökulsárlandi. –

Jökulsá, 30. maí 1883.

Stefán Hrólffsson, Gísli Jónsson eigendur Jökulsár.

Samþykkt af undirskrifuðum

Stefán Benediktsson, Þorvarður Stefánsson Egill Árnason, Jón Stefánsson eigendur og ábúendur jarðanna Bakka og Bakkagerðis.

Samþykkt af eigendur jarðarinnar Hvals:

Samþykkt af eiganda jarðarinnar Hofstrandar rekaítakið Gísla Benediktsyni.

Lesið fyrir manntalsþingsrétti að Desjarmýri 4. júlí 1884 og innfært í landamerkjabók Norður-Múlasýslu, bls. 58-59.

Einar Thorlacius.

Gjald til landsjóðs:

- | | |
|---------------|------------------------|
| a. þinglýsing | 0,75 |
| b. bókun | 0,25 |
| | = Kr. 1,00 – ein króna |
| | E.Th. |



N^o 70/1884

Landamerki jarðarinnar Gilsárvallar með Gilsárvallahjáleigu: Milli Hvolfs og Gilsárvala ræður lækur frá Fjarðará upp í Mæliskarð, upp Mælihrygg upp austan í Dyrfjall. Milli Hólalands og Gilsárvala eru landamerki úr vörðu á Aurnum upp í krókinn á Merkilæknum, þar sem hann fellur úr hlíðinni, eptir það ræður lækurinn upp í Mjóadal og þaðan beint upp austan á Tindfellsöxl. Tunguna milli Fjarðará og Þverár á Gilsárvöllum einn að Merkigarði. – Afréttarland á Gilsárvöllum milli Lambadalsár og Skúmhettuár inn á vörp. – Rekastykki á Gilsárvöllum í Hofstrandarkrök, frá Hvíthellu norður þangað sem hólminn kemur fram undan Láhamrinum niður við sjávarmál. –

Ólafur Stefánsson, Jón Árnason, Eyjólfur Þorkelsson, Kristín Jónsdóttir, Gísli Benediktsson, eigendur jarðarinnar.

Jón Stefánsson, ábúandi Gilsárvala.

Samþykkt af undirskrifuðum:

Sveinn Guðmundsson í Dölum.

Sigurður Árnason á Hólalandi sem fullmektugur eigandans

Guðrún Stefánsdóttir á Setbergi.

Stefán Benediktsson fyrir hönd Desjamýrarprests.

Lesið fyrir manntalsþingsrétti að Desjamýri 4. júlí 1884 og innfært í landamerkjabók Norður-Múlasýslu, bls. 59.

Einar Thorlacius.

Gjald til landsjóðs:

- | | |
|---------------|------------------------|
| a. þinglýsing | 0,75 |
| b. bókun | 0,25 |
| | = Kr. 1,00 – ein króna |
| | E.Th. |



N^o 71/1884

Landamerkjaskrá fyrir landamörkum jarðarinnar Hólalands.

Að neðan ræður Fjarðará inn í Mýrnesskörð, síðan fjallgarðurinn alla leið þar sem vötn að draga út á ytri Tindfellsöxl; frá Tindfellsöxl ytri beint ofan í Mjóadal framan við háa Hrók; þaðan ræður lækur merkjum ofan að Aur, þangað sem hann fellur í Krók út eptir; síðan úr þeim krók beina stefnu í vörðu, sem stendur við Fjarðará. –

Hólalandi, 4. júlí 1884.

Sigurður Arnason í umboði eigandans

Stefán Jónsson í umboði eigandans.

Þessi landamerki samþykkjum við undirskrifaðir:

Jón Stefánsson á Gilsárvelli

Þorsteinn Ólafsson á Gilsárvelli.

Lesið fyrir manntalsþingsrétti að Desjarmýri 4. júlí 1884 og innfært í landamerkjabók Norður-Múlasýslu, bls. 60.

Einar Thorlacius.

Gjald til landsjóðs:

- | | |
|---------------|------------------------|
| a. þinglýsing | 0,75 |
| b. bókun | 0,25 |
| | = Kr. 1,00 – ein króna |
| | E.Th. |



N^o 72/1884.

Landamerki jarðarinnar Hofstrandar í Borgarfirði eru þessi: Að utan ræður Laxá frá sjó upp til fjalls í vorðu á Brúnavíkurskarði; svo inn eptir fjallaröðum inn á Grenishæðir. Að innan eru landamerki svokölluð Folaldsgjót niður í Fjarðará og beina stefnu upp í Miðstríp á Grenishæðum, að neðan Fjarðará út að sjó.

Gísli Benediktsson eig. Hofstrandar
Snjólfur Sveinsson bónda á Þrándarstöðum
Þorsteinn Magnússon bóndi í Höfn.

Lesið fyrir manntalsþingsrétti að Desjarmýri, 4. júlí 1884 og innfært í landamerkjabók Norður-Múlasýslu, bls. 60.

Einar Thorlacius.

Gjald til landsjóðs:

- | | |
|---------------|------------------------|
| a. þinglýsing | 0,75 |
| b. bókun | 0,25 |
| | = Kr. 1,00 – ein króna |
| | E.Th. |



N^o 73/1884

Landamerki Brúnavíkur að innan, eru af Gagnheiði ofan Práandarhrygg, þaðan út á Svartafell og svo út allar fjallaraðir eptir því sem vötn falla til Víkurinnar og svo út Almenningsröð í mitt Flesjarsund. Og svo að sunnan af Gagnheiði og út fjallaraðir í Æðarsker. Hvalvík á allt sitt land ítölulaust fjallstinda á milli austur í Glettingsgjá. –

Reka norður í Æðarsker, en að austan í vog niður undan Glettingsbrún.

Brúnavík, 3. júlí 1884.

Steinn Sigurðsson.

Samþykkir þessum landamerkjum eru:

Þorsteinn Magnússon í Höfn.

Magnús Benónísson á Glettingsnesi.

Guðni Stefánsson í Kjólsvík.

Einar Sigfússon í Breiðuvík.

Páll Geirmundsson í Breiðuvík

Gísli Benediktsson á Hofsströnd

Snjólfur Sveinsson á Práandarstöðum.

Lesið fyrir manntalsþingsrétti að Desjarmýri 4. júlí 1884 og innfært í landamerkjabók Norður-Múlasýslu, bls. 61.

Einar Thorlacius.

Gjald til landsjóðs:

a. þinglýsing	0,75
b. bókun	0,25
	= Kr. 1,00 – ein króna
	E.Th.



N^o 1/1885.

Landamerki Bóndastaða í Hjaltastaðþinghá sem er kyrkjujörð Vallaness-prestakalls, eru þessi:
Frá Bárðarlæk, sem rennur í Selfljót allt í svokallaðan Söðul framan til í Dalsásunum, svo réttlínis
framanvert við Skollagrensiás, þaðan í lækjarsýki, sem rennur í Arnarvatn, og svo fyrir utan
Arnarvatnskeldu; þaðan í lækinn, sem rennur í Hjálpartjörn, úr Hjálpartjörn í Heygarða, sem liggja við
Vatnablá, þaðan réttlínis í Markhamar, úr Markhamarshorni ytra í Mjóaaftall við Selfljót og ræður svo
Selfljót fram að Bárðarlæk.

Samþykkt af undirskrifuðum.

Þórarinn Jónsson á Dratthalastöðum.

Jón Stefánsson á Ekru.

Jón Þórarinsson á Víðastöðum.

Páll Þorsteinsson á Ketilsstöðum.

Ármann Egilsson í Rauðholti.

Magnús Sigurðsson á Stóra-Steinvaði.

Magnús Einarsson, Magnús Jónsson, Ísleifur Sæbjarnarson á Hrollaugsstöðum.

Björn Þorláksson, prestur á Hjaltastað.

Framangreind landamerki samþykkir umráðamaður Vallaness-prestakalls: B. Jónsson.

Innfært til þinglýsingar í landamerkjabók Norður-Múlasýslu hinn 27. maí 1885, bls. 61-62.

Þinglýst á Hjaltastaðarmanntalsþingi, 10. júní 1885.

EThorlacius.

Gjald til landsjóðs:

a. þinglýsing	0,75
b. bókun	0,25
	= Kr. 1,00 – ein króna
	E.Th.



N^o 2/1885

Landamerki milli Litlabakka og Hrærekslækjar eru samkvæmt samningi, er eigendur nefndra jarða gjörðu milli sín 6. júní 1884:

Bein sjónhending úr landamerkjavörðu þeirri, sem stendur á svonefndu Hagaholti við Jökulsá, þaðan beina stefnu austur í þúfu, sem stendur yzt á svo kölluðum Markmó þar sem hann er hæstur, þaðan sjónhending eftir sömu mörkum austur í svo kallaðan Grafnalæk.

Milli Hallfreðarstaða og Litlabakka ræður Grafnalækur fram í Grænukeldu, þá ræður Grænakelda að vörðu, sem hlaðin er þar sem Grænakelda hættir, þá ræður sjónhending í stóran stein, er stendur norðan á svokölluðum Nóntanga, þaðan aptur sjónhending í vörðu þá er Píkuvarða heitir og stendur á kletti fyrir framan og sunnan kyrkjuveginn. Svo ræður sjónhending úr Píkuvörðu og í vörðu þá, er hlaðin er framan við Lækjardalinn; úr þeirri vörðu sjónhending í Rauðalækjarfoss, þaðan beint í vörðu við Jökulsá, og er það landamerki milli Litlabakka og Stórabakka. –

Aths. Jafnvel þótt beitarhússtæði frá Litlabakka á svonefndum Geirsstöðum sé ofnærri Hrærekslækjarlandi, má þar óátalið byggja samkvæmt samningi eigenda nefndra jarða frá 6. júní 1861.

Litlabakka, 21. júní 1884.

Stefán Árnason eigandi Hrærekslækjar.

Stefán Sigurðsson eigandi Litlabakka.

Páll Ólafsson eigandi Hallfreðarstaða.

Þinglýst á Fossvallamanntalsþingi 5. júní 1885 og innfært í landamerkjabók Norður-Múlasýslu bls. 62-63.

Einar Thorlacius.

Gjald til landsjóðs:

- | | |
|---------------|------------------------|
| a. þinglýsing | 0,75 |
| b. bókun | 0,25 |
| | = Kr. 1,00 – ein króna |
| | E.Th. |



N^o 3/1885.

Landamerki milli Hrærekslækjar og aðliggjandi jarða.

1. Milli Litla-Bakka og Hrærekslækjar er varðan á Hagaholti norður við Jökulsá, bein lína í þúfu yzt á Markamó þar sem hann er hæstur, og þaðan beint eftir áður nefndum merkjum austur í Græfnalæk.
2. Milli Hrærekslækjar og Hallfreðastaða úr áður nefndum læk, nokkru ofar ræður merkjum garður austur á Stekkáshala, sem er fyrir austan Byrgisás, út eftir honum, þá er
3. Kyrkjubæjarland til móts og eru merkin bein lína úr áður nefndum ásenda út í Fiskilæk, sem rennur í Gljúfravatn, þá ræður merkjum áður nefnt vatn; þá tekur Galtastaðaland við.
4. Milli Hrærekslækjar og Galtastaða eru merki frá innan verðum Hrærekslækjarós úr vörðunni á Vörðuhrauni, þaðan beint í yzta Hesthamarshorn í Kyrkjubæjarlandi, en sem athugasemd er, að Hrærekslækjar-land nær ekki lengra en austur á móts við áður nefnt Gljúfravatn.

M. Einarsson eig. Bustarfells.

Þinglýst á Vopnafjarðarmanntalsþingi 11. júní 1886 og innfært í landamerkjabók Norður-Múlasýslu bls. 94.

Einar Thorlacius

Gjald til landsjóðs:

a. þinglýsing	0,75
b. bókun	0,25
	= Kr. 1,00 – ein króna
	E.Th.



N^o 6/1886.
Landamerkjabréf.

Jörðin Hamar í Vopnafjarðarhreppi á land innan þeirra landamerkja er nú skulu greind: að austan og sunnan liggur Selá, er fellur eftir endilöngum Selárdal; að innan eða vestan liggur Þverá, sem kölluð er Almenningsá hin innri; hefur hún upptök undir Kistufelli og fellur niður í Selá; að norðan liggja Kistufellsurðir; að utan eða austan er svo kölluð Merkigróf, er liggur frá Urðarufs niður að Selá.

Þessu til staðfestu mitt nafn.

Ytri-Hamri, 25. júní 1885.

Einar Jónsson, eig. Hamars.

Jón Jónsson umboðsm. Mælifells.

Steffán Jónasson, eigandi Þorvaldsstaða.

Vottar:

Árni Sigurðsson.

Einar Helgason.

Þinglýst á Vopnafjarðarmanntalsþingi 11. júní 1886 og innfært í landamerkjabók Norður-Múlasýslu, bls. 95.

Einar Thorlacius

Gjald til landsjóðs:

- | | |
|---------------|------------------------|
| a. þinglýsing | 0,75 |
| b. bókun | 0,25 |
| | = Kr. 1,00 – ein króna |
| | E.Th. |



N^o 7/1886.
Landamerkjabréf.

Jörðin Þorvaldsstaðir í Vopnafjarðarhrepp á land innan þeirra landamerkja, er nú skulu greind: að austan og sunnan er Selá, er fellur eftir endilöngum Selárdal; að innan eða vestan er svo kölluð Merkigróf, sem liggur undan Urðarufs í Selá niður; að norðan er Miðfjarðaá, er rennur út Miðfjarðarárdrög og út norður heiði; að utan er Kistufellslækur fyrir norðan Urðir, á Urðunum Almenningsárvötn, fyrir neðan Urðir Almenningsá, er fellur í Selá.

Þorvaldsstöðum, 25. júní 1885.

Stefán Jónasson eig. Þorvaldsst.

Einar Jónsson, eig. Hamars.

Stefán Jónsson (bóndi) á Leifsstöðum.

Vottar:

Árni Sigurðsson.

Einar Jónsson.

Þinglýst á Vopnafjarðarmanntalsþingi 11. júní 1886 og innfært í landamerkjabók Norður-Múlasýslu, bls. 95.

Einar Thorlacius

Gjald til landsjóðs:

- | | |
|---------------|------------------------|
| a. þinglýsing | 0,75 |
| b. bókun | 0,25 |
| | = Kr. 1,00 – ein króna |
| | E.Th. |



N^o 8/1886.

Hvammsgerði:

Ár 1884, dag 7. júní mánaðar var gjört álit á landamerki Hvammsgerðis í Vopnafirði. Viðstaddir voru eigendur og ábúendur næst liggjandi jarða. Að austan ræður Selá; að sunnan og vestan milli Hvammsgerðis og Hróaldsstaða ræður Hvammsá alla leið vestur í Hvammsárvatn; að utan og norðan milli Hvammsgerðis og Hámundarstaða, er Borgarlækur og úr honum í vörðu á svo kölluðum Efstamel, þaðan bein stefna í stóran stein tvíklofinn á Miðöxl, þaðan aftur bein lína í ytri Hágangsröð.

Staddir að Hvammsgerði sama ár og dag, sem að ofan er greint.

Þorfinnur Þórðarson, eigandi að Hvammsgerði.

Guðvaldur Jónsson, Einar Jónsson eigendur Hámundarstaða.

Jóhann Þorsteinsson, ábúandi á Hróaldsstöðum.

Þinglýst á Vopnafjarðarmanntalsþingi 11. júní 1886 og innfært í landamerkjabók Norður-Múlasýslu bls. 96.

Einar Thorlacius

Gjald til landsjóðs:

- | | |
|---------------|------------------------|
| a. þinglýsing | 0,75 |
| b. bókun | 0,25 |
| | = Kr. 1,00 – ein króna |
| | E.Th. |



N^o 9/1886.

Landamerki Unaóss ásamt afbýlinu Heyskálum eru þessi: Milli Hrafnabjarga og Óss ræður Knarará alla leið frá Selfljóti upp í svo nefnd Geldingaskörð, þaðan, eða frá Geldingaskörðum og út eftir eggjum.

Aftur eru mörkin norðan Selfljóts milli Gagnstaðar og Heyskála þessi: Úr Selfljótsbakka móts við miðjan Bjarglandssárós beint neðsta heygarð og eftir sömu stefnu til sjávar.

Milli Óss og Njarðvíkur; þaðan sem Hrafnabjargarland sleppur út vörp og eggjar út á Gönguskarðsvarp, þaðan út Smátindafjall í Grasdalsvarp, þaðan út eggjar norðan megin dalsins og fram á tanga þann, sem skilur Ólafssand að sunnan og Gripdeild að norðan.

Eftir máldögum Vilchins og Gísla biskups á Vallanesskirkja fjórðung hvalreka í Gripdeild, er liggur milli Selvogsness og Ólafssands.

Ofanrituð landamerki samþykkir umráðamaður Vallanesskirkju.

Vallanesi, 8. maí 1885.

B. Jónsson.

Ofanskrifaða landamerkjaskrá samþykkjum við undirskrifaðir.

Sigurður Jónsson, Björn Sigurðsson eigendur og ábúendur Njarðvíkur.

Framanskrifuð landamerki milli Hrafnabjarga og Njarðvíkur og svo milli Heyskála og Gagnstaðarlanda samþykki ég undirskrifaður sem eigandi og ábúandi
Stefán Árnason í Gagnstöð.

Þinglýst á rmanntalsþingi að Hjaltastað 2. júní 1886 og innfært í landamerkjabók Norður-Múlasýslu, bls. 96-97.

Einar Thorlacius

Gjald til landsjóðs:

- | | |
|---------------|------------------------|
| a. þinglýsing | 0,75 |
| b. bókun | 0,25 |
| | = Kr. 1,00 – ein króna |
| | E.Th. |



N^o 10/1886.

Glettingsnes á land uppá á Glettingsbrún, og reka að norðan í Vog niður undan Glettingsbrún, en að sunnanverðu reka í Klöpp, sem stendur við Löngumalarenda að sunnanverðu.

Magnús Benónísson (ábúandi á Glettingsnesi)

Steinn Sigurðsson (eigandi Brúnarvíkur)

Guðni Stefánsson, (ábúandi Kjólsvíkur)

Jón Sveinsson.

Þinglýst á rmanntalsþingi að Desjarmýri 5. júlí 1886 og innfærð í landamerkjabók Norður-Múlasýslu, bls. 97.

Einar Thorlacius

Gjald til landsjóðs:

- | | |
|---------------|------------------------|
| a. þinglýsing | 0,75 |
| b. bókun | 0,25 |
| | = Kr. 1,00 – ein króna |
| | E.Th. |



N^o 1/1887.

Landamerki fyrir jörðinni Firði með hjáleigunum Fjarðarseli og Odda í Seyðisfjarðarhreppi eru þau, sem nú skal greina:

Landeign Fjarðar nær þar frá er vötnum hallar á Fjarðarheiði ofan til Seyðisfjarðar og út með firðin beggjamegin, takmarkast landið að sunnanverðu fjarðarins og svo nefndum Grjótgörðum að utan, en norðan megin ræður Vestdalsá þaðan er vötnum hallar á Vestdalsheiði og niður á svo nefnda Arnarklettabrún. Þaðan gengur merkjalínan úr einkennilegum stríp í gjótum, er myndast í Arnarklettabeltum, í beina stefnu eftir sjónhending í sjó niður.

Merkjalýsing þessi hefur verið sýnd öllum þeim, er land eiga að og er hún til staðfestu undirskrifuð með nöfnum allra hlutaðeigenda.

Firði, 3. júlí 1886.

Fyrir hönd Björns Jónssonar í Sleðbrjótsseli: Sigurður Jónsson.

Ólafur Sigurðsson.

Ragnhildur Tómasóttir.

Fyrir hönd Sörlastaða eigenda: Stefán Einarsson.

Fyrir hönd Gránufélags í Vestdalseyri:

Grönvald.

Ólafur Ásgeirsson eigandi Vestdals.

Þinglýst á Dvergasteinsranningsþingi 10. júní 1887 og innfærð í landamerkjabók Norður-Múlasýslu, bls. 98.

Einar Thorlacius

Gjald til landsjóðs:

- | | |
|---------------|------------------------|
| a. þinglýsing | 0,75 |
| b. bókun | 0,25 |
| | = Kr. 1,00 – ein króna |
| | E.Th. |



N^o 2/1887.

Eftirrit. Bréfab. Br.Sv. 273 AM. fol. 34 (57).

Nyrðra Skalaness I Vopnafirði merkin áreið.

Anno 1660 22 Augusti riðu þeir bpin M. Brynjólfur Ston og erlegur sæmdar mann Biarne Oddsson a landamerke þessi. Fyrst a milli jarðanna Torfastaða og Nyrðra Skalaness I Vopnafirði með því bpin hafði aður til eignar sellt Biarna Oddssyni jörðina Torfastadi viliandi utskyra þau merki, sem þeirra jarða i milli være eftir þeim brefum sem þar um hafði bpen, greinandi Kiðuklett til landamerkis þeirra I milli. Baru það skilrykir menn þar viðstaddur Johann Vilhialmsson, sem sagdist tuttugu ár búíð hafa á Ljotzstodum og Olafur Jonssen á Asbrandsstöðum sem á átianda ár hafði hier i Voknafirdi vered, enn búed tvö ár a Torfastoðum, og hefði þeir almennilega heyrnt nefndan Kiðuklett þann klett sem stendur I halsenum f framan og handan Torfastaði, en framan og ofan Grámerarholt, og það án motmælis af elldri mönnum lofandi þar við að standa með fullnaðar handsolum við bpinn. Því tilsagdi bpin Biarna Oddssyne með Torfastodum þennann Kiðuklett til landamerkia hvar Biarni ecki I mót mælti. Gnæfir sa klettur fram og er auðkendur fra odrum þar I halsenum af því að leingst sier til hans, en ur honum ræður sjónhending ofan I Vestrardalsá og upp I halsen, siðan ræður Vesturá ofan I ós, hið neðra, en háhálsinn hið efra ut eptir allt að Buðar Öxl hinni nyrðri, so enn hæðirnar ut efter. Vill Biarne Oddsson hallda milli Skalanesianna sie landamerki Þórshaffn hin nyrðri, en bpin eptir kaupbrefi herra Odds og tilsögn Þorðar heitins Biornssonar sem honum seldi Skalanes Anno 1595 ut á Tangahorn, hvad bpin meinti synast mundi f utan Þorshofn hina ytre. Og með því Petur yngre Biarnason hvor þa átti eystra Skalanes vændist þar að brefum, þa löglögðu þeir bpin og Petur Biarnafon yngri þennann greinarmun merkiana milli Skalanesianna, og sin skiöl under dandismanna alit á næsta mantalsþing á Asbrandsstöðum með fullnaðara handsölum, en Hialta Jonsyni gaf nu bpin sitt umboð að standa f því máli fyrer sína hond i undirskrifaðra danumanna viðurvist. I sama sinne lysti bpin M. Brynjolfur S.son því fyrir Biarna Oddsyni og Petri yngra Biarnasyni, sömu dánumönnum viðverandi, þar þeir riðu hia Drangaklettum að hann eftir sinum skiölum hielde þá Drangakletta riett landamerki vera milli Asbrandsstaða og eystra-Skálaness, og mælti hvorugur þeirra feðga þar i moti, sem eigandi voru Skalaness, heldur medkendi Biarne Oddsson sig i þa Drangakletta halldið og lögfest hafa. Standa þeir Drangaklettar f utan Brunna, milli Asbrands staða Skála og Jons Skála. For allt þetta aðurskrifað fram i ærlegra manna viðurvist, sera Arna Halldorssonar, Þorgrims Guðmundssonar, lögrettumanns og sysluumboðsmanns I þessu takmarke, Johanns Vilhialmssonar, Olafs Jonssonar, Odds Eyolfssonar, Hjalta Jonssonar, Daða Halldorssonar, Arna Jonssonar, Sigurðar Guðnasonar, og thil sannenda Vitnis hier um setja þeir sinar handskifter hier under.

Asbrandsstöðum í Voknafirði Anno 1660, 22. Aug.

Biarne Odelsson M.E.H.

Arni Halldorsson

Þorgrymur Guðmundsson E.H.

Johan Villemsson E.H.

Olafur Jonss. E.H.

Oddur Eyolfsson Meh.

Davið Halldorsson

Arne Jonsson E.H.

Hiallti Jonsson E.H.

Sigurður Guðnason með eigen hende.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Að þetta sé rétt dregið út úr bréfabók Brynjólfs biskups Sveinssonar, það vottast hér með notarialitu eftir nákvæman samanburð.

Notarialskrifstofu Reykjavíkur, 1. febrúar 1887.

Halldor Danielsson.

Borgun 25 aur.

Tuttugu og fimm aur. Borguð.

Halldór Danielsson.

Þinglýst á Vopnafjarðarmanntalsþingi 21. júlí 1887 og innfært í landamerkjabók Norður-Múlasýslu, bls. 99-100.

Einar Thorlacius

Gjald til landsjóðs:

- | | |
|---------------|------------------------|
| a. þinglýsing | 0,75 |
| b. bókun | 0,25 |
| | = Kr. 1,00 – ein króna |
| | E.Th. |



N^o 3/1887

Teigur.

Að utan ræður Rangá það sem hún nær, svo sjónhending í Oddsgil, er ræður móts við Oddsgilssteina. Þaðan sjónhending sunnan við Sandfell í kollóttan mel sunnan við fjallshnausinn, þaðan í Sandvík við Nikurvatn. Úr vatninu ræður Teigará í Hofsa og hún svo að Rangarósi.

Jón Jónsson, próf. að Hofi.

M. Einarsson, (eig. Bustarfells)

Kr. Jóhannsson (bóndi á Haukstöðum).

V. Sigfússon varaoddviti

Helga Sigmundsdóttir.

Þinglýst á Vopnafjarðarmanntalsþingi 21. júlí 1887 og innfærð í landamerkbók Norður-Múlasýslu, bls. 101.

Einar Thorlacius

Gjald til landsjóðs:

- | | |
|---------------|------------------------|
| a. þinglýsing | 0,75 |
| b. bókun | 0,25 |
| | = Kr. 1,00 – ein króna |
| | E.Th. |



N^o 4/1887

Landamerki Steinvarartungu.

Að austan ræður Tungná suður á heiði að syðri Geldingalæk þar sem hann fellur í nefnda á, þaðan sjónhending í Kolfinnulind, þaðan beint í syðra Brunahorn og svo í þriðju bug á Hofsá, síðan ræður hún þar til Tungná fellur í hana.

Hofi 12. ágúst 1886.

Jón Jónsson (próf. á Hofi)

Matusalem Einarsson (eig. Bustarfells)

Gestur Sigurðsson eig. Foss.

Þinglýst á Vopnafjarðarmanntalsþingi 21. júlí 1887 og innfærð í landamerkjabók Norður-Múlasýslu, bls. 101.

Einar Thorlacius

Gjald til landsjóðs:

- | | |
|---------------|------------------------|
| a. þinglýsing | 0,75 |
| b. bókun | 0,25 |
| | = Kr. 1,00 – ein króna |
| | E.Th. |



N^o 5/1887. (Vide N^o 3/1886.)

Samkvæmt heimuglegri sátt, er fram fór að Hofi 13. júlí f.á., aftur köllum við, eigendur jarðarinnar Vindfells, mótmæli þau, er vér gjörðum á síðasta manntasþingi á Vopnafirði gegn fjórðungi úr viðreka, sem Hofskirkju er eignað fyrir landi nefndrar jarðar Vindfells.

Staddir að Hofi, 29. apríl 1887.

Metusalem Jósefsson, Stefán Jósefsson.

Þinglýst á Vopnafjarðarmanntasþingi 21. júlí 1887 og innfærð í landamerkbók Norður-Múlasýslu, bls. 102.

Einar Thorlacius

Gjald til landsjóðs:

- | | |
|---------------|------------------------|
| a. þinglýsing | 0,75 |
| b. bókun | 0,25 |
| | = Kr. 1,00 – ein króna |
| | E.Th. |



N^o 1/1888.

Landamerki

jarðarinnar Gunnólfsvíkur í Skeggjastaðahreppi á Langaness-ströndum innan Norður-Múlasýslu.

Úr Fossdalsárgili niður við sjó beina línu í Sandhaug, þaðan í Brandsvörðu á Melrakkaás, þaðan í á þá, er Geysirófa nefnist, þar er hún kemur úr nokkrum smátjörnum; ræður síðan nefnd á landamerkjum til þess, er hún skammt frá sjó kemur fram úr gilinu og beygir norður með; þaðan út með melshorninu og beint á milli vörðu upp á melnum og annarar á malarbakkanum sunnan við ána og í sjó fram.

Gunnólfsvík, 18. júlí 1887.

Guðjón Gíslason (ábúandi)

Jón Halldórsson (oddviti hreppsins)

V. Sigurðsson pr. Sauðaneskirkju.

Þ. Hálfðánarson (fullmektugur eiganda Gunnólfsvíkur).

Baldvin Þorsteins-Matusalemsson (eigandi og ábúandi á parti af Fagranesi).

Sigurður Jónsson (eigandi og ábúandi á parti af Fagranesi)

Sigurbjörg Sigurðardóttir (eigandi að ¼ parti).

St. Pétursson.

Þinglýst á Skeggjastaðamanntalsþingi 12. júlí 1888 og innfærð í landamerkjubók Norður-Múlasýslu, bls. 102-103.

Einar Thorlacius

Gjald til landsjóðs:

a. þinglýsing	0,75
b. bókun	0,25
	= Kr. 1,00 – ein króna
	E.Th.



N^o 1/1889.

Brimness

landamerki eru: Hið innra milli Dvergasteins og Brimness í Markhellu og er krossmark klappað í innri Markhellubrún við sjóinn, en þaðan ræður sjónhendingalína upp í fjallsbrún, untanvert við hæstu egg þar upp af, og er skammt fyrir ofan Markhelluna hlaðin 1 varða úr grjóti, sem miðuð frá krossmarkinu á fjallið sýnir stefnuna.

Hið ytra ræður landamerkjum milli Brimness og Hjálmárstrandar, eignar Dvergasteinskirkerju, svo nefnt Grímkelsgil úr fjöru upp á fjallsbrún.

Hér í milli á Brimnes allt land frá sjó upp á fjall þar til er vötnum hallar.

Brimnesi, 29. maí 1889.

Sigurður Jónsson (eigandi Brimness).

Landamerki þessi samþykki eg fyrir hönd Dvergasteinskirkerju.

Björn Þorláksson.

Þinglýst á Seyðisfjarðarmanntalsþingi 1. júní 1889 og innfærð í landamerkbók Norður-Múlasýslu bls. 103-104

Einar Thorlacius.

Gjald til landsjóðs:

- | | |
|---------------|------------------------|
| a. þinglýsing | 0,75 |
| b. bókun | 0,25 |
| | = Kr. 1,00 – ein króna |
| | E.Th. |



N^o 1/1890
Landamerki

Stóru-Breiðuvíkur í Borgarfjarðarhreppi, sem er eign Klyppstaðarkirkju, eru þessi:

Merkin liggja að sunnanverðu úr sjávarmáli frá þeim stað, þar sem Brunkutindur ber yfir Bringuhorn, þaðan beint í Bringuhorn, sem er melur austan við Víkurána, því næst upp eftir ánni í innra Gæsavatn, að því búnu úr miðju þessu Gæsavatni upp í Hvítahnjúk, þaðan úr eftir eggjum yfir Gagnheiði á Súlutind, af Súlutindi á Háahrygg og þaðan eftir vörpum út á Grenmóskoll og niður að sjó. Héðan og að landamerkjum hennar að sunnanverðu til móts við Litlu-Breiðuvík á hún allan reka, að undantekinni Karlasteinsfjöru eða þeim 2 básum, sem kallaðir eru nyrðri og syðri Hvalfjara, svo og Svínavík milli Skipavogs og Litlaness, þar sem reki er dæmdur Húsavíkurkirkju.

Dvergasteini, 10. október 1889

Björn Þorláksson.

Framanskriðu landamerki samþykkjum vér undirskrifaðir.

Vestdalseyri, 12. október 1889.

Fyrir hönd eiganda Litluvíkur Sigurður Jónsson.

Sveinn Sigurðsson (eig. Brúnavíkur)

Guðni Stefánsson (ábúandi Kjólsvíkur)

Fyrir hönd Desjamýrarkirkju: Einar Vigfússon.

Innfært til þinglýsingar 11. apríl 1890 í landamerkjubók Norður-Múlasýslu bls. 104-105.

Einar Thorlacius.

Þinglýst á Desjamýrar-manntalsþingi 31. júlí 1890.

Einar Thorlacius.

Gjald til landsjóðs:

- | | |
|---------------|------------------------|
| a. þinglýsing | 0,75 |
| b. bókun | 0,25 |
| | = Kr. 1,00 – ein króna |
| | E.Th. |



N^o 2/1890
Landamerki

kirkjujarðarinnar Seljamýrar í Loðmundarfirði eru þessi:

Merkin byrja við sjó við Merkilækjarútfall og liggja upp eftir Merkilæk upp í Hrafnagil til fjalls, þar er vötnum hallar, síðan eftir fjallaeggjum allt á Skúmhött, þaðan eftir Skúmhattudalsá og er henni lýkur, eftir Stóru-Hrauná allt til sjávar. Jörðin á allan reka fyrir sínu landi.

Dvergasteini, 4. marz 1890.

Björn Þorláksson

Ofanskrifuð landamerki samþykki eg:

Hallfreðarstöðum, 6. marz 1890

Páll Ólafsson

Innfært til þinglýsingar 11. apríl 1890 í landamerkjabók Norður-Múlasýslu bls. 105-106.

Einar Thorlacius

Þinglýst á Seyðisfjarðarmanntalsþingi 17. júlí 1890.

Einar Thorlacius.

Gjald til landsjóðs:

- | | |
|---------------|------------------------|
| a. þinglýsing | 0,75 |
| b. bókun | 0,25 |
| | = Kr. 1,00 – ein króna |
| | E.Th. |



N^o 3/1890.
Landamerki

kirkjujarðarinnar Sævarenda í Loðmundarfirði eru þessi:

Hofsá greinir land hennar frá landi Úlfsstaða allt frá Fjarðará til fjalls. Síðan liggur merkjalínan um fjallseggjar eftir því sem vötnum hallar að upptölum Hjálmár, sem allt til sjávar skilur land Sævarenda og Hjálmárstrandar. Að norðanverðu frá ósi Hofsár ræður Fjarðará merkjum allt þar til er kemur að þeirri línu, er dregin verður úr flæðarmáli beint yfir Melrakkapúfu (hún er neðan við varptjarnir) í Álfastein þann, sem yztur stendur á brekkunni framan við Norðdalsá. Síðan ræður þessi lína merkjum í sjó út milli Sævarenda og Stakkahlíðar. Í Fjarðaránni eru 2 hólmar: Kríuhólmi undan túninu á Sævarenda og Stórhólmi, og tilheyra þeir báðir Sævarenda.

Dvergasteini, 4. marz 1890

Björn Þorláksson.

Ofanskrifuð landamerki samþykki eg:

Hallfreðarstöðum, 6. marz 1890

Páll Ólafsson.

Ofanskrifuð landamerki samþyukki eg:

Úlfsstöðum, 5. apríl 1890.

Jón Þorleifsson

Innfært til þinglýsingar 11. apríl 1890 í landamerkjabók Norður-Múlasýslu bls. 106.
Einar Thorlacius.

Þinglýst á Seyðirfjarðarmanntalsþingi 17. júní 1890.

Einar Thorlacius

Gjald til landsjóðs:

- | | |
|---------------|------------------------|
| a. þinglýsing | 0,75 |
| b. bókun | 0,25 |
| | = Kr. 1,00 – ein króna |
| | E.Th. |



N^o 4/1890
Landamerki og ítök

kirkjujarðarinnar Klyppstaðar í Loðmundarfirði eru þessi:

Merki eru talin byrja að utan og liggja úr suðurröð á Karlfelli í Grænahnaus, þaðan í miðjan Skaga neðst, beint í Fjarðará. Þaðan liggur merkjalínan upp eftir Fjarðará, þar til er Norðdalsá rennur í hana, þar næst upp eftir Norðdalsá eftir endilöngum Norðdal upp á Norðdalsvarp, og loks eftir eggjum yfir Oddskarð, Miðfell og Miðdalsvarp og útsuður eftir Karlfelli í áðurnefnda röð þess.

Kirkjan á Klyppstað á skógarteig í Stakkahlíðarlandi fyrir ofan reiðgötur neðri út til Hraunár og til geilar þeirrar, sem gengur fyrir framan Titlingshól, fjórtán fóta torfgróf í sama land, skógarteig í Úlfsstaðalandi milli Melaár og lækjar þess, er þar fellur næstur; annan reka frá Hjálmá að þeim stað í flæðarmáli, er bein lína verður dregin yfir Melrakkapúfu (hún er neðan við varptjarnir) á Álfastein þann, er yztur stendur á brekkunni framan við Norðdalsá; þar næst þriðjung í öllum reka frá þessum stað allt að Hrauná eða fyrir öllu Stakkahlíðarlandi.

Dvergasteini, 4. marz 1890.

Björn Þorláksson.

Hinsvegar rituð (ofanrituð) landamerki og ítök samþykki eg

Hallfreðarstöðum, 6. marz 1890

Páll Ólafsson.

Hinsvegar (ofan) rituð landamerki og ítök samþykki eg

Úlfsstöðum, 5. apríl 1890.

Jón Þorleifsson.

Innfærð til þinglýsingar 11. apríl 1890 í landamerkjabók Norður-Múlasýslu bls. 109-110.

Einar Thorlacius.

Þinglýst á Seyðirfjarðarmanntalsþingi 17. júní 1890

Einar Thorlacius.

Gjald til landsjóðs:

þinglýsing	kr. 0,75
bókun	kr. 0,25
	= Kr. 1,00 – ein króna
	E.Th.



N^o 5/1890.

Landamerki Hallfreðastaða:

Að utan ræður landamerkjagarður sem nær frá Græfnalæk og austur í Þórisvatn sem aðskilur Kirkjubæjar og Hallfreðarstaðaland.

Að norðan ræður Græfnalækur frá áður nefndum garði, fram í Grænuveldi, þá ræður Grænakelda að vörðu sem hlaðin er þar sem Grænakelda hættir, þá ræður sjónhending í stóran stein er stendur norðan í svokölluðum Nóntanga; þaðan aptur sjónhending í vörðu þá, er Þíkuvarða heitir og stendur á kletti fyrir framan og sunnan kirkjuveginn, svo ræður sjónhending úr Þíkuvörðu í vörðu þá er hlaðin er framan við Lækjardalinn; þaðan ræður sjónhending í Rauðalækjarfoss. Milli Hallfreðarstaða og Stórúbakka eru þessi landamerki: Bein stefna úr Rauðalækjarfossi og í miðjan Skallaklett, þaðan bein sjónhending í stein þann hinn stóra er stendur á Lágheiðarenda og er þar landamerkjasteinn.

Að framan Milli Hallfreðarstaða og Fremrasels ræður varða sem stendur á svokölluðum Smiðsás og frá henni bein lína austur og vestur (sjá Kirkjubæjar sáttanefndarbók 26. maí 1843 blaðsíðu 45) þar til sú stefna nær að Stórúakkalandi að vestan og Brekku og Brekkuselslandi að austan.

Að austan ræður sjónhending út í Grímsstein, stærðar bjarg í Grímssteinsbotnum, þaðan bein stefna út Brekkuaxlir miðjar og á vegaöxlina fyrir framan Þjóðveginn, þaðan bein stefna í vörðu er stendur á Bringukollsöxl, þaðan í vörðu er stendur við Þórisvatnsfót, þaðan ræður Þórisvatn milli Hallfreðarstaða og Kirkjubæjar út að landamerkjagarðinum sem áður er umgetið og sem aðskilur Kirkjubæjar, Hræreklækjar og Hallfreðarstaða land.

Ítök Hallfreðarstaða í Fremraselslandi eru: Frí geldfjárganga að sumarlagi í Fremraselslandi svo vel fyrir Hallfreðarstaði sem Hjáleiguna, auk þessa geldneyta ganga að sumrinu og hestaganga á haustin fram á heiðinni (sjá sáttabók Kirkjubæjar).

Hallfreðarstaðir eiga rekasand við Hjeraðsflóa.

Enginn á ítak í Hallfreðarstöðum.

Hallfreðarstöðum, 5. júní 1890.

Páll Ólafsson.

Kr. Kröyer.

Magnús Jónsson skipaður af sýslumanni fyrir hönd Brekku

Stefán Sigurðsson

Samþykkur hinum tilgreindu landamerkjum að því er land Kirkjubæjar snertir. En gamlir máldagar eigna Kirkjubæ „hálfan skóg við Hallfreðastaðamenn í Húsastaðaási“, svo að jeg get eigi að svo stöddu samþykkt hin síðustu orð brjefsins.

Einar Jónsson.

Þinglýst á Fossvallamanntalsþingi 9. júní 1890 og innfært í landamerkjabók Norður-Múlasýslu bls. 108-109.

Einar Thorlacius.

Gjald til landsjóðs:

þinglýsing kr. 0,75

bókun kr. 0,25

= Kr. 1,00 – ein króna

E.Th.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS



N^o 6/1890

Landamerki Nefbjarnarstaða með afbýlinu Gunnhildargerði.

Að austan ræður Lagarfljót.

Að norðan eru landamerki frá Lagarfljóti úr Dýjakrókabakka utanverðum beint í merkiþúfu á fremri höllum; þaðan í kletthlein út úr svo nefndri Heyöxl; þaðan beint í Vegöxl á Tunguás.

Að vestan ræður bein stefna úr Vegöxl í yzta horn á Hesthamri.

Að sunnan eru landamerki úr yzta horni Hesthamars beint austur klett þann er stendur í Vetrarsundi; þaðan ofan yfir svo nefnda Hesta og þá eptir gömlum garði yfir Flutningsmýri beint í Lagarfljót.

Kirkjubæ, 5. júní 1890

Einar Jónsson.

Þinglýst á Fossvallamanntalsþingi 9. júní 1890 og innfært í landamerkjabók Norður-Múlasýslu bls. 110.

Einar Thorlacius

Gjald til landsjóðs:

þinglýsing	kr. 0,75
bókun	kr. 0,25
	= Kr. 1,00 – ein króna
	E.Th.



N^o 7/1890:

Landamerki Geirastaða Hróarstungu.

Að austan ræður Lagarfljót.

Að norðan eru landamerki úr Lagarfljóti í Jökulsá eptir miðjum Aur.

Að vestan ræður Jökulsá inn að Kaldhöfða; þá ræður bein stefna úr Kaldhöfða vestanverðum í vörðu á ytri enda Tunguáss og þaðan í Vegöxl, sem er klettur framan á ásnum.

Að sunnan eru merki úr Vegöxl beint í kletthlein sem liggur út úr svo nefndri Heyöxl; þaðan í Merkiþúfu á fremri höllum; þaðan beint í utanverðan Dýjakrókabakka við Lagarfljót.

Kirkjubæ, 5. júní 1890.

Einar Jónsson.

Þinglýst á Fossvallamanntalsþingi 9. júní 1890 og innfært í landamerkjabók Norður-Múlasýslu bls. 110-111.

Einar Thorlacius.

Gjald til landsjóðs:

þinglýsing	kr. 0,75
bókun	kr. 0,25
	= Kr. 1,00 – ein króna
	E.Th.



N^o 8/1890

Landamerki Galtastaða ytri í Hróarstungu.

Að austan eru landamerki úr Kaldárhöfða vestanverðum beint í vörðu á ytri enda Tunguáss; þaðan í Vegöxl í Tunguás, þaðan beint í yzta hornið á Hesthamri.

Að sunnan eru merki úr yzta horni Hesthamars í lækjarós þann, er fellur úr norður enda Gljúfravatns; þaðan í stein er stendur utan við Másteinsöxl; þaðan beint í vörðu á svo kölluðu Vörðuhrauni við Hrærekslæk og þá beint í lækinn.

Að vestan og norðan ræður fyrst Hrærekslækur þar til er hann fellur í Jökulsá; síðan ræður Jökulsá að Kaldhöfða.

Kirkjubæ, 5. júní 1890

Einar Jónsson

Fyrir hönd Hrærekslækjar: Stefán Árnason (eigandi Hrærekslækjar)

Þinglýst á Fossvallamantalsþingi 9. júní 1890 og innfært í landamerkjabók Norður-Múlasýslu bls. 111-112.

Einar Thorlacius.

Gjald til landsjóðs:

þinglýsing	kr. 0,75
bókun	kr. 0,25
	= Kr. 1,00 – ein króna
	E.Th.



N^o 9/1890

Landamerkjaskrá fyrir Hnitbjörgum

Að framan ræður Hnausalækur af fjallsbrún og ofan í foss þar sem lækurinn fellur ofan af svokölluðum Hnausum; þaðan beint í Halaklett yzta ræður sjónhending; úr Halakletti ræður sjónhending í fremri Hnitbjargahala við Jökulsá. Að utan ræður af fjallsbrún úr efsta Geitarárfossi í fremri enda á Ytri-Hestum; þaðan sjónhending í Sandborg fyrir utan Hnitbjörg; þaðan beint í Jökulsá.

Margrjet Jónsdóttir (eigandi að ½ Hnitbjörgum)

Þórarinn Þórarinsson fyrir hönd hreppsnefndarinnar í Hlíðarhrepp, sem umráðamanns ½ jarðarinnar Hnitbjarga.

Páll Ólafsson (umráðamaður Torfastaða).

Þinglýst á Fossvallamanntalsþingi 9. júní 1890 og innfært í landamerkjabók Norður-Múlasýslu bls. 112.

Einar Thorlacius

Gjald til landsjóðs:

þinglýsing	kr. 0,75
bókun	kr. 0,25
	= Kr. 1,00 – ein króna
	E.Th.



N^o 10/1890
Landamerkjaskrá

Landamerki umhverfis jarðirnar Fögruhlíð og Hlíðarhús, sem eru óskipt land. Að utan milli Hnitbjarga og Fögruhlíðar ræður Hnausalækur af fjallsbrún í háan foss í læknum, þar sem hann fellur ofan af svo kölluðum Hnausum, neðan til í fjallinu; úr þeim lækjarfossi ræður sjónhending í Halaklett hinn yzta; úr Halakletti ræður sjónhending í Hnitbjargarhala hinn fremri við Jökulsá, ræður þá áin landamerkjum fram í Kaldá, síðan ræður Kaldá beina stefnu vörðu þá sem hlaðin er yzt á Hálsmúla, sem er melsendi yzt á Sleðbrjótshálsinum norður við Kaldána. Þaðan liggja landamerkin út og upp í stóran stein á neðri Selás eptir vörðum þeim er nú eru hlaðnar til að sýna landamerkin; svo ræður neðri Selásinn út á enda, þaðan beint í Steinboga, þaðan ræður Fögruhlíðará út í Hróaldsstaðará og þaðan ræður Hróaldsstaðará á fjall upp.

Magnús Jónsson (fyrir hönd eiganda Hlíðarhúsa Ragnhildar Vigfúsdóttur)

Guðbjörg Einarsdóttir (eigandi Fögruhlíðar)

Margrjet Jónsdóttir (eigandi að ½ Hnitbjörgum).

Eiríkur Magnússon (fyrir hönd hreppsnefndarinnar í Hlíðarhrepp sem umráðanda að ½ jarðarinnar Hnitbjarga)

Eiríkur Hallsson (eigandi Sleðabrjóts)

Katrín Einarsdóttir (eigandi Sleðabrjótsels)

Þinglýst á Fossvallamanntalsþingi 9. júní 1890 og innfært í landamerkjabók Norður-Múlasýslu bls. 113.

Einar Thorlacius

Gjald til landsjóðs:

þinglýsing	kr. 0,75
bókun	kr. 0,25
	= Kr. 1,00 – ein króna
	E.Th.



N^o 11/1890

Landamerkjaskrá kristfjárjarðarinnar Ketilsstaða í Jökulsárhlíð.

Á milli Torfastaða og Kjetilsstaða eru landamerki þessi:

Úr fremri Flutningshólma að Jökulsá, bein lína í Helmingatjörn. Þaðan í vörðu úr hnausnum norðan við fjöruna og í miðjan Einbúa (sem er einstakt klett hraun) Svo þverbeint á fjall upp um miðjan Merkihygg (melhyggur sem liggur upp og ofan fjallið) Allt land austur í Jökulsá og út til sjávar er eign kristfjárjarðarinnar.

Á milli Fagradals og Ketilsstaða eru landamerki þessi:

Hinn svo kallaði Jökuldalur eða á sú sem rennur eftir dalnum ræður merkjum, þar til hún fellur í Fagradalsá. Þessi á eða lækur nefnist Jökulsá eftir dalnum. Þaðan liggur landamerkja línan beina sjónhending úr Jökuldals mynni á fjall út, í þá fjallskerðing er liggur sunnan til á Standandanesi; þaðan í Bjarglaung fyrir austan fjall, sem er eitt sker laust frá landi, fyrir vestan Salteyrar en fyrir utan Langasand, er þurr að með fjöru, en gengur sjór fyrir ofan með flóði.

Reka á jörðin allan um Landsendafjöru og 400 faðma austur á sandinn frá kletta-tanga þeim að mæla, sem er næstur fyrir vestan Fögruhlíðarárós.

Ketilsstöðum 21. september 1888.

Þessum landamerkjum eru undirskrifaðir samþykki

Jónas Eiríksson (ábúandi)

Þórarinn Þórarinsson, Eiríkur Magnússon, Jón Eiríksson (hreppnefndarmenn).

Páll Ólafsson umboðsmaður

Fyrir hönd Fagradals Jón Jónsson, prestur að Hofi.

Þinglýst á Fossvallamantalsþingi 9. júní 1890 og innfært í landamerkjabók Norður-Múlasýslu bls. 114-115.

Einar Thorlacius

Gjald til landsjóðs:

þinglýsing	kr. 0,75
bókun	kr. 0,25
	= Kr. 1,00 – ein króna
	E.Th.



N^o 12/1890

Landamerki jarðarinnar Sleðabryótssels í Jökulsárhlíð

Að framan ræður Sauðá af fjalli ofan, þangað til hún fellur í Kaldá.

Að austan ræður Kaldá, þar til að kemur út á móts við melkoll þann, er yzt verður í hálsmúlanum austan megin árinna, og verður þar hlaðin varða á hámelnum. Þá liggja merkin úr þeirri vörðu beina stefnu í vörðu á holtinu fyrir neðan Selás hinn neðri, þaðan í stóran stein á þeim ás. Þá liggja merkin eptir þeim ás á enda og svo út í „Steinboga“ í Fögruhlíðará. Þá ræður Fögruhlíðará, þangað til Hróaldsstaðaá fellur í hana. Að utan ræður Hróaldsstaðaá á fjall upp.

Sleðabryótsseli 28. dag aprílm. 1890.

Hafrún Einarsdóttir (handsalað nafn).

Landamerki þau, er hjer eru rituð, samþykkjum vjer undirskrifuð.

Guðbjörg Einarsdóttir (eigandi Fögruhlíðar).

Magnús Jónsson (fyrir hönd eiganda Hlíðarhúsa, Ragnhildar Vigfúsdóttur á Galtastöðum ytri).

Eiríkur Hallsson (eigandi Sleðabryóts og Grófarsels, handsalað nafn).

Þinglýst á Fossvallamantalsþingi 9. júní 1890 og innfært í landamerkjabók Norður-Múlasýslu bls. 115-116.

Einar Thorlacius.

Gjald til landsjóðs:

Þinglýsing	kr. 0,75
bókun	kr. 0,25
	= Kr. 1,00 – ein króna
	E.Th.



N^o 13/1890

Landamerki að utan milli Ásgrímsstaða og Hóls eru í miðjam svokolluðum Aur, sem ræður austur í Jökullæk, að austan og neðan ræður Jökullækur fram í Markhólma, sem er í miðjum Jökullæk. Þar þvert yfir lækinn eiga Ásgrímsstaðir heyskap allan allt fram í þúfu þá, sem liggur mitt í læknum, út úr hagaodda austarlega, að sunnan og framan úr Álptarauga uppeptir miðjum Álptalæk allt í Ásgrímsstaðavatn og svo rjetta línu í Sortukeldu, og frá Sortukeldu fram eptir miðjum Merkidal og svo langt fram þar til fyrst sjest maður áf hesti af Ásgrímsstaðahlaði þá framan kemur Bóndastaðaveg, og svo rjettlínis norður yfir í Vatnalækjarás hinn ytri og þaðan rjettlínis yfir Víðastaðavatn og í Marksteina að vestan, og svo að norðan í Snorravörðu og rjett út í stein þann, sem kallast Maður; þaðan sjónhending í Aur þann, sem fyrst er um getið.

Að því leyti er framanskriðuð landamerkjalyting snertir Hrollaugsstaði, samþykki jeg hana að mínu leyti.

Páll Pálsson prestur til Hallormsstaður.

Samþykkur B. Jónsson

Magnús Jónsson á Hrollaugsstöðum.

Samþykkur Sigurður Gunnarsson

Fyrir hönd skólastjóra samþykkir Halldór Magnússon (einn í skólastjórn).

Þorlákur Gíslason samþykkir

Samþykkt Ketill Þorsteinsson

Gísli Gíslason samþykkir

Jón Eiríksson samþykkir.

Sigurður Bjarnason samþykkir

Arnfinnur Þorleifsson samþykkt

Samþykkir Magnús Einarsson

Samþykkir Björn Jónsson

Samþykkir Björn Jónsson Ásgrímsstöðum.

Þinglýst á Hjaltastaðarmanntalsþingi 14. júní 1890 og innfært í landamerkjabók Norður-Múlasýslu bls. 116-117.

Einar Thorlacius

Gjald til landsjóðs:

Þinglýsing	kr. 0,75
bókun	kr. 0,25
	= Kr. 1,00 – ein króna
	E.Th.



N^o 14/1890

Landamerki milli Hleinargarðs og Tjarnarlands eru þessi: Úr Himbrimatanga rjettlínis út Tröllaskarðaás og í vörðu þá, er stendur á næsta holti fyrir austan Tröllaskörð.

Þessi framanskriðuð landamerki samþykki jeg

Magnús Jónsson

Hleinargarði, 13. júní 1884.

Frá áðurnefndri vörðu fyrir austan Tröllaskörð út í vörðu fyrir austan flöguna hjerumbil austur af miðju Móavatni.

Samþykkur, Magnús Guðmundsson.

Mörkin á milli Steinsvaðs og Tjarnarlands eru sett úr tjeðri vörðu norður yfir Móavatn beina stefnu í vörðu á Merkiöxl og þaðan beint í Sandgróf í Víðirnesi við Lagarfljót.

Þessum ofanskriðuðum landamörkum eru við samþykk orðin.

Sigmundur Jónsson, Guðbjörg Einarsdóttir.

Mörkin á milli Grafar og Tjarnarlands eru: Úr Sauðalækjarós við Lagarfljót að norðan og beina stefnu austur í Himbrimistanga framan við Breiðavatn og þar úr yfir vatnið eptir áðursögðu um mörkin að austan. Þessum að framan er jeg samþykk. –

Guðbjörg Einarsdóttir.

Enn þessi landamerki samþykkir

Guttormur Vigfússon (handsalað).

Landamerki milli Grafar og Tjarnarlands eru þessi: Úr yzta odda Himbrimatanga, beina stefnu í Rauðalækjarós við Lagarfljót, eptir því sem samykkt var í áreið á fyrgreind landamerki 31. maí 1890 af undirskriðuðum mönnum.

Jónas Eiríksson (umráðamaður Eyðastólshjarða).

Fyrir hönd eiganda Tjarnarlands Snorri Rafnsson bóndi í Dagverðargerði

Magnús Jónsson bóndi í Gröf.

Þinglýst á manntalsþingi að Hjaltastað 14. júní 1890 og innfært í landamerkjabók Norður-Múlasýslu bls. 117-118.

Einar Thorlacius.

Gjald til landsjóðs:

Þinglýsing	kr. 0,75
bókun	kr. 0,25
	= Kr. 1,00 – ein króna
	E.Th.



N^o 15/1890

Landamerkjaskrá fyrir Hól og Hólshjáleigu í Hjaltastaðapinghá.

1. Milli Hóls og Ásgrímsstaða, úr miðjum aurskjafti eftir miðjum aur allt í Bakkatættur, þaðan eftir vestari bakka Jökullækjar allt í Markhólma.
2. Milli Hóls og Hrollaugsstaða, frá miðjum Markhól beina línu í Engilækjardrag beint fram af Beinhól, þaðan beina línu út í Beinhól, aptur úr Beinhól í mitt Merkiker, og þaðan í miðjan Grafning austan við Svæðamelsenda; svo úr þeim grafning í Fuglakýl norðan við Stóramel, og þaðan beina línu til sjávar.
3. Milli Hóls og Húseyjar ræður Lagarfljót út að svo nefndri Seleyri þar sem gras endar; þá ræður bein stefna í vestara rekamark Eyðasands.

Rekamörk Eyðasands:

1. Milli Ólafssands og Eyðasands að norðvestan, þegar maður stendur í flæðarmáli, þar sem vestari hliðveggur Grænmóðshússins ber saman við yzta og norðasta hornið í Kirkjubæjarskerslum.
2. Að austan milli Eyðasands og Hrollaugsstaðasands þegar staðið er í flæðamáli; þá eiga þrjár þúfur í sandinum að bera saman og í há-Rangárhnúk.

Staddur á Hjaltastað 23. maí 1890. –

Einar Jónsson (handsalað)

Jónas Eiríksson (umráðamaður Eyðastólsjarða).

Sigurður Gunnarsson (fyrir hönd Valþjófsstaðarkirkju)

Páll Pálsson (fyrir hönd Hallormsstaðakirkju).

Björn Jónsson (handsalað)

Arnfinnur Þorleifsson (handsalað)

Ketill Þorsteinsson (handsalað)

Þorlákur Gíslason (handsalað)

Gísli Gíslason (handsalað)

Þorkell Björnsson (handsalað).

Ábúendur Hrollaugsstaða: Björn Jónsson, Magnús Einarsson, Magnús Jónsson.

Þinglýst á manntalsþingi að Hjaltastað 14. júní 1890 og innfært í landamerkjabók Norður-Múlasýslu bls. 118-119.

Einar Thorlacius.

Gjald til landsjóðs:

þinglýsing	kr. 0,75
bókun	kr. 0,25
	= Kr. 1,00 – ein króna
	E.Th.



N^o 16/1890
Landamerki Hrjótar
Milli Hrjótar og Ánastaða

Skurður er nýlega er grafinn úr Ánastaðavatni norðanverðu, þar sem skurðurinn byrjar við vatnið eru landamerki milli Ánastaða og Hrjótar, þaðan austur yfir vatnið yfir Rjéttarás og á Mekihöfða fyrir ofan Hrjótará, þaðan beina stefnu í svo nefndan Goðrúnarstein upp á hálsabrún, þaðan eptir sömu stefnu sjónhending austur í Höltnaá.

Milli Hrjótar og Hamargerðis:

Úr Hurðarbaksá í fremri Merkigarð neðan við Hrjótarvatn, úr þessum Merkigarði beina stefnu í vörðu sem hlaðin er á eystri Sjónarásbrún, úr þessari vörðu beina stefnu í Hrjótarárbug út undir svo kölluðum Gröndalshæðum, þaðan eptir sömu stefnu austur í Höltná.

Milli Hrjótar og Hreimstaða:

Úr Geitibjargadal miðjum beina stefnu í Merkikeldu neðan við Sandvaðskletta.

Ítök á enginn í landi jarðarinnar nje hún í annara landi.

Hallfreðastöðum 29. dag aprílm. 1890.

Páll Ólafsson.

Þinglýst á manntalsþingi að Hjaltastað 14. júní 1890 og innfært í landamerkjabók Norður-Múlasýslu bls. 119-120.

Einar Thorlacius.

Gjald til landsjóðs:

Þinglýsing	kr. 0,75
bókun	kr. 0,25
	= Kr. 1,00 – ein króna
	E.Th.



N^o 17/1890

Landamerki milli Ánastaða og Hjaltastaðar.

Úr Geitabjargadal yfir Merki-þrep neðra og efra, yfir Merkiker og Miðásháls utan undir Brattahöfða beint austur í Kúabotnahöfða utanverða, þaðan yfir Staðará beint á fremsta Hrúgustaðaklett yzt upp út undir Stórukinn og í Grenisöxl utan verða; þaðan beint yfir Vallará í Hrísaþug þar sem Hrísa kemur af hálsnum ofan.

Milli Ánastaða og Kóreksstaða:

Úr fyrnefndum Hrísaþug í Hrísaárfoss á Hrísaárbúnn; þaðan af fossinum beina stefnu suður yfir Hvannafellshala í Hóltnárós, þar sem hún fellur saman við Bjarglandsá.

Milli Ánastaða og Hríjótar:

Skurður er nýlega er grafinn úr Ánastaðavatni norðan verðu. Þar sem skurðurinn byrjar við vatnið eru landamerki milli Ánastaða og Hríjótar, þaðan austur yfir vatnið yfir Rjettarás og á Merkihöfða fyrir ofan Hríjótará; þaðan beina stefnu í svonefndan Goðrúnarstein uppá hálsabrun. Þaðan eptir sömu stefnu sjónhending austur í Hóltná. –

Milli Hreimstaða og Ánastaða:

Merkjum ræður Geitabjargadalur, eptir honum miðjum eru landamerki.

Milli Ánastaða og Rauðholts:

Merkjum ræður Geitabjargadalur, eptir honum miðjum eru landamerki. Ítök á enginn í landi jarðarinnar nje hún í annara landi.

Hallfreðarstöðum 28. febrúar 1890.

Páll Ólafsson

Þinglýst á manntalsþingi að Hjaltastað 14. júní 1890 og innfært í landamerkjabók Norður-Múlasýslu bls. 120-121.

Einar Thorlacius

Gjald til landsjóðs:

þinglýsing	kr. 0,75
bókun	kr. 0,25
	= Kr. 1,00 – ein króna
	E.Th.



N^o 18/1890

Landamerki jarðarinnar Torfastaða í Vopnafirði

1. að utan milli Torfastaða og Skóga ræður Háþúfulækur það sem hann nær, þaðan bein lína þar sem Núpur er hæztur, hann inn – eptir sem vötnum hallar í Grenishæð.
2. Á milli Torfastaða og Ljósstaða bein lína af Grenishæð í Pyttahlóðarhall, þaðan í Þrætulág, þaðan í Ytri læk, og ræður hann í Vatnsdalsá. Austan Vesturdalsár ræður – á milli Torfastaða og Ljósstaða Kýlabugar miðjir, þaðan bein lína í Þórðarvatn; þaðan í Gildruhraun, út Háhraun í Skolladalshraun, þaðan bein lína í Grámýrarholt utanvert, og þaðan í Svartabakka við Vesturdalsá, og eru þar merki milli Norður-Skálaness og Torfastaða.

Guðmundur Stefánsson (eigandi Torfastaða).

Þ. Hálfdánsson, M. Hálfdánsdóttir eigendur Ljósstaða.

P. Guðjohnsen eigandi ½ Norður-Skálaness.

Einar Guðjohnsen eigandi ½ Norður-Skálaness.

Þinglýst á Vopnafjarðarmanntalsþingi 11. júlí 1890 og innfært í landamerkjabók Norður-Múlasýslu, bls. 121-122.

Einar Thorlacius.

Gjald til landsjóðs:

þinglýsing	kr. 0,75
bókun	kr. 0,25
	= Kr. 1,00 – ein króna
	E.Th.



No 19/1890

Landamerki jarðarinnar Leiðarhafnar í Vopnafirði.

Að framan í Þúfukamb, þaðan bein lína sem myndar rjett vinkilhörn þegar dregin er lína þaðan í Melöldu norðanvert á Fagrafjalli; þaðan bein lína í Merkikamb milli fremri og ytri Þórshafnar.

Að öðru leyti ráða sjávarmörk, nema hvað fylgir varphólmi fram undan bænum.

Enginn á ítök til reka eða annarra hlunninda, sem nefndri jörð fylgja heyra öðrum til nema eigendunum.

Vopnafirði 11. júlí 1890

V. Sigfússon eigandi að ½ Leiðarhöfn.

P. Guðjohnsen eigandi að ¼ Leiðarhafnar og ½ Norður-Skálaness.

Einar Guðjohnsen eigandi að ½ Norður-Skálaness

Jón Halldórsson eigandi að ¼ úr Leiðarhöfn.

Fyrir hönd Örum og Wulffs eiganda Austur-Skálaness

P.V. Davíðsson.

Þinglýst á Vopnafjarðarmanntalsþingi 11. júlí 1890 og innfært í landamerkjabók Norður-Múlasýslu bls. 122.

Einar Thorlacius.

Gjald til landsjóðs:

þinglýsing	kr. 0,75
bókun	kr. 0,25
	= Kr. 1,00 – ein króna
	E.Th.



N^o 20/1890

Landamerki jarðarinnar Krossavíkur

eru samkvæmt sáttgjörð dagsettri þ. 20. september 1884 að því er snertir landamerki milli Krossavíkur og Syðri-Víkur þessi:

Að framan milli Krossavíkur og Syðri-Víkur þar ræður Marklækur ofan að vaði; þaðan bein lína í vörðu á Öxlinni; þaðan bein lína í sjó.

Að utan milli Krossavíkur og Vindfells ræður Gljúfursá milli frá fjalli til fjöru. –

Vopnafirði þ. 11. júlí 1890

fyrir hönd O. Stefánsdóttur eiganda 1/3 af Krossavík P.V. Davíðsson

P.V. Davíðsson (eigandi 1/3 af Krossavík)

eigandi 1/3 af Krossavík Guttormur Þorsteinsson.

Jóhannes Jóhannesson (eigandi 5/6 úr Syðri-Vík)

M. Jósefsson, S. Jósefsson (eigendur Vindfells)

V. Sigfússon eigandi að 1/6 úr jörðinni Syðri-Vík.

Jeg undirskriftuð Ólöf Stefánsdóttir gef hér með verzlunarstjóra V. Davíðssyni umboð til þess mín vegna að gjöra út um landamerki milli eignarjarðar minnar Skjalþingsstaðar og jarðarinnar Syðri-Víkur. Allt hvað verzlunarstjórnin í þessi efni gjörir hefur því sama gildi og jeg hefði gjört það sjálf.

Krossavík þ. 7. júlí 1890.

Ó.A. Stefánsdóttir

Þinglýst á Vopnafjarðarmanntalsþingi 11. júlí 1890 og innfært í landamerkjabók Norður-Múlasýslu bls. 123.

Einar Thorlacius

Gjald til landsjóðs:

þinglýsing kr. 0,75

bókun kr. 0,25

= Kr. 1,00 – ein króna

E.Th.



N^o 21/1890

Landamerki jarðarinnar Syðri-Víkur í Vopnafjarðarhreppi

Að framan milli Syðri-Víkur og Skjalþingsstaða skal taka beina línu úr Einbúa á fjallsbrún þannig að þriðjungur af landstykki því, sem er á milli Litluár og Melalækjar tilheyri Syðri-Vík en tveir hlutir Skjalþingsstöðum, og skal varða landamerkin á því svæði. Einbúa ræður bein lína í Hofsa.

Að utan milli Syðri-Víkur og Krossavíkur ræður Marklækur ofan að vaði, þaðan bein lína í vörðu á Öxlinni, þaðan bein lína í sjó. Rekamörk milli Ásbrandsstaða og Syðri-Víkur eru norðanvert við Hofsa í þeirri línu þar sem Ketilhraun ber í Örnubúð á Búrfelli.

Vopnafirði, 11. júlí 1890

eptir fullmakt fyrir eiganda Skjalþingsstaða

Ó.A. Stefánsdóttir

P.V. Davíðsson

P.V. Davíðsson eigandi af 1/3 af Krossavík.

Fyrir Ólöfu Stefánsdóttur eiganda af 1/3 af Krossavík P.V. Davíðsson.

V. Sigfússon eigandi að 1/6 í Syðri-Vík

Jóhannes Jóhannesson eigandi 5/6 af jörðinni Syðri-Vík

Jón Hallgrímsson (eigandi Ásbrandsstaða)

P. Guðjohnsen eigandi Vatnsdalsgerðis.

Þinglýst á Vopnafjarðarmanntalsþingi 11. júlí 1890 og innfært í landamerkjabók Norður-Múlasýslu bls. 124.

Einar Thorlacius.

Gjald til landsjóðs:

þinglýsing kr. 0,75

bókun kr. 0,25

= Kr. 1,00 – ein króna

E.Th.

Jeg undirskrifuð Ólöf Stefánsdóttir gef hjer með verzlunarstjóra P.V. Davíðssyni umboð til þess mín vegna að gjöra út um landamerki milli eignarjarðar minnar Skjalþingsstaða og jarðarinnar Syðri-Víkur. Allt hvað verzlunarstjórinn í þessi efni gjörir hefur sama gildi og jeg hefði gjört það sjálf.

Krossavík þ. 7. júlí 1890

Ó.A. Stefánsdóttir.



N^o 22/1890

Landamerki jarðarinnar Skjalþingsstaða í Vopnafjarðarhreppi.

Að framan milli Skjalþingsstaða og Rauðhóla, ráða Strákar á Strákatindi, þaðan bein lína í Markúsarheystæði í Lambhaga og þaðan beint í Hofsa.

Að utan milli Skjalþingsstaða og Syðri-Víkur skal taka beina línu úr Einbúa á fjallsbrún, þannig að tveir hlutir landsstykkis þess sem eru á milli Litluár og Melalækjar tilheyri Skjalþingsstöðum eru einn hluti þess Syðri-Vík, og skal varða landamerki á því svæði. Frá Einbúa ræður bein lína í Hofsa. –

Vopnafirði 11. júlí 1890.

Eptir fullmakt fyrir eiganda Skjalþingsstaða

Ó.A. Stefánsdóttur

P.V.Davíðsson

Jóhannes Jóhannesson eigandi að 5/6 af jörðinni Syðri-Vík

V. Sigfússon eigandi að 1/6 af Syðri-Vík.

Þinglýst á Vopnafjarðarmanntalsþingi 11. júlí 1890 og innfært í landamerkjabók Norður-Múlasýslu bls. 125.

Einar Thorlacius

Gjald til landsjóðs:

þinglýsing	kr. 0,75
bókun	kr. 0,25
	= Kr. 1,00 – ein króna
	E.Th.



N^o 23/1890

Landamerki Fagradals í Vopnafirði eru þessi:

Bjarglaug ræður merki við sjó og uppá brún, þaðan í fjallskering þar upp af og þaðan sjónhending í Jökulsá þar, er hún fellur í Fagradalsá, síðan ræður Jökulsá að upptökum. Frá upptökum hennar ræður sjónhending í Heiðarhnúk og þaðan sjónhending í Gufuhæð norðanverða og ofan í Gufu, sem er lækur er fellur niður af Búrfjalli í sjó niður. Síðan ræður sjór að áðurnefndri Bjarglaug.

Innan þess lands er hinn svokallaði Torfureki, eign Áskirkju, með þessum landamerkjum:

„Inní Hattavíkurá og í Saltvíkurlæk hið innra land og reki ofan í gegn; en hið ytra Rekamörk Torfu út frá Valdavíkurlæk, sem er undir Kambinum, sem fram í sjóinn stendur sem brík og forvaði, og Torfuland svo út í gegn að óskertu Hofskirkju beitar ítaki á hálfu Standandanesi eptir hennar máldaga.“

Hofi, 27. maí 1890

Jón Jónsson.

Hannes Magnússon fyrir Böðvarsdal.

Fyrir hönd Kjetilsstaða Þórarinn Þórarinsson, Eiríkur Magnússon (hreppsnefndarmenn).

Þinglýst á Vopnafjarðarmanntalsþingi 11. júlí 1890 og innfært í landamerkjabók Norður-Múlasýslu bls. 126.

Einar Thorlacius

Gjald til landsjóðs:

þinglýsing	kr. 0,75
bókun	kr. 0,25
	= Kr. 1,00 – ein króna
	E.Th.



N^o 24/1890

Landamerki Haga í Vopnafirði eru þannig:

Að framan úr Mógili beina línu í Brunná, eptir það ræður Brunná að austan og utan þar til hún fellur í Hofsa, þá ræður Hofsa að norðan þar til Sunnudalsá fellur í hana og ræður hún eptir það inn á móts við Mógil. –

Samþykkt Stefanía Jónsdóttir Guðmundarstöðum
eigandi að Guðmundarstöðum.

Samþykkt Jóhannes Einarsson Hrappstöðum
ábúandi og eigandi

Guðrún Guðmundsdóttir Surtsstöðum
eigandi að Haga.

Athg:

Með því Brunná hefur breytt farveg sínum og fært sig utar, er það meiningin að hinn forni farvegur ráði. –

Vopnafjarðarmanntalsþingi, 11. júlí 1890.

Einar Thorlacius

Þinglýst á Vopnafjarðarmanntalsþingi 11. júlí 1890 og innfært í landamerkjabók Norður-Múlasýslu bls. 127.

Einar Thorlacius

Gjald til landsjóðs:

þinglýsing	kr. 0,75
bókun	kr. 0,25
	= Kr. 1,00 – ein króna
	E.Th.



N^o 25/1890

Landamerki að Borgum í Vopnafirði.

Sunnudalsá ræður að vestan.

Að utan ræður Marklækur, úr Marklækjarós í Stóragil; úr Stóragili bein lína í Þverlækjarós þar sem hann fellur í Brunná; en fyrir ofan Svörtubrún er heiðarlandinu óskipt á milli bæjanna Sunnudals og Borgar og hafa ábúendur jarðanna notað það land í samlögum. En að sunnan ræður Fossá frá Sunnudalsá og í Steinku. –

Friðfinnur Kristjánsson ábúandi Borgar.

Vilhjálmur Jónsson ábúandi Sunnudals.

Methúsalem Stefánsson ábúandi á Gnýstöðum.

Vottar:

Kr. Eymundsson

Jóhannes Einarsson

Samþykkt fyrir hönd hreppsnefndarinnar

Vopnafirði 11/7 '90.

V. Sigfússon, Sigurður Jónsson, Kr. Eymundsson, P.V. Davíðsson, Jón Hallgrímsson.

Þinglýst á Vopnafjarðarmanntalsþingi 11. júlí 1890 og innfært í landamerkjabók Norður-Múlasýslu bls. 128.

Einar Thorlacius

Gjald til landsjóðs:

þinglýsing	kr. 0,75
bókun	kr. 0,25
	= Kr. 1,00 – ein króna
	E.Th.



N^o 26/1890

Landamerki Vatnsdalsgerðis að meðtaldri hjáleigunni Skálum

Að framan ræður lína dregin frá vörðu á Valsstaðafjalli beina stefnu í foss á Skjalþingsstaðaá neðan við skarðið.

Rekamörk milli Vatnsdalsgerðis og Syðri-Víkur eru norðanvert við Hofsa í þeirri línu þar sem Ketilhraun ber í Örnubúð á Búrfjalli. Að utan bein lína frá Háadrang upp í Miðhraun þaðan í vörðu á Valsstaðahrauni. –

Vopnafirði 11. júlí 1890

P. Guðjohnsen eigandi Vatnsdalsgerðis, Skála, ½ Norður-Skálanness

Jón Hallgrímsson (eigandi Ásbrandsstaða)

Einar Guðjohnsen eigandi ½ Norður-Skálanness.

Fyrir Örum & Wulff eigenda Austur-Skálanness P.V. Davíðsson.

Þinglýst á Vopnafjarðarmanntalsþingi 11. júlí 1890 og innfært í landamerkjabók Norður-Múlasýslu bls. 128-129.

Einar Thorlacius

Gjald til landsjóðs:

þinglýsing	kr. 0,75
bókun	kr. 0,25
	= Kr. 1,00 – ein króna
	E.Th.



N^o 27/1890

Landamerki jarðarinnar Norður-Skálaness

Að utan úr Merkikambi í svonefnda Melöldu, þaðan í vörðu sem hlaðin skal beint upp af Þúfukambi á línu sem hugsast dregin frá Melöldu norðan í Fagrafjalli í Leiðarhafnarlandi til horns þess á Búðaröxl sem veit að Náttmáladal og heyrir þá Austur-Skálanesi til sneið af svonefndum Hestamýrum. Frá horni þessu í Búðaröxl eru landamerkin í beina línu fram Háhraun allt þar til Grámerarholt og Svartibakki við Vesturdalsá bera saman; síðan ræður Vesturdalsá út í Lón að undanteknum svonefndum Skógahólma.

Vopnafirði 11. júlí 1890

P. Guðjohnsen eigandi ½ Norður-Skálaness, Vatnsdalsgerðis og ¼ Leiðarhafnar.

Einar Guðjohnsen eigandi ½ Norður-Skálaness

Fyrir Örum & Wulff eiganda Austur-Skálaness P.V. Davíðsson.

V. Sigfússon eigandi að ½ Leiðarhöfn

Jón Halldórsson eigandi að ¼ úr Leiðarhöfn.

Eigandi Torfastaða Guðm. Stefánsson.

Þinglýst á Vopnafjarðarmanntalsþingi 11. júlí 1890 og innfært í landamerkjabók Norður-Múlasýslu bls. 129.

Einar Thorlacius

Gjald til landsjóðs:

Þinglýsing	kr. 0,75
bókun	kr. 0,25
	= Kr. 1,00 – ein króna
	E.Th.



N^o 28/1890

Landamerki Skeggjastaða með hjáleigunum, Dalhúsum og Gæsagili, á Langaness-ströndum innan Norður-Múlasýslu eru þannig:

Úr Merkilæk, þar er hann fellur til sjáfar, og upp eptir honum, þartil er hann myndast úr tveimur drögum, þaðan í vörðu, er stendur á Melhól í svokölluðum Merkiplóa, þaðan rjettsýnis í aðra vörðu á svonefndum Fossahnúk og sömu stefnu austan við Þorvaldsstaðavatn í Staðará og upp með henni, svo langt fram sem sambýður hálfu Kverkárdalsvatni, þaðan í læk þann, er rennur í Gæsagilsá norðan við vestasta Skálafjall og eptir þeim læk í Gæsagilsá, ræður svo nefnd á og síðan Bakkaá landamerkjum allt út að horninu utan við Háabakkavaðið, þó svo, að Hólmar þeir allir, er áin (Bakkaá) myndar, fylgja löndum jarðanna eptir því, sem megin árinna deilir löndum á hverjum tíma, sem er, úr nefndu horni beint í Merkistein á Merkitanga, þaðan í stærsta markstein í Bakkaá og beint til sjóar. –

Milli heimajarðarinnar og hjáleigunnar Dalhúsa er merkilínan: úr horninu utan við Dalhúsaeyrar og í Hyrnu, þaðan beina línu yfir Miðmundarfell og í Miðmundalækjamót, upp með vestari læknum og í Dalhúsaá ofan við Efri-Eyrar. Milli heimajarðarinnar og hjáleigunnar Gæsagils eru merkin: úr Dalhúsaá milli Efri- og Neðrieyra yfir Sauðhöfða um Staðarvatn og í Gæsagilsá; og á milli hjáleiganna er merkilína: úr Dalhúsaá rjett ofan við Miðmundarlækjarós í stóran stein í norðasta ás, þaðan í vörðu á Miðás og beina línu áfram í Gæsagilsá. –

Skeggjastaðir eiga allan viðreka milli Merkilækjar og áður getinnar línu milli Merkisteins og stærsta Marksteins í Bakkaá til sjóar, og tvo þriðjunga hvalreka, en einn þriðjung á Skálholtskirkja.

Skeggjastöðum 14. júlí 1890.

Guðríður Árnadóttir á Þorvaldsstöðum (eigandi)

N. Heigaard á Bakka, Þ. Hálfánarson (eigandur)

Jón Halldórsson

Þinglýst á Skeggjastaðamanntalsþingi 14. júlí 1890 og innfært í landamerkjabók Norður-Múlasýslu bls. 130-131.

Einar Thorlacius.

Gjald til landsjóðs:

þinglýsing	kr. 0,75
bókun	kr. 0,25
	= Kr. 1,00 – ein króna
	E.Th.



N^o 29/1890

Landamerki á milli Hafnar, Bakka, Hámundarstaða og Skeggjastaða eru sem eftirfylgir:

Jörðin Bakki liggjandi í Skeggjastaðasókn í Norður-Múlasýslu á land úr Hafnarárósi uppeftir ánni og í svokallaða Þorskhöfðakeldu í Krútjarnaflóa, þaðan beint í efri Höltnárlón, svo upp eftir ánni og í Hólmavatn, einnig báða hólmana sem eru í vatninu, frá syðri enda Hólmavatns og á Bakkanúp, þaðan beint í tanga í Miðheiðarvatni, úr tanganum beint á Skálafjöll, af vestasta Skálafjalli í læk sem rennur norðan undir því, eptir honum í Gæsagilsá, eptir henni þangað til hún fellur í Bakkaá, eptir henni í hornið fyrir utan Háabakkavað, þaðan beint í stóran stein í Merkitanga sem klofinn er, úr honum beint í stærsta stein í ánni út af Merkitanga, þaðan beint til sjáfar. Hólmar þeir allir er áin myndar fylgja löndum jarðanna eptir því sem megin árinna deilir löndum á hverjum tíma sem er.

Jörðin á allann viðarreka fyrir sínu landi og $\frac{3}{4}$ hvalreka, en Skálholtskirkja einn fjórða hluta. –
Bakka 14. júlí 1890

Þórarinn Hálfðánarsson, N. Heigaard (eigendur Bakka).

Jón Halldórsson á Skeggjastöðum.

Að því er snertir Strandhafnarland eru þessu ofanskriafaða samþykkir

Halldór Hjálmarsson, Sigurður Siguðrsson (eigendur)

Samþykkt af G. Jónssyni, E. Jónssyni eigendur Hámundastaða

Þinglýst á Skeggjastaðamanntalsþingi 14. júlí 1890 og innfært í landamerkjabók Norður-Múlasýslu bls. 131-132.

Einar Thorlacius.

Gjald til landsjóðs:

þinglýsing	kr. 0,75
bókun	kr. 0,25
	= Kr. 1,00 – ein króna
	E.Th.



N^o 1/1891

Landamerki klausturjarðarinnar Stakkahlíðar í Loðmundarfirði eru þessi:

Merkin eru talin byrja að framan og liggja úr suðurröð á Karlfelli í Grænahnaus, þaðan í miðjan Skaga neðst, beint í Fjarðará. Síðan liggur merkja línan út eptir Fjarðará allt þar til er kemur að þeirri línu, er dregin verður úr flæðarmáli beint yfir Melrakkapúfu (hún er neðan við varptjarnirnar) í Álfastein þann, sem yztur stendur á brekkunni framan við Norðdalsá. Síðan ræður þessi lína merkjum í sjó út. Í ánni eru 2 hólmar, Kríuhólmi og Stóri hólmi, er tilheyra Sævarenda. Frá sjó liggja merkin upp eptir Stóru-hrauná upp á svo nefndar Fitjar og því næst upp eptir Skúmhattudalsá á varp upp, og eptir það eptir vörpum allt í kring þar til Karlfellsröðin syðri tekur við.

Jörðin á 2 þriðjunga í öllum reka fyrir sínu landi.

Hallfreðarstöðum, 6. marz 1890.

Páll Ólafsson

Ofanskrifuð landamerki samþykki jeg.

Staddur á Hallfreðarstöðum, 6. marz 1890

Björn Þorláksson prestur á Dvergasteini.

Þinglýst á Seyðisfjarðarmanntalsþingi 16. júní 1892 og innfært í landamerkjabók Norður-Múlasýslu bls. 132-133.

Einar Thorlacius.

Gjald til landsjóðs:

þinglýsing	kr. 0,75
bókun	kr. 0,25
	= Kr. 1,00 – ein króna
	E.Th.



N^o 2/1891

Úrdráttur úr dómsmála- og lögreglurjettarbók Norður-Múlasýslu

Ár 1887, mánudaginn 23. maí var aukarjettur Norður-Múlasýslu settur að Ási og haldinn af sýslumanni Einari Thorlacius með meðdómsmönnum, Oddi Jónssyni, Baldvin Benediktssyni, Bjarna Sveinssyni og Halla Sigmundssyni, var þar þá tekið fyrir

Málið: Eigendur jarðarinnar Skeggjastaða með Götu og Hrafnsgærði í Fellum gegn

umráðanda kristfjárjarðarinnar Arnheiðarstaða í Fljótisdal, út af ágreiningi um landamerki og í því uppkveðinn svolátandi

Dómur:

Því dæmist rjett að vera:

Landamerki milli jarðeignarinnar Skeggjastaða með Götu og Hrafnsgærði á aðra hlið og Arnheiðarstaða á hina skulu vera:

Hrafnsgærðisá frá Ósi við Lagarfljót upp á hálsinn fyrir norðan „Skjöldólfsstaðamýri“, þaðan þversýnis norður á heiði þar til vötnum hallar. –

Málskostnaður samtals kr. 115.66 – eitt hundrað og fimmtán – krónur 66 aurar, þar með taldar krónur 78 – sjötíu og átta – krónur til dómsmanna, greiði málspartar að sínum helming hver. – Dómi þessum sje fullnægt innan 15 daga frá löglegri birtingu hans, undir aðför að lögum. –

Einar Thorlacius

Baldvin Benediktsson

Oddur Jónsson

Bjarni Sveinsson

Halli Sigmundsson

Dómur þessi var í rjettinum hátt upplesinn, er síðan var sagt upp. –

Einar Thorlacius

Baldvin Benediktsson

Oddur Jónsson

Bjarni Sveinsson

Halli Sigmundsson

Rjettan úrdrátt staðfestir

Einar Thorlacius

Þinglýst á Áss-manttalsþingi 23. júní 1891 og innfært í landamerkjabók Norður-Múlasýslu bls. 133-134.

Gjald til landsjóðs:

þinglýsing kr. 0,75

bókun kr. 0,25

= Kr. 1,00 – ein króna

E.Th.



[Án númeris]

Landamerki milli Arnheiðarstaða og hjáleigunnar Geitagerðis (annars vegar) og Brekkugerðis (hins vegar) eru þessi:

Marklækur ræður þaðan sem hann fellur í Lagarfljót og upp í svo nefndan Marklækjarbotn; þaðan beina línu í svo nefndan Einstakahraunsenda fremri, síðan beina línu í Ketilhraun, og þaðan þverlínis á miðheiði þar ríl vötnum hallar.

Framanskrifuðum landamerkjum erum vjer allir hlutaðeigendur samþykkir.

Fyrir hönd Fr. Zeuthens umráðamanns Brekkugerðis Jón Þorsteinsson

Hólmfriður Gunnlögisdóttir meðeigandi Skeggjastaða og Götu.

Jón Ólafsson meðeigandi Skeggjastaða og Götu og eigandi Hrafnsgerðis.

Í umboði Sigurðar prófasts Gunnarssonar umráðamanns Arnheiðarstaða og hjáleigunnar Geitagerðis Sölvi Vigfússon.

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti að Valþjófsstað hinn 22. júní 1891 og innritað í landamerkjabók Norður-Múlasýslu, bl. 134-135.

Einar Thorlacius.

Gjald til landsjóðs:

þinglýsing	kr. 0,75
bókun	kr. 0,25
	= Kr. 1,00 – ein króna
	E.Th.



N^o 3/1891

Landamerki Húseyjar í Hróarstungu.

Að sunnan liggja landamerki yfir miðjan „Aur“ úr Jökulsá í Lagarfljót.

Að austan ræður Lagarfljót út að Seleyri, þá bein stefna í vestara rekamark Eyðasands, sem er þar í fjöru, er vesturvegg Grænmóshússins ber í yzta horn Kirkjubæjarskersla.

Að norðan ræður sjór.

Að vestan ræður Jökulsá.

Kirkjubæ, 20. Júní 1891.

Einar Jónsson

Fyrir hönd Eyðastóls Jónas Eiríksson.

Þinglýst á Fossvallamantalsþingi 25. júní 1891 og innfært í landamerkjabók Norður-Múlasýslu bls. 135-136.

Einar Thorlacius

Gjald til landsjóðs:

Þinglýsing	kr. 0,75
bókun	kr. 0,25
	= Kr. 1,00 – ein króna
	E.Th.



N^o 4/1891

Rekamörk milli Hallfreðarstaðasands og Sleðabryótssands eru þessi:

Nyrztu þúfuna af 3 þúfum sem eru á innanverðum sandinum skal miða við háskerslin og Ærlækjargil í heiðarendanum.

Rekamörk milli Hallfreðarstaðasands og Pjeturssands eru:

Staur, sem rekinn er niður í sandinn og sem miða skal í staka þúfu innar á sandinum og Fálkaklett á Hnitbjörgunum.

Svona voru mjer sögð merkin þegar jeg tók við vöktun á söndum þessum fyrir 30-40 árum, og síðan hef jeg farið eptir þeim án þess nokkur hafi mælt á móti að þau væru rjett.

Húsey, 21. apríl 1890.

Jón Jónsson (nafnið handsalað)

Jeg undirskrifaður votta að ofanskriðuð rekamerki eru samhljóða því sem jeg heyrði Magnús bónda Jónsson í Eyjaseli segja frá þeim þegar jeg var í Eyjaseli fyrir 40-50 árum.

Eyjaseli, 22. apríl 1890.

Guttormur Jónsson (nafnið handsalað)

Þinglýst á Fossvallamantalsþingi 25. júní 1891 og innfært í landamerkjabók Norður-Múlasýslu bls. 136-137.

Einar Thorlacius

Gjald til landsjóðs:

Þinglýsing	kr. 0,75
bókun	kr. 0,25
	= Kr. 1,00 – ein króna
	E.Th.



N^o 5/1891

Rekamörk milli Jórvíkursands og Ketilsstaðasands:

Þá staðið er í meðal flóðgöngu, skal miða svo kallaða Markþúfu milli tveggja þúfna er liggja næstar Markþúfu, inn á sandinum; þó svo, að Markþúfan beri sem næst því, að kollar beri saman á Markþúfunni og nyrðri þúfunni.

Milli Jórvíkursands og Hrollaugsstaðasands:

Þá staðið er í meðal flóðgöngu, skal Markþúfukollar bera við austurbrún Rangárhjúks.

Jórvíkursandur er á lengd 400 faðmar.

Jórvíkurhjáleigu, 5. júní 1891.

Eiríkur Vilhjálmsson.

Stefán Árnason viðstaddur þegar rekamörkin voru sett.

Runólfur Daníelsson samþykkur

Magnús Jónsson

Magnús Einarsson

Þinglýst á Hjaltastaðarmanntalsþingi 27. júní 1891 og innfært í landamerkjabók Norður-Múlasýslu bls. 137-138.

Einar Thorlacius

Gjald til landsjóðs:

þinglýsing	kr. 0,75
bókun	kr. 0,25
	= Kr. 1,00 – ein króna
	E.Th.



N^o 6/1891
Rekamörk Klyftarsands.

Jeg undirskrifaður gef þenna vitnisburð um rekamörk á Klyftarsandi, að þegar maður stendur á austurmörkum, þar sem Eyrarreki og Klyftarsandur mætast er, að Stórásin á Sandbrekkuafrijet sje að hverfa undir Hrafnabjargið, og að á nefndan ás sjái svo, að hann verði glöggvaður. Samkvæmt ofanskrifuðu hef jeg vitnisburð tveggja merkra manna. Norðurmörk Klyftarsands eru, að upp í Hrafnabjargarfjalli opnist rifa milli tveggja hálsa, sem kallaðir eru, „Klyftin“ og „Valsunginn“; þegar aðeins sjer að opnist rifa milli nefndra hálsa, er staðið á mörkum milli Klyftarsands og Sandbrekkusands. –

Þessi ofanskrifuðu rekamörk hefi jeg haft sem umsjónarmaður Klyftarsands, samkvæmt vitnisburðum er áður eru nefndir. –

Gagnstöð, 12. febrúarm. 1884

Stefán Árnason.

Halldór Magnússon (Sandbrekkurekæignarmaður)

Gísli Sigurðsson (umsjónamaður Vallanessreka).

Þinglýst á manntalsþingi að Hjaltastað 27. júní 1891 og innfært í landamerkjabók Norður-Múlasýslu bls. 138.

Einar Thorlacius

Gjald til landsjóðs:

Þinglýsing	kr. 0,75
bókun	kr. 0,25
	= Kr. 1,00 – ein króna
	E.Th.



N^o 7/1891

Landamerki jarðarinnar Desjarmýrar með hjáleigunum Þrándarstöðum og Setbergi eru þessi:

Að sunnanverðu til móts við Húsavík úr fjalli því, er Náttmálafjall heitir beint á Húsavíkurheiðarvarp og eptir því eins og vötnum deilir, og síðan beina sjónhending í fremra eða stærra Gæsavatn. Úr miðju Gæsavatni upp á svonefnda „Hvítuhnjúka“, og þaðan út öll vörp út á Gagnheiði, sem er á milli Stóru- og Litlu-Breiðuvíkur og Borgarfjarðar. Þaðan skilur svonefndur „Þrándarhryggur“ land Desjarmýrar frá Brúnavík. Landamerki milli Desjarmýrar og Hofstrandar eru úr mið strípnnum á svonefndum Grenishæðum, sjónhending ofan í miðja Folaldsgjót, og þaðan beint í Fjarðará.

Að norðanverðu ræður Fjarðará, allt þangað til Þverá fellur í hana, en úr því ræður Þverá, þangað til Skúmhattardalsá fellur í hana, en þaðan ræður Skúmhattardalsá alla leið inn og suður í fjöll.

Kirkjan að Desjarmýri á samkvæmt máldögum Vilchins, Gísla, visitatiu Brynjólfs biskups Sveinssonar 1645 þessi ítök: Þriðjung í viðreka undir Uxafelli allan viðreka í Hellisvík frá drang þeim, er stendur gegnt Rúnaskála, og inn til þess drangs, sem næstur út Laxá. Hvalreka hálfann í Hellisvík, og svo hvar sem kemur inn til drangs, viðreka allan og allan hvalreka í Maríubás. Saltfjöru í Geitarvík milli lækja. Fiskivist að Ölduhamri, Sauðabeit út á sand. XXX Sauðabeit í Hafnarlandi og hellisskjól. Hálfan viðreka og hvalreka út á sandi. Hún á tveggja manna ágöngu á hval í Kjólsvík. Hún á 4. hverja vætt í hvalreka í Maríufjöru frá Laxá. Hún á allan viðreka og hálfan hvalreka út frá drang og inn til Kambs. Kirkjan á ennfremur 30 sauðabeit í Háukinn í Snotrunesslandi og tveggja hrossagöngu í Bakkapýfi og taka ei undan folöld. Hún á einnig 14 feta torfgröf í Jökulsárlandi árlega og 8. hverja vætt í hval í Uxafellsfjöru.

Desjarmýri, 17. maí 1890.

Sem umráðamaður Desjarmýrarkirkju

Einar Vigfússon.

Framanskriðuð landamerki Desjarmýrar til móts við Húsavík og Stóru-breiðuvík samþykki jeg

Dvergasteini 22. apríl 1890

Björn Þorláksson

Framanskriðuð landamerki milli Desjarmýrar og Litluvíkur samþykki jeg hjer með.

Vestdalseyri, 19. júní 1890

fyrir hönd Jóns Arnesens Sigurður Jónsson.

Framanskriðuð landamerki samþykki jeg sem eigandi Dallands.

Dallandi, 22. júní 1890.

Ólafur Kjartansson.

Framanskriðuð landamerki samþykki jeg hjer með

Dallandsparti, júní 23/6 90

Jón Björnsson

Þessi landamerki samþykkjast hjer með.

Hofströnd, 11. júlí 1890.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Guðlaug Sigfúsdóttir

Framangreind landamerki samþykki jeg sem eigandi Brúnavíkur.

Brúnavík, 25. júlí 1890.

Steinn Sigurðsson.

Þessi landamerkjaskrá samþykki jeg sem eigandi og umráðamaður Snortuness. –

Snotrunesi, 11. júlí 1890

Ármann Egilsson.

Framanritaða ítakaskrá samþykki jeg

Geitavík, 26. júlí 1890.

Jóhannes Jónsson.

Framanskriðuð ítök samþykkjum við sem sameigendur Bakka.

Runólfur Þorsteinsson, Egill Árnason.

Þessa landamerkjaskrá samþykki jeg sem umráðamaður og eigandi Gilsárvalla.

p.t. Desjarmýri, 27. júlí 1890

Jón Stefánsson.

Fyrir hönd sóknarprestsins í Vallanesi, séra Bergs Jónssonar

Þorsteinn Magnússon eptir fullmakt.

Hjer með gef jeg herra hreppstjóra Þorsteini Magnússyni í Höfn fullmakt til fyrir mína hönd að undirskrifa ítakaskrá Desjarmýrar kirkju í Borgarfirði; hvað snertir hvalreka í Maríufjöru í Hafnarlandi á þann hátt sem til er tekið í Wilchins máldaga, þar sem svo er tiltekið að Desjarmýrarkirkja eigi fjórðu hverja vætt hvalreka í Maríufjöru, en aptur er sagt í visitatíu Brynjólfs biskups Sveinssonar að Desjarmýrarkirkja eigi 9^{du} hverja vætt í hvalreka í Maríufjöru, og ber þetta ekki saman við Wilchinsmáldaga, en með þessu er þó gefin viðurkenning um, að kirkjan eigi hvalreka í Maríufjöru.

Vallanesi, 25. júnímán. 1890

B. Jónsson.

Þinglýst á Desjarmýrarranntalsþingi 29. júní 1891 og innfært í landamerkjabók Norður-Múlasýslu bls. 139-142.

Einar Thorlacius.

Gjald til landsjóðs:

Þinglýsing	kr. 0,75
bókun	kr. 0,25
	= Kr. 1,00 – ein króna
	E.Th.



N^o 8/1891
Landamerki

jarðarinnar Djúpalækjar í Skeggjastaðaprestakalli í Norður-Múlasýslu eru þessi:
Að norðan ræður frá sjó Hölná upp til jarðbakkaenda, og þaðan Sellækur upp fyrir innri Bláfjallsenda og þar í Djúpalæk, er síðan ræður að austan landamerkjum alla leið til sjóar. –

Fyrir hönd m^d Ólafar Stefánsdóttur í Krossarvík
Jón Halldórsson eptir fullmakt.

Stefán Pjetursson
Guðríður Árnadóttir
Matthildur Þorsteinsdóttir.

Þinglýst á Skeggjastaðamanntalsþingi 9. júlí 1891 og innfært í landamerkjabók Norður-Múlasýslu, bls. 142.

Einar Thorlacius

Gjald til landsjóðs:

Þinglýsing	kr. 0,75
bókun	kr. 0,25
	= Kr. 1,00 – ein króna
	E.Th.



N^o 9/1891

Landamerki Gunnarsstaða í Skeggjastaðahreppi í Norður-Múlasýslu eru þannig:

Að norðan ræður Hölná, frá því er Sellækur rennur í hana, upp eftir þar til Sauðá fellur í hana og upp eptir henni í efstu drög; þaðan í Sellækjardrög og eptir þeim læk aptur í Hölná.

Fyrir hönd Mad. Ólafar Stefánsdóttur í Krossavík
Jón Halldórsson.

Stefán Pjetursson
Matthildur Þorsteinsdóttir

Þinglýst á Skeggjastaðamantalsþingi 9. júlí 1891 og innfært í landamerkjabók Norður-Múlasýslu, bls. 143.

Einar Thorlacius

Gjald til landsjóðs:

þinglýsing	kr. 0,75
bókun	kr. 0,25
	= Kr. 1,00 – ein króna
	E.Th.



N^o 10/1891

Landamerki Þorvaldsstaða á Langanesströndum innan Norður-Múlasýslu eru þannig:

Úr Merkilæk þar er hann fellur til sjávar, og upp eptir honum, þar til er hann myndast úr tveimur drögum; þaðan í vörðu, er stendur á melhól í svokölluðum „Merkiflóa“, þaðan rjettsýnis í aðra vörðu á svonefndum „Fossahnúk“, og sömu stefnu austan við Þorvaldsstaðavatn í Staðará, og upp með henni að vestan allt að upptökum hennar; þaðan beint norður í Djúpalækjardrög, og ræður sá lækur eptir það merkjum til sjóar.

Þorvaldsstaðir eiga allan viðreka milli Merkilækjar og Djúpalækjar og þrjá fjórðunga hvalreka, en einn fjórðung á Skálholtskirkja. –

Þorvaldsstöðum, 14. júlí 1890.

Guðríður Árnadóttir

Jón Halldórsson á Skeggjastöður (eigandi) (umráðamaður Skeggjastaðakirkju).

Ár 1883, föstudaginn þann 22. júnímánaðar gjörðum vjer undirskrifaðir áreið á landamerki milli Þorvaldsstaða og Djúpalækjar í Skeggjastaðahreppi, eptir beiðni eiganda og ábúanda Þorvaldsstaða Árna bónda Þorkelssonar og að viðstöddum Gunnlögi presti Halldórssyni sem umboðsmanni eiganda Djúpalækjar, Ólafar Stefánsdóttur í Krossavík; eptir að vjer höfðum skoðað landið í kring og landamerkjalinu þá, er hingað til hefur verið viðtekin, en sem vafi hefur leikið á hvort mundi rjett vera, var það eindregið álit vort að eðlilegast væri að Djúpilækur, eins og hann nú fellur ráði landamerkjum milli áminnstra jarða alveg í sjó niður.

Þetta álit vort milli um landamerki milli jarðanna Þorvaldsstaða og Djúpalækjar gefum vjer eptir bestu sannfæringu.

Staddir að Þorvaldsstöðum d.u.s.

Þ. Hálfvánason

St. Þjetursson (handsalað)

Jakob Jónasson (handsalað)

Þorst. Þorsteinsson (handsalað).

Þessu álit eru við samþykkir.

Árni Þorkelsson

Gunnl. Halldórsson með væntallegu samþykki Ólafar Stefánsdóttur.

Samþykkt af mjer Ó.A. Stefánsdóttir.

Innfært til þinglýsingar í landamerkjabók Norður-Múlasýslu hinn 24. júlí 1891, bls. 143-145.

Þinglýst á Skeggjastaðamanntalsþingi 16. júlí 1892. –

Einar Thorlacius

Gjald til landsjóðs:

þinglýsing kr. 0,75

bókun kr. 0,25

= Kr. 1,00 – ein króna

E.Th.



N^o 11/1891

Útskrift úr dómsmálabók Norður-Múlasýslu

Ár 1890, fimmtudaginn 29. ágúst var aukarjettur Norður-Múlasýslu settur á skrifstofu sýslunnar og haldinn af sýslumanni Einari Thorlacius með meðdómsmönnum Sigurði Stefánssyni, Birni Hermannssyni, Runólfi Þorsteinssyni og Einari Eiríkssyni; var þar þá í landamerkjamálinu:

Jónas P. Hallgrímsson, sem eigandi Álptavíkur
gegn

Páli Ólafssyni, sem umráðamanni þjóðjarðarinnar Ness í Loðmundarfirði
út af ágreiningi um landamerki
upp kveðinn svolátandi

Dómur:

Því dæmist rjett að vera:

Landamerki milli Álptavíkur í Borgarfirði og Ness í Loðmundarfirði skulu vera þessi: Úr „Stallkletti“, sem stendur fast við sjó, utan við svokallaða „Innri-Álptavík“, en framan eða vestan við svokallaðann „Höfðasand“ og þaðan beint upp fjallsröð upp á „Miðmundarfjallskoll“, sem er yzta og hæsta fjall milli Húsavíkur og Ness, og þaðan inn eptir fjallseggjum inn á svokallaða „Sandskeið“, sem er efst á fjallinu á veginum yfir Nesháls.

Af málskostnaði, sem er 58 kr. 91 eyrir, borgi sóknaraðili helminginn, eða 29 kr. 46 aur., en varnaraðili hinn helminginn, eða 29 kr. 46 aura. –

Hið ídæmda ber að greiða innan 15 daga frá löglegri birtingu dómsins. Undir aðför að lögum.

Einar Thorlacius

Sig. Stefánsson, Björn Hermannsson, Runólfur Þorsteinsson, Einar Eiríksson

Dómur þessi var hátt upplesinn í rjettinum, er síðan var sagt upp. –

Einar Thorlacius.

Sig. Stefánsson, Björn Hermannsson, Runólfur Þorsteinsson, Einar Eiríksson

Rjetta útskrift staðfestir

Einar Thorlacius

Innfært til þinglýsingar í landamerkjabók Norður-Múlasýslu hinn 24. júlí 1891, bls. 145-146.

Mjer sýnd 10/7 92.

J. Havsteen amtm.

Þinglýst á Seyðisfjarðarmanntalsþingi 16. júní 1892. –

Einar Thorlacius

Gjald til landsjóðs:

þinglýsing	kr. 0,75
bókun	kr. 0,25
	= Kr. 1,00 – ein króna
	E.Th.



N^o 1/1892

Endurrit

af niðurlagi aukarjettardóms Norður-Múlasýslu, 19. septbr. 1891, í málinu:

Páll umboðsmaður Ólafsson á Hallfreðarstöðum gegn Jóni bónda Einarssyni á Víðivöllum, út af heimildralausri notkun á ítökum í Skriðuklausturslandi.

Því dæmt rjett að vera:

Hinum stefnda, Jóni Einarssyni, skal vera óheimil notkun þeirra ítaka, er hann gerir tilkall til í land þjóðjarðarinnar Skriðuklausturs, þar til útkljáð er, hvort hinn svonefndi Víðivallamáldagi frá 1674 er gildandi heimildaskjal eða ekki, en sje að öðruleyti sýkn af kærnum og kröfum sækjandans, Páls umboðsmanns Ólafssonar í máli þessu. –

Málskostnaður fellur niður.

Undir aðför að lögum.

Einar Thorlacius.

Rjett endurrit staðfestir

J. Havsteen.

Þinglýst á Valþjófsstaðarmanntalsþingi 20. júní 1892, og innfært í landamerkjabók Norður-Múlasýslu, bls. 147.

Athugasemd. Eigandi Víðivalla Jón Einarsson, mótmælir þessari þinglýsingu þar eð dómurinn hafi aldrei verið sjer löglega birtur.

Einar Thorlacius.

Gjald til landsjóðs:

þinglýsing	kr. 0,75
bókun	kr. 0,25
	= Kr. 1,00 – ein króna
	E.Th.



N^o 2/1892

(Sjá landamerkjaskrá Skriðuklausturs í Fljótisdal N^o 15/1884 á bls. 18-19 hjer að framan. —)

Með því Sæbjörn Egilsson hvorki hafði nokkurt umboð eða heimild frá landshöfðingjanum yfir Íslandi eða hlutaðeigandi antmanni til þess að viðurkenna þau þrjú ítök, sem tilgreint er að framan að tilheyri Víðivöllum ytri í Skriðuklausturslandi, lýsi jeg því hjer með yfir, að viðurkenning þessi er marklaus, og fer um ítökin eptir því, sem ákveðið er í dómi aukarjettar Norður-Múlasýslu 19. sept. 1891.

Íslands Norður- og Austuramt.

Akureyri, 14. maí 1892.

J. Havsteen.

Þinglýst á Valþjófsstaðarmanntalsþingi 20. júní 1892, og ritað í landamerkjabók Norður-Múlasýslu, bls. 148.

Einar Thorlacius.

Athugasemd: Jón Einarsson á Víðivöllum mótmælir þessari yfirlýsingu amtsins, að því leyti er ítökin snertir, sbr. mótmæli hans við aukarjettardóm Norður-Múlasýslu í næsta n^o á undan.

Einar Thorlacius

Gjald til landsjóðs:

þinglýsing	kr. 0,75
bókun	kr. 0,25
	= Kr. 1,00 – ein króna
	E.Th.



N^o 1/1893.

Útdráttur úr dómsmálabók Norður-Múlasýslu

Ár 1888, fimmtudaginn 20. septbr. var aukarjettur Norður-Múlasýslu settur og haldinn að Fossvöllum af sýslumanni Einar Thorlacius og meðdómsmönnum: Sæbirni Egilssyni, Þorvarði Kjerulf, Jónasi Eiríkssyni og Bjarna Jónssyni; var þar þá í málinu:

Stefán prestur Halldórsson, sem umboðsmaður Arnórsstaða og Kristján bóndi Sigurðsson sem eigandi Víðirhóla

gegn

Stefáni bónda Einarssyni, eiganda Möðrudals, út af ágreiningi um landamerki

uppkveðinn svolátandi

Dómur:

Því dæmist rjett að vera:

Landamerki millum Möðrudals á Fjalli annarsvegar, og Víðirhóla í Jökuldalsheiði og Arnórsstaða á Jökuldal hinsvegar eru þessi: Sjónhending úr Rúnasteini, er stendur á svo nefndri Urðarhlíð, inn og vestur frá Sænautaseli og í Eyktargnýpu, þverbrattan gnúp, er stendur fremst og syðst á öxlum þeim, er liggja inn og vestur frá Gestreiðarstöðum, vestanvert við kvísl þá, er fellur úr Sænautavatni út skammt frá gnúpnunum að austan.

Af málskostnaði, 233 kr. 6 aur. – tvö hundruð þrjátíu og þrjár – krónur, 6 aurar greiði sóknaraðilar, Stefán prestur Halldórsson og Kristján bóndi Sigurðsson, helminginn, og varnaraðili, Stefán bóndi Einarsson, hinn helminginn.

Hið ídæmda ber að greiða innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa og dóminum að fullnægja undir aðför að lögum. –

Einar Thorlacius.

Snæbjörn Egilsson, Þorvarð Kjerulf, Jónas Eiríksson, Bjarni Jónsson.

Dómur þessi var hátt upplesinn í rjettinum, er síðan var sagt upp. –

Einar Thorlacius.

Snæbjörn Egilsson, Þorvarð Kjerulf, Jónas Eiríksson, Bjarni Jónsson (handsalað)

Rjettan útdrátt staðfestir

Einar Thorlacius.

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti að Skjöldólfsstöðum 20. júní 1893 og innfært í landamerkjabók Norður-Múlasýslu, bls. 149-150.

Einar Thorlacius.

Gjald til landsjóðs:

þinglýsing kr. 0,75

bókun kr. 0,25

= Kr. 1,00 – ein króna

E.Th.



N^o 2/1893
Landamerki

kirkjujarðarinnar Húsavíkur í Borgarfirði – en það eru jarðirnar Húsavík, Hólshús, Dalland, Dallandspartur, Álptavík og Litla-Breiðavík – eru þessi:

að sunnanverðu til móts við Nesland í Loðmundarfirði úr sjó yfir Stigaklett, er áður kallaðist Stallklettur, fyrir innan svo kallaða innri Álptavík beint á fjall upp, síðan eptir vatnalínu á Sandskeið, þaðan upp á fjalli Skæling, og þar næst fram og norður eptir fjallgörðum á fjall, er heitir Skúmhöttur, að því búnu eptir vatnalínu á fjallgörðunum innan við Húsavík beina leið til Borgarfjarðar allt á Náttmálafjall, þaðan eptir Húsavíkurheiðarvarpi eptir því sem vötnum hallar, og síðan beina sjónhending í fremra eða stærra Gæsavatn, og úr Gæsavatni beint í á þá, er rennur millum Breiðuvíkna og út eptir henni allt að svokölluðu Melshorni eða Bringu sunna við ána, og því næst beint til sjóar eptir línu eða beinni stefnu úr Bálki eða Brunku, sem er tindur á fjallinu milli Breiðuvíkur og Borgarfjarðar, yfir Melshornið eða Bringu.

Kirkjan í Húsavík á samkvæmt máldögum Vilkins, Gísla visitaziubók Brynjólfs biskups Sveinssonar 1655, Jón biskups Árnasonar 1727, Ólafs biskups Gíslasonar 1748, Hannesar biskups Finnssonar 1780, þessi ítök: 16 hluta úr Ósreka í Hjaltastaðarþinghá, og áttung suður frá Greispgjá til almenningafjöru (þetta er hvorttveggja undir Hafnarbjargi í Borgarfirði) undir Vogsfjöllum, alla Kallasteins- eða Kaldasteinsfjöru og allan reka í Svínavík (þetta hvorttveggja í Stóru-Breiðuvík)

Dvergasteini, 17. maí 1887.

Fyrir hönd síra Jónasar Hallgrímssonar á Skorrastað eiganda Húsavíkur, Hólshúsa og Álptavíkur Björn Þorláksson

Dallandi og Dallandsparti, 21. júní 1887.

Ólafur Kjartansson eigandi Dallands.

Kristín Sæbjörnsdóttir eigandi Dallandsparts.

Vestdaldeyri, 17. maí 1887.

Fyrir hönd eiganda Litlu-Breiðvíkur, Jóns Arnesens

Sigurður Jónsson.

Að hálfu Desjarmýrarkirkju, er á land á löngu svæði til móts við Húsavík, samþykki hið framanritaða

Desjarmýri, 18. maí 1887.

Einar Vigfússon.

Sem umsjónamaður Klyppstaðarkirkju, er á land til móts við Húsavík á fleirum stöðum, samþykki jeg hið framanritaða.

Klyppstað, 21. júní 1887

Finnur Þorsteinsson.

Lagt fram í aukarjetti Norður-Múlasýslu 27. júní 1889 –
Einar Thorlacius.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti á Seyðisfjarðaröldu 2. júní og að Desjarmýri 24. júní 1893, og innfært í landamerkjabók Norður-Múlasýslu, bls. 151-152. –
Einar Thorlacius.

Gjald til landsjóðs:

þinglýsing	kr. 0,75
bókun	kr. 0,25
	= Kr. 1,00 – ein króna
	E.Th.



N^o 1/1894

Landamerki fyrir jörðinni Rangárlóni eru þessi:

Af Sænautafelli þar sem það er hæðst út í stórt gil vestan við Arnórsstaðasel; þaðan bein lína austur í Bjallkollu, sjerstakan melhól sem er í beinni línu frá þessu gili í Botnahraun, eða Refaklett, sem Hákonarstaðamáldagi vísar til; svo beina línu úr Bjallkollu í Sænautavatn sunnan við kvísl þá, er fellur úr því austan við Rángárlónsbæinn, og svo vestur yfir vatnið í Sænautafellið þar sem það er hæðst.

Víðihólum þann 6. júní 1894.

Kristján Jón Sigurðsson

Einar Þórðarson forráðamaður Hofteigskirkju.

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti að Skjöldólfsstöðum 6. júní 1894 og innfært í landamerkjabók Norður-Múlasýslu, bls. 153.

Einar Thorlacius.

Gjald til landsjóðs:

þinglýsing	kr. 0,75
bókun	kr. 0,25
	= Kr. 1,00 – ein króna
	E.Th.



N^o 2/1894.

Landamerki fyrir jörðinni Sænautaseli eru þessi að austan:

Botnahraun sem stendur á milli Hákonarstaða og Arnórsstaðalands; þaðan beint í Bjallkollu, og þaðan beint í Kvíslarós sem fellur úr Sænautavatni sunnan við Rangárlón, og þaðan beint yfir vatnið og í upp Sænautafell á Marköldu, og þaðan beint í Rúnastein, sem stendur á landamerkjum Brúar og Möðrudals, og þaðan beint í Skotmannsvík (Skollavík) við Ánavatn, og þaðan austur í mitt Ánavatn og beint í Botnalæk, og ræður svo Botnalækur í Botnahraun. –

Fossgerði, 4. júní 1894.

Guðmundur Snorrason

Eiríkur Guðmundsson

Kristján Jón Sigurðsson

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti að Skjöldólfsstöðum 6. júní 1894 og innfært í landamerkjabók Norður-Múlasýslu, bls. 153-154.

A.V. Tulinius, settur.

Gjald til landsjóðs:

þinglýsing	kr. 0,75
bókun	kr. 0,25
	= Kr. 1,00 – ein króna
	A.V.T.



N^o 3/1894.

Landamerkjaskrá Brúarlands.

Landamerki milli Brúar og Eiríksstaða, Hákonarstaða og Möðrudals.

Eptir garði þeim, er liggur úr Jökulsá utan við svokallaða „Orustustaði“, sjónhending í fremstu Hnefilöxl; þaðan í svokallaðann Stóralæk, er fellur í Þverárvatn, og allt land vestan vatna, út í sel sem stendur í svo kölluðum Skolladal; þaðan beina leið í Rúnastein á Urðarhlíð, sjónhending í hestleið á Þríhyrningsfjallgarð. Allan Arnardal átölulaust, allt land Jökulsár á milli.

p.t. Brú 4. júlí 1890.

Eiríkur Guðmundsson

Einar Eiríksson

St. Einarsson

S. Magnússon

Eiríkur Einarsson

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti að Skjöldólfsstöðum 6. júní 1894 og innfært í landamerkjabók Norður-Múlasýslu, bls. 154-155.

A.V. Tulinius, settur.

Gjald til landsjóðs:

þinglýsing	kr. 0,75
bókun	kr. 0,25
	= Kr. 1,00 – ein króna
	A.V.T.



N^o 4/1894
Landamerkjaskrá.

Landamerki fyrir Eiríksstaðalandi eru þessi:

Fyrir suðvestan bæinn úr Jökulsá yfir af Arnarbæli eptir garði þeim er liggur utan við Orustustaði (Orrastaði,) þaðan sjónhending í Hnefilsöxl fremstu, svo beint í Merkilæk (Stóralæk), er fellur í mitt Þverárvatn; þaðan út með Þverárvatni og Ánavatn, ~~norð~~^{aust}anverðum, út til Víðirhólalands í Digranes, þaðan í Buskós, svo í Víðidalsárós, þaðan í (miðja) Lönguöxl, svo sjónhending í norðari Álptatjarnarós, þaðan í Þrísteina, sem standa austan í mel sunnan við Sjónarhól, síðan sjónhending niður fjall í stein þann er stendur í Þrándargili fyrir utan Illuskriðu, svo þaðan beint niður í Jökulsá. –

Eiríksstöðum 21. maí 1894.

Einar Eiríksson

Eiríkur Guðmundsson

Kristján Jón Sigurðsson.

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti að Skjöldólfsstöðum 6. júní 1894 og innfært í landamerkjabók Norður-Múlasýslu, bls. 155.

A.V. Tulinius, settur.

Gjald til landsjóðs:

þinglýsing	kr. 0,75
bókun	kr. 0,25
	= Kr. 1,00 – ein króna
	A.V.T.

Sjá hins vegar ritað vottorð.



N^o 5/1894

Vottorð.

16. dag septembermánaðar 1885, var jeg undirskrifaður, ásamt Einari sýslumanni Thorlacius og Þorvarði lækni Kjerulf, af eigendum jarðanna Eiríksstaða og Grundar á Jökuldal – Gunnlaugi bónda Jónssyni Snædal og Bjarna bónda Rustikussyni á Grund – kjörin til að ríða á og álíta landmerki milli tjeðra jarða, og gjöra út um þau til fullnaðar. Játuðu nefndir jarðeigendur því, áður en vjer riðum, ásamt þeim, á landamerkin, að hlíta gjörð vorri þeirri, eins og hún yrði, allt eins og dæmd væri af lögsskipuðum merkjadómi – ella kváðumst vjer enga álitsgjörð mundum gjöra í það skiptið. –

Að lokinni áreið, og gjörðum samningi um landamerkin, buðu nefndir jarðeigendur oss borgun fyrir það, en hana gáfum vjer þeim. –

Samningur þessi var fullger á Hákonarstöðum að morgni þess 17. september sama ár. –

Landamerki milli Eiríksstaða og Grundar urðu þá sem hjer segir:

Að austan úr Jökulsá í stein þann, sem stendur í Þrándargili fyrir utan Illuskriðu, þaðan sjónhending upp í Þrísteina; þaðan í svo kallaðann Álptartjarnarós; þaðan sjónhending í miðja Lönguöxl; þaðan í Víðidalsárós, svo kallaðann. –

Þetta vitna jeg og býðst til að sanna með eiði ef þess verður krafizt.

Hrafnkelsstöðum, 23. júlí 1893.

Sæbjörn Egilsson.

Að framanrituð landamerkjagjörð og lýsing landamerkja sje rjett skráð eptir því, sem mig frekast minnir, votta jeg hjer með í embættis nafni.

Skrifstofu Norður-Múlasýslu, 30. ágúst 1893.

Einar Thorlacius (L.S.)

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti að Skjöldólfsstöðum 6. júní 1894 og innfært í landamerkjabók Norður-Múlasýslu, bls. 156-157.

A.V. Tulinius, settur.

Gjald til landsjóðs:

þinglýsing	kr. 0,75
bókun	kr. 0,25
	= Kr. 1,00 – ein króna

A.V.T.



N^o 6/1894

Útskrift úr dómsmálabók Norður-Múlasýslu

Ár 1892, þriðjudaginn 13. septbr. var aukarjettur Norður-Múlasýslu settur að Bustarfelli og haldinn ag sýslumanni Einari Thorlacius með meðdómsmönnum Þorvarði læknir Kjerulf, Jónasi búfræðing Eiríkssyni, Sæbirni bónda Egilssyni og Guðmundi bónda Snorrasynti. – Var þá lagt fram:

„Extract útskriftar af máldaga Stefáns biskups um Möðrudalskirkju frá 1645 og afstöðu-uppdráttur af Jökuldalsheiði frá svo kölluðum „Rúnasteini“ á Urðarhlíð“ út í Súlendur. – Sækjandi er viðstaddur og af hendi hins stefnda Jón bóndi Kjartansson á Arnórsstöðum. Málspartar lögðu málið í dóm eptir að áreið að nýju hafði farið fram í gær á landið. Var síðan í landamerkjamáli

Matúsalems Einarsson, eigandi Bustafells og Brúnahvamms

gegn

Stefáni Einarssyni í Möðrudal

uppkveðinn svolátandi

Dómur:

Mál þetta, er lagt hefur verið til sátta, eins og lög standa til, og síðan var lagt í dóm eptir að málspörtum hafði verið veittur nægur frestur til þess að útvega sjer skilríki þau, er fengizt gætu, er hafið af Matúsalem bónda Einarssyni á Bustarfelli gegn Stefáni bónda Einarssyni í Möðrudal út af ágreiningi um landamerki nýnefndra eignarjarða þeirra, og hafa dómsmenn tvisvar riðið á landið ásamt málspörtum, að fráteknum Guðmundi Snorrasynti, sem var nýr maður í dóminum, og hefir því aðeins riðið á það einusinni, en er áður gagnkunnugur. Á framlögðum skjölum af hálfu málsparta verður ekkert verulegt byggt, þar eð þau eru fá, og hafa ekki sönnunargildi að ætlun merkjadómsins, nema ef vera skyldi extract af máldaga Stefáns biskups um Möðrudalskirkju, 29. júlí 1645, verður merkjadómurinn því að öðru leyti að byggja á eðlilegum landsháttum. Þess skal hjer getið, að um undanfarin mörg ár hefur verið ágreiningur um þrætuland þetta milli Bustarfells og Möðrudals án þess að misklíð þeirri hafi verið ráðið til lykta. Árið 1888 var felldur landamerkjadómur milli Möðrudals annars vegar og Arnórsstaða og Víðirhóla hins vegar með þeim úrslitum, er óhöggugt standa enn þá, að landamerki þar á milli, skyldu vera: „eftir sjónhendingu úr Rúnasteini á Urðarhlíð og í Eyktargnýpu“, er hinn nýi dómsmaður viðurkennir einnig rjett ákveðin. Nú stendur hjer svo á, að landamerkjálina sú, er sækjandi heimtar ákveðina milli Bustarfells og Möðrudals liggur í beinni sjónhending áframhaldandi af hinum innri áður ákveðnu mörkum, og virðist merkjadómnum engin ástæða til að breyta þeirri stefnu, er þá var tekin. Landamerki milli Möðrudals og Bustafells verða því, að áliti dómsmanna: Sjónhending úr ós lækjar þess, er fellur í Hölkná undan Súlendum á Möðrudalsvegi, og samþykktur er af málsaðilum, yfir austanvert Stóra-lækjarvatn í Eyktargnýpu, er stendur fremst og syðst á öxlum þeim, er liggja inn og vestur af Gestreiðarstöðum (sbr. landamerkjadóm Norður-Múlasýslu 20. sept. 1888) Af málskostnaði, sem er samtals 266 kr. 56 aura álíta dómsmenn rjett að málspartar greiði sinn helminginn hvor. –

Því dæmist rjett að vera:

Landamerki milli Bustarfells í Vopnafirði og Möðrudals á Fjalli skulu vera þessi: Sjónhending úr ós lækjar þess, er fellur í Hölkná undan Súlendum á Möðrudalsvegi, yfir austanvert Stóralækjarvatn í Eyktarnýpu, er stendur fremst og syðst á Öxlum þeim, er liggja inn og vestur frá Gestreiðarstöðum. –

Af málskostnaði, sem er 266 kr. 56 aura greiðir sóknaraðili, Matúsalem Einarsson, helminginn eða 133 kr. 28 aura, en varnaraðili, Stefán Einarsson, hinn helminginn, eða 133 kr. 28 au. Hið dæmda ber að greiða innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins og dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Einar Thorlacius.

Porvarðr Kjerulf, Jónas Eiríksson, Sæbjörn Egilsson, Guðmundur Snorrason.

Dómur þessi var hátt upplesinn í rjettinum og rjettinum síðan sagt slitið. –

Einar Thorlacius

Porvarðr Kjerulf, Jónas Eiríksson, Sæbjörn Egilsson, Guðmundur Snorrason.

Rjetta útskrift staðfestir

Einar Thorlacius.

Ár 1892, hinn 20. desembermán. höfum við undirskrifaðir eiðssvarnar stefnuvottar í Jökuldalshreppi birt framanritaðan dóm fyrir Stefáni bónda Einarssyni sjálfum, er við fundum heima á lögheimili hans Möðrudal, og lýsti hann því yfir fyrir okkur að hann vildi ekki segja til að svo stöddu, hvort hann ætlaði að una við dóminn eða ekki. – Þetta vitum við samkvæmt stefnuvottaeiði okkar með undirskrifuðum nöfnum okkar og hjásettum innsiglum

Magnús Ívarsson (L.S.)

Björn Sigurðsson (L.S.)

Lesið fyrir manntalsþingrjetti á Vopnafjarðarverslunarstað 9. júlí 1894 og innfært í eignarskjala landamerkjabók Norður-Múlasýslu, bls. 157-160.

A.V. Tulinius, settur.

Gjald til landsjóðs:

Þingl. og bókun 1 kr. 00 au.

– ein króna

A.V.T.



N^o 7/1894

Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Bustarfelli.

Að utan úr Teigarárós þar sem áin fellur í Hofsá og upp með henni í Nikurvatnsósinn ytri; þaðan inn Nikurvatn í kyl þann, sem fellur í vatnið að ~~austan~~ vestan og nefndur er Nikurvatnskýll, ræður hann svo inn fjall og í Fiskivatn, þaðan beina stefnu inn á móts við Fiskilæk; þaðan austur beina leið ofan fyrir framan Litlu öxl ofan í svo kallaðann Fremri-Sniðalæk, sem ræður landamerkjum að framan í Hofsá.

Methúsalem Einarsson eigandi Bustarfells

7. júlí 1894.

Gestur Sigurðsson eigandi Foss

Fyrir Haugsstaði samþykkir Kr. Jóhannsson.

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti á Vopnafjarðarverslunarstað hinn 9. júlí 1894 og innfært í landamerkjabók Norður-Múlasýslu, bls. 160-161. –

A.V. Tulinius, settur.

Gjald til landsjóðs:

Þingl. og bókun kr. 1.00

– ein króna –

A.V.T.



N^o 8/1894

Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Brúnahvammi.

Að utan, þar sem Hafragerðislækur fellur í Hofsá, upp með honum í neðsta bug á ofannefndum læk, þaðan beina línu framan á há-Kálfell, þaðan norður beina línu í stæðsta eða neðsta foss í Skeljungská, svo ræður að ofan nefnd á landamerkjum inn í Skeljungskvos og í Súlendur, aptur þaðan og í læk þann, sem kemur ofan framan við ofannefnt fjall og í efsta bug á Hólkná í Möðrudalsveginum; þaðan ræður áin landamerkjum að innan í Hofsá.

Gjört á Bustarfelli 7. júlí 1894

Methúsalem Einarsson eigandi Brúnahvamms.

Gestur Sigurðsson eigandi Foss.

Sem eigandi fyrir Haugstaði, samþykkur Kr. Jóhannsson.

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti á Vopnafjarðarverslunarstað hinn 9. júlí 1894 og innfært í landamerkjabók Norður-Múlasýslu, bls. 161-162. –

A.V. Tulinius, settur.

Gjald til landsjóðs:

Þingl. og bókun kr. 1.00

– ein króna –

A.V.T.



N^o 1/1895

Heilög Marju kyrkja á Hákonarstöðum á allt heimaland Sextán hundruð með öllum hjáleigum hvar til liggja Víðirhólar 8 hundruð. Brandur Ásbjarnarson gaf kyrkjinni land allt í Geyrbjarnar-Oddum suður af Herðubreið. Ýtem Hval og allan reka um Múlahöfn fyrir ofan 4 álnir um miðjan dríl til lands enda.

Staðurinn á land allt: Úr Jökulsá og í stein þann, er stendur í Þrandargili so beint í fjall upp í Þrístaina so í Langöxl, so í Víðiráróss, so í Búskutanga fremri, so á Digranes við Ánavatn, so í Skotmannslæk. Og so í Stein, sem stendur ynnann til á Urðarhlíð með áklöppuðum Rúnum þaðan sjónhending í lækinn fyrir vestan Arnórstaðasel so í Refaklett, so í Launguhlíðarenda fremri, so ynnan til á hæðir fyrir sunnan Kýla hamar, so niður með Hnjúksá.

Víðihólar eiga land allt fyrir norðan Víðirá, hvar til liggur Sænautarsel, með áður greindum landamerkjum, ýtem: Veiði í Ánsvatni og Sænautavatni, sem sá er heima er á staðnum.

Þessi máldagi, er að nokkru byggður á Gísla biskups máldaga-skjölum hver hann segir samhljóða Vilkinsmáldaga Rituum 1397 að öllu það kyrkjunnar eignum viðvíkur.

Skálholti 14. Juni 1663

Magister Brynjólfur Sveinsson

Jón Halldórsson

Hákon Ormsson

Bjarni Eyriksen

Gísli Sigurðsson

Jón Sigurðsson

Finnur Jónsson

Rjett eptirritað skinnmáldaga Hákonarstaðakyrkju

vitnar G. Gíslason

Við undirritaðir, eg sýslumaður Einar Thorlacius og ég ritstjóri Skapti Jósefsson höfum með sjónauka nákvæmlega yfirfarið og samlesið eptirrit þetta við Hákonarstaða máldaga á kálfskinni, en nokkuð máðan og vottum hjer með, að þetta eptirrit sje samhljóða þeim máldaaga, að svo miklu leiti, sem við bezt og næst höfum komist að.

Seyðisfirði 16. sept. 1893

Einar Thorlacius

Skapti Jósefsson

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti að Skjöldólfsstöðum hinn 8. júní 1895 og innfært í eignaskjala- og veðmálabrefabók Norð landamerkjabók Norður-Múlasýslu, bls. 162-163.

A.V. Tulinius, settur.

Gjald til landsjóðs:

Þingl. og bókun kr. 1.00

– ein króna –

A.V.T.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS



No 2/1895

Vjer undirskrifaðir eigendur jarðanna Vakursstaða og Ljósstaða í Vopnafjarðarhreppi í Norður-Múlasýslu gjörum hjer með eptirfylgjandi samning viðvíkjandi landamerkjum tjeðra jarða

Takmörkin skulu vera Hvammslækur er rennur í Vesturdalsá, svo langt sem hann nær upp til fjalls, og þaðan beina stefnu í hin svonefnd Klaksgil er ætíð hefur ráðið landamerkjum jaðanna.

p.t. Vopnafjarðarverzlunarstað 13. Marz 1895.

Vegna Margrjetar Hálfánardóttir

eptir umboði B. Sveinsson

Vegna Sigríðar Hálfánardóttir

eptir umboði Þ. Þórarinsson.

Þ. Hálfánarson

Vigfús Jónsson (eigandi að ½ Vakursstöðum)

Sigurveig Sigurðardóttir (handsalað, Jóni Hallgrímssyni)

Arnþrúður Jónsdóttir (handsalað, Jóni Hallgrímssyni) eigendur að ½ Vakursstöðum.

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti að Vopnafirði þann 31. mai 1892 og innfært í landamerkjabók Norður-Múlasýslu, á 164 blaði.

A.V. Tulinius, settur.

Gjald til landsjóðs:

Þingl. og bókun kr. 1.00

– ein króna –

A.V.T.



Nº 3/1895

Við undirskrifaðir eg Metusalem Einarsson á Bustarfelli og eg Jón Jónsson á Skjöldúlfsstöðum gjörum hjermeð af frjálsum vilja og í viðurvist tveggja tilkvaddra votta svolátandi samning milli okkar:

Eg Metusalem Einarsson eptirlæt hjermeð og afsala frá Eignarjörð minni Bustarfelli í Vopnafirði, öllu því landi austan við Gestreiðarstaðakvísla, sem áður nefndri eignarjörð minni Bustarfelli var tildæmt með landamerkjadómi milli hennar og Möðrudals dagsettum 13. juli 1892. Skal því hjereptir áðurnefnd Gestreiðarstaðakvísl, vera einustu landamerki milli jarðanna Bustarfells í Vopnafirði, og Skjöldúlfsstaða í Jökuldal, svo lengi, sem hún fellur í þeim sama farvegi, er nú fellur hún, og allt land austan hennar, sem með áðurnefndum landamerkjadómi er tildæmt Bustarfelli vera landareign Skjöldúlfsstaða óátalið af mjer og mínum erfingjum.

Eg Jón Jónsson skuldbind mig aptur á móti til að greiða Metusalem Einarssyni einn þriðjung þess kostnaðar er málssókn hans að eiganda Möðrudals hefur bakað honum. Kostnaður þessi er 300 krónur og borga jeg því Metusalem Einarssyni 100 – eitt hundrað krónur.

Samningi þessum skal þinglýsa á næsta manntalsþingi.

Til staðfestu eru undirrituð nöfn okkar beggja með eigin hendi, sem og nöfn hinna tilkvöddu votta. Staddir í Vopnafjarðarverzlunarstað þ. 13 Juli 1894.

M. Einarsson

Jón Jónsson

vitundarvottar:

Ó.F. Davíðsson

V. Sigfússon.

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti að Skjöldúlfsstöðum hinn 8. júní 1895 og innfært í landamerkjabók Norður-Múlasýslu á bls. 164-165.

A.V. Tulinius, settur.

Gjald til landsjóðs:

Þingl. og bókun kr. 1.00

– ein króna –

A.V.T.



N^o 4/1895

Ár 1894 27 dag júlím. var af hinum skrifuðu sáttamönnum í Vopnafjarðarsáttaumdæmi sáttafundur settur og haldinn á Vopnafjarðarverzlunarstað. Tílefni fundarins var það, að Árni Jónsson læknir á Vopnafirði álitur sig hafa eignast tilkall til landsnyttja og sjávargagns svo og ítaka allra í Vatnsdalsgerðis landi, eptir hlutfalli því, sem er milli Vatnsdalsgerðis og Ásbrandsstaða er hann varð eigandi að með afsalsbrjefi frá eigendum Ásbrandsstaða. En eigandi Vatnsdalsgerðis P. Guðjohnsen á Vopnafirði vildi ekki kannast við gildi þessarar kröfu og bað Árni læknir því sáttanefndina, að kalla sig og hann fyrir til sáttatilrauna.

Kæran þar að lútandi dagsett 21. Juli með árituðu fyrirkalli dagsettu sama dag og birtingarvottorði stefnuvotta dags 23. s.m. var framlögð og merkt N^o 1 svohljóðandi:

Kærandi mætti sjálfur en fyrir hönd hins kærða mætti í forföllum hans verzlunarstjóri Ó.F. Davíðsson á Vopnafirði samkvæmt brjeflegu umboði dags 25. Juli og var það einnig framlagt og merkt N^o 2, svohljóðandi.

Síðan var framlögð landamerkjaskrá fyrir Vatnsdalsgerði dags 11. Juli 1890 merkt N^o 3 svohljóðandi ... og sömuleiðis var framlögð yfirlýsing frá fyrverandi eiganda Ásbrandsstaða, Jóni Hallgrímssyni dags 25. Juli 1894 merkt N^o 4 svohljóðandi ...

Eptir nokkrar umræður bauð kærandi þau boð, að selja kærða eign sína Ásbrandsstaði, eða kaupa jörðina Vatnsdalsgerði, en að því boði getur umboðsmaður hins kærða ekki gengið, þar aðili málsins er fjarverandi. Þá gjörði umboðsmaður hins kærða þau sáttaboð að frá þessum degi skuli hin svonefndu Skálasker vera eign beggja jarðanna Ásbrandsstaða og Vatnsdalsgerðis með Skálum, þannig að hvor jörðin eigi sinn helming einsog hann viðurkennir að reki hafi verið og skuli framvegis vera skiptur milli jarðanna til helminga. Þó tekur hann fram, að þetta sje aðeins sáttaboð af hendi umbjóðanda síns, sem álíti sig til þess dags hafa einn verið eigandi skerjanna.

Kærandi gengur að þessu boði og afsalar frá sjer og sínum erfingjum öllu öðru tilkalli, sem hann að lögum álitur sig hafa til hjáleigunnar Skála eða nokkurs hluta hennar.

Komst svo á meðal hlutaðeigenda, svolátandi

Sátt:

Reki beggja jarðanna skal vera sameiginlegur og hafa sinn helming hvor, og hin svonefndu Skálasker, skulu vera eign beggja jarðanna Ásbrandsstaða og Vatnsdalsgerðis að helmingi.

Gjörning þennan skal þinglýsa á næsta manntalsþingi á kostnað kæranda.

Var svo gjörðin upplesin og viðurkennd rjett bókuð d.u.s.

Í umboði Pjeturs Guðjohnssens eptir fullmagt Ó.F.Davíðsson.

Árni Jónsson

Jón Jónsson

Vigfús Jónsson.

Rjett ritað eptir sáttabók Vopnafjarðarsáttaumdæmis bls. 160-162.

Vitnar

Hofi 29. maí 1895

Jón Jónsson

Lesið fyrir manntalsþingsrjetti á Vopnafjarðarverzlunarstað hinn 31. maí 1895 og innfært í landamerkjabók Norður-Múlasýslu á bls. 165-167.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Gjald til landsjóðs:

Þingl. og bókun kr. 1.00

– ein króna –

A.V.T.



N^o 5/1895.

Landamerkjabrjef fyrir jörðinni Vakursstöðum í Vopnafjarðarhreppi innan Norður-Múlasýslu.

Jörðin Vakursstaðir á land eins og hjer segir: að suðvestan úr vörðu við Vesturdalsá í Þvermel, þaðan beina stefnu í vörðu sunnan við Merkibotna, þá sjónhending í lá er liggur þvert yfir á Grasa hrygg, síðan sömu stefnu norðvestur í Selá, en hún ræður úr því merkjum út á móts við Klakksgilsás. Þaðan er bein lína í Hvammslækarbotn, þar sem Hvammslækur myndast, svo ræður hann merkjum alla leið ofan í Vesturdalsá, og hún þar eptir að vörðu þeirri er fyrst var nefnd.

Sigurveig Sigurðardóttir, Vigfús Jónsson (eigendur Vakursstaða)

V. Jónatansson ábúandi Ljósstaða

Jón Hallgrímsson, Sesselja Guðmundsdóttir (eigandi Líturgsstaða)

Landamerkjabrjef fyrir jörðinni Gröf í Vopnafjarðarhreppi innan Norður-Múlasýslu.

Jörðin Gröf á land eins og hjer segir: að utan úr Stakhólslækjarós, þar sem hann fellur í Vesturdalsá, beina stefnu í vörðu á há Flöguhvammi, þaðan beina stefnu inn Fellsás í vörðu á miðju Selfjalli, þá beina línu í vörðu í Lambhaga við Vesturdalsá. Eptir það niður Vesturdalsá að Stakhólslækjarós.

Sigurveig Sigurðardóttir, Vigfús Jónsson (eigendur Grafar)

Árni S.P. Sigbjarnarson búandi á Felli.

V. Jónatansson

Jón Hallgrímsson (ábúandi Ljósstaða).

Lesið fyrir manntalsþingrjetti á Vopnafjarðarverzlunarstað ^{hinn 31. maí 1895} og innfært í landamerkjabók Norður-Múlasýslu á bls. 167-168.

A.V. Tulínus settur.

Gjald til landsjóðs:

Þingl. og bókun kr. 1.00

– ein króna –

A.V.T.



N^o 1/1896

Landamerkjabrjef fyrir jörðina Skriðuklaustur í Fljótsdalshreppi með eyðijörðinni Brattagerði.

Að framan á Skriðuklaustursland að merkigarði þeim, sem að fornu og nýju haldinn hefur verið landamerki og sem liggur frá Jökulsá fram og upp eptir nesinu upp undir fjall, þaðan sjónhending upp á fjall og þaðan í stóran stein, sem stendur utan til á ytra Eyvindarfelli og þaðan rjettlínis norður á Jökulsá á Jökuldal.

Að austan ræður Jökulsá í Fljótsdal.

Að utan ræður úr nefndri á Melakvísl og Bessastaðaá allt upp í fjallsbrún á Eyvindarkeldu, og þaðan bein stefna yfir Miðheiði, ofan með svonefndum Stóralæk allt í Eyvindará, þaðan Eyvindará í Jökulsá á Jökuldal.

Að norðan ræður Jökulsá á Jökuldal.

Þessi eru ítök Skriðuklausturs:

1. Hálfur allur reki til móts við Kirkjubæ á Helmingasandi.
2. Í landi Víðivalla ytri skógarteigur fyrir utan svonefndan „Lyngrima“ út að Hrafnkelsstaðalandi og svo langt upp sem skógur er.
3. Selför í Seljadal.

Nesi í Loðmundarfirði 17. dag maímán. 1896.

Fyrir hönd umboðsins

Páll Ólafsson.

Framanrituðum landamerkjum ~~og~~ er jeg samþykkur fyrir hönd Valþjófsstaðarkirkju.

27. maí 1896

Þórarinn Þórarinsson.

Að jörðin Skriðuklaustur eigi hálfan reka móts við Kirkjubæ í Tungu og Helmingasandi votta

Kirkjubæ 30. maí 1896

Einar Jónsson.

Þinglesið á manntalsþingi á Valþjófsstað 3. júní 1896.

Eggert Briem settur.

Gjald:

Þingl. 1 kr.

– ein króna –

E.Br.



N^o 2/1896.

Útskrift úr dómsmálabók Norður-Múlasýslu

Ár 1896, föstudaginn 14. ágústmán. var landamerkjarjettur Norður-Múlasýslu settur á skrifstofu sýslunnar á Seyðisfirði, og haldinn af settum sýslumanni Eggerti Briem og meðdómsmönnum Skapta ritstj. Jósepssyni, Einari bónda Eiríkssyni, Jóni hreppstjóra Þorsteinssyni og Stefáni bónda Ásbjarnarsyni með undirrituðum vottum.

Þá var í málinu:

Jón Þorleifsson

gegn

umboðsmanni Páli Ólafssyni

út af landamerkjum milli Úlfsstaða og Árnastaða, kveðinn upp svofelldur

Dómur:

Því dæmist það rjett að vera:

Landamerkjum milli Úlfsstaða og Árnastaða ráði Melá, frá Fjarðará og til fjalls. – Af kostnaði við rjettargjöld og til dómsmanna, til samans 64 kr. 41 eyr. greiði sækjandi, Jón Þorleifsson, helminginn, en hinn helminginn greiðist úr landssjóði. Að öðru leyti falli málskostnaður niður. –

Dóminum að fullnægja innan 15 daga frá löglegri birtingu hans, undir aðför að lögum. –

Eggert Briem settur.

Skapti Jósepsson, Jón Þorsteinsson, Einar Eiríksson, Stefán Ásbjarnason.

Vottar:

Kristján Hallgrímsson

Árni Jóhannsson.

Rjett eptir rit staðfestir

Eggert Briem settur.



N^o 1/1897.

Eptirrit.

Við undirrituð, eg Sigurveig Jónsdóttir, eigandi Hákonarstaða og Grundar á Jökuldal, og eg Einar Eiríksson og Jónas Eiríksson eigendur Eiríksstað, höfum komið okkur saman um að leggja í gjörð ágreining þann, sem er um landamerki milli Hákonarstaða- og Grundarlands annarsvegar og Eiríksstaða hins vegar, og höfum í því skynin útnefnt þá prófast sjera Jón Jónsson á Hofi, Gunnar bónda Gunnarsson á Ljósstöðum í Vopnafirði, sjera Magnús Bl. Jónsson í Vallanesi, Jón Bergsson bónda á Egilsstöðum og sýslumann Eggert Briem á Seyðisfirði, til að ríða á merkin og ákveða landamerki milli nefndra jarða. – Skuldbindum við okkur til þess að hlýta gjörð og dómi hinna hinna útnefndu manna og skulu landamerki þau, er þeir telja, hjer eptir haldast órjúfanleg.

Hákonarstöðum, dag 7. júlímánaðar 1897. –

Sigurveig Jónsdóttir (handsalað)

Jónas Eiríksson.

Vitundarvottar:

Sigurjón Sigurðsson.

Björn Sigurðsson.

Eiríksstöðum 8. júlí 1897.

Einar Eiríksson

Vitundarvottar:

Stefán G. Þórarinsson

Eiríkur Sæmundsson.

Samkvæmt framanritaðri útnefningu höfum vjer undirritaðir gjört áreið á landamerki jarðanna Hákonarstaða og Grundar annarsvegar og Eiríksstaða hins vegar, sem og athugað skjöl og skilríki jarða þessara. Eptir nákvæma yfirvegun höfum vjer orðið sammála um að ákveð landamerki þeirra þannig:

Úr Jökulsá í stein þann hinn stóra er stendur í Þrándargili fyrir utan Illuskriðu, en svo nefnist skriðuhvammur sá, sem er utan við Skriðuhöfða; úr Þrándargilssteini í Þrísteina, en þeir steinar standa austan í holti skammt fyrir framan og neðan Sjónarhól, þeir eru þrír, einn langstærstur, merktur með rúnarstafnum „ψ“, hinir töluvert minni, og þó báðir miklu stærri en aðrir steinar á því holti. Frá Þrísteinum ræður svo bein stenda yfir Lönguöx, sem nú nefnist Búðarháls utan við Búðarvatnsenda ytri, og í Víðirárós (Víðirdalsárós) þar sem hún fellur úr stöðuvatninu Gripdeild.

Til staðfestu landamerkjagjörningi þessum eru vor undirrituð nöfn.

Gjört að Eiríksstöðum hinn 8. dag júlímán. 1897.

Eggert Briem, Jón Jónsson. Magnús Bl. Jónsson, Gunnar Gunnarsson, Jón Bergsson.

Rjett eptirrit staðfestir. –

Eggert Briem settur.

Skoðuð 21. júlí 1900

Páll Briem.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS



Landamerkjaskrá.

Landamerki milli jarðanna Fögruhlíðar og Hlíðarhúsa í Hlíðarhreppi eru þessi:

Af fjallsbrúninni á Hróaldsstaðaskarði ræður Hróaldsstaðalækur ofan að fossi þeim, sem efstur sjest í læknum, þegar miðað er af norðanverðu Skollahrauni rjett framan við Rjúpugil. Frá þessum nefnda Fossi í Hróaldsstaðalæk liggja mörkin beint í vörðu sem stendur á norðan verðu Skollahrauni framan við Rjúpugil. Frá þeirri vörðu liggja mörkin ofan yfir Skollahraun þvert í hvamm, sem er milli Háaennis og Rjúpugils og úr þeim hvammi í vörðu (gamla beitarhúsaleiðarvörðu) við Fögruhlíðará, neðan við Sljettamel. Þaðan ræður Fögruhlíðará mörkum ofan í Miðdegiskeldur, sem liggja í Fögruhlíðará, beint í suðvestur frá bænum Fögruhlíð. Þaðan í yztu klöpp á Vörðuhrauni neðan verðu og úr þeirri klöpp í fremra horn á Fögruhlíðarhólma, sem er í Jökulsá, yfir vörðu sem hlaðin er neðarlega í blánni.

– Þessi landamerki eru sett og samþykkt af undirrituðum eigendum hinna áðurnefndu jarða.

Fögruhlíð 30. júní 1899.

Fögruhlíð og Galtastöðum 29. maí 1901.

Guðjón Einarsson

Magnús Jónsson.

Innfært í afsals-og veðmálabók Norður-Múlasýslu Ltra H. Bls. 448 og lesið á Fossvallamanntalsþingi 29. maí 1901.

Skrifstofu Norður-Múlasýslu d.u.s.

Þinglestursgjald

1 – ein króna



Landamerki

Skerjavíkurtanga eru þannig:

1. Lína dregin frá fremstu hleininni í Skerjavík 23 faðma í norður uppá bakkanum. Þetta eru merkin að vestan (framan).
2. Mörkin að austan (utan) eru: Lína dregin frá hleininni á miðjum Krossvognum í flóðmáli 22 faðmar í norður upp á bakkann.
3. Mörkin að norðan (ofar) eru: Bein lína dregin á milli hinna tveggja áður tiltekinna merkja að inna og utan (hjerumbil 70 faðma. –
4. Sjórinn ræður að norðan.

P.t. Vopnafirði, 26. október 1910. –
N. Højgaard.

Vottar:
Magnús Hannesson
Einar Helgason

Þinglesið á Vopnafjarðarmanntalsþingi 24. maí 1913 og innfært í landamerkjabók Norður-Múlasýslu bls. 172.

Þinglestursgjald:
2 – tvær – krónur.



Skýrsla

um skipti á beitolandi og öðrum landsnyttjum (og engjamörk) á milli jarðanna Hamborgar og Bessastaða í Fljótsdalshreppi í N.Múlasýslu, gjörð af ábúendum beggja jarðanna og undirrituð af þeim með vottum.

Tún jarðanna Hraunborgar og Bessastaða liggja saman. Liggur beitoland frá þeim til fjalls á þá hlið jarðanna, en engjar niður frá, og rennur Bessastaðaá í milli og engjanna, og eru eyrarhólmar litlir, sem ekki eru engi, á milli farvega hennar. – Til fjalls liggur grafningur þvert upp brekkuna frá takmörkum túnanna, sem nú eru mörkuð með girðningu. Skammt upp á brekkunni er svarðartekja – mjög lítil og ljeleg – báðu megin við grafning þennan. Fylgir hvorri jörð svarðartekja, hvoru megin grafnings sem er, svo lengi sem svörður sá endist. Frá efri enda grafnings þessa ræður bein lína í sömu stefnu yfir stutt melhaft í svokallaðan Innri Bessastaðalæk. Fellur hann þangað niður beint undan brekkunum alla leið ofan af heiðarbrún (Fljótsdalsheiðar) og fylgja landamerki jarðanna honum þangað upp. Frá takmörkum túnanna eru þessi landamerki, að heita má, bein lína þvert á fjallið alla leið upp á heiðarbrún, og hafa þau í venjunni um langan tíma gilt svo og eru eptir staðháttum þau eðlilegust og einu hugsanlegu landamerki. Af heiðarbrún ræður bein lína, er hallar til Hamborgarlands í stóran stein á Grjótups á heiðinni. Þaðan beina línu í sömu stefnu á Miðheiðarháls.

Niður frá bæjunum, niður yfir árhólmana og árbakkana, ræður bein lína úr svokölluðum „Þingvallargarði“, sem er á milli túnanna og í grjótpúfu, sem sett hefur verið á takmörkum engjanna, þó að óskertum rjetti hvorrar jarðar til að leiða vatn úr „Melakvísl“ á engið eptir þörfum. – Úr grjótpúfu ræður bein stefna í efri enda „Landamerkjagarðar“. Því næst skiptir engjum landamerkjagarður sá, er getur var í engjaskiptum jarðanna, og liggur óslitinn út og niður í Jökulsárþakka.

Hamborg og Bessastöðum, 15. maí 1911. –

Halldór Stefánsson ábúandi Hamborgar.

Jón Jónasson ábúandi á Bessastöðum.

Vitundarvottar:

Sigurður Þorsteinsson

Eyjólfur Þorsteinsson

Framanskráðri skýrslu um landamerki milli þjóðjarðanna Bessastaða og Hamborgar í Fljótsdal, sem ábúendur beggja jarða hafa orðið sammála um, er jeg, umboðsins vegna, samþykkur. Þau eru í öllu verulegu samkvæm þeirri skiptingu, sem venjan hefur helgað.

Staddur á Brekku, 7. maí 1911.

Sv. Ólafsson. (umboðsmaður).

Þinglesið á Valþjófsstaðamanntalsþingi 4. júlí 1914 og innfært í landamerkjamerkjabók Norður-Múlasýslu bls. 173-174. –

Þinglestursgjald:

2 – tvær – krónur.



Landamerkjaskrá kristfjárjarðarinnar Ketilsstaða í Jökulsárhlíð.

Á milli Torfastaða og Ketilsstaða eru landamerki þessi:

Úr fremri Flutningshólma við Jökulsá bein lína í helmingstjörn þaðan í vörðu úr hnausum norðan við tjörnina og í miðjan Einbúa (sem er einstakt kletthraun í tanganum fyrir ofan ána), svo þverbeint á fjall upp um miðjan merkihrygg (melhrygg, sem liggur upp og ofan fjallið). Allt land austur í Jökulsá út til sjáfar er eign kristfjárjarðarinnar Ketilsstaða.

Á milli Fagradals og Ketilsstaða eru landamerki þessi:

Bjargtaung ræður marki við sjó, Bjargtaung heitir Kletthalein, er gengur í sjó fram utan við Langasand en framan við Salteyrar (fyrir hleininn má ganga á fjöru) frá Bjargtaung liggja mörkin þvert upp á brún um klettatanga þá, er mynda dýr á milli sín (frá Bakkagerði að sjá), þaðan liggja mörkin beina sjónhending á grjótvörðuhrúgald vestur á djúrafjalli (fjallinu milli Kattárdals og Fagradals) þaðan beina sjónhending í Jökulsárós, þar sem hann fellur í Fagradalsá, þaðan ræður Jökulsá mörkum að upptökum sínum. Báðar jarðirnar Fagradalur og Ketilsstaðir eiga sameiginlega selveiði í selalátrum við Bjarntaung.

Reka eiga Ketilsstaðir allan um Landsendafjöru og 400 faðma austur á sandinn, frá Klettatanga þeim að mæla, sem er næstur fyrir vestan Fögruhlíðarárós. Ennfremur eiga Ketilsstaðir allan reka frá Múlahöfn út að landamerkjum.

Ketilsstöðum, 2. júlí 1916. –

Fyrir Ketilsstaði skrifar hreppsnefndin undir.

Magnús Sigbjörnsson, Eiríkur Arngrímsson, Elías Jónsson.

Eigandi Torfastaða: Jón Þorvaldsson, Sigmundur Jónsson.

Eigandi Fagradals: Sveinn Jónsson.

Þinglesið á Sleðbrjótsmantalsþingi 20. júlí 1916 og innfært í landamerkjamerkjabók Norður-Múlasýslu bls. 174-175.

Þinglestursgjald:

2 – tvær – krónur.



Landamerkjaskrá Fagradals

Á milli Fagradals og Ketilsstaða eru landamörk þessi:

Bjargtaung ræður merki við sjó, Bjargtaung heitir Kletthalein, er gengur í sjó fram utan við Langasand en framan við Salteyrar (fyrir hleinina má ganga á fjöru), frá Bjargtaung liggja mörkin þvert upp á brún um Klettatanga þá, er mynda dýr á milli sín (frá Bakkagerði að sjá) þaðan liggja mörkin þvert upp á Litlahnúk, sem er næstur hnúkur fyrir sunnan Kollumúla, þaðan liggja mörkin beina sjónhending í grjótvörðuhrúald vestur á dýjafjalli (fjallinu milli Kattárdals og Fagradals) þaðan beina sjónhending í Jökulsárós þar sem hann fellur í Fagradalsá, þaðan ræður Jökulsá mörkum að upptökum sínum. Báðar jarðirnar Fagradalur og Ketilsstaðir eiga sameiginlega selveiði í selalátrum við Bjargtaung.

Ketilsstöðum, 2. júlí 1916.

Fyrir Ketilsstaði undirskrifar hreppsnefndin.

Magnús Sigbjörnsson, Eiríkur Arngrímsson, Elías Jónsson.

Eigandi Fagradals Sveinn Jónsson.

Landamerki milli Fagradals og Böðvarsdals:

Frá upptökum Jökulsár beina sjónhending í Heiðarhnúk og þaðan beina sjónhending í Gufuhæð norðanvert í Búrfjalli, þaðan ræður Gufulækur mörkum til sjáfar, alla strandleingjuna frá Gufu til Bjargtaungar á Fagradalur.

Böðversdal, 24. júlí 1916.

Fyrir Fagradal: Sveinn Jónsson.

Fyrir Böðvarsdal: Runólfur Hannesson.

Þinglesið á Vopnafjarðarmanntalsþingi 25. júlí 1916 og innfært í landamerkjabók Norður Múlasýslu, bls. 175.

Þinglestursgjald:

2 – tvær – krónur.



Landamerki Stóra Bakka í Hróarstungu eru þessi:

Að norðan ræður Jökulsá, svo að framan milli Stóra Bakka og Blöndugerðis ræður Blanda landamerkjum upp að vörðu, sem stendur á Hamraendum, þaðan í vörðu á Finnbogahrauni og þaðan í svonefnda Fikatjörn, bein lína í vörðu á miðjum Skollakletti og þaðan í Rauðalækjarfoss.

Að utan úr Rauðlækjarfoss (í ytri læknum) og beina stefnu í vörðu við Jökulsá.

Þessu til staðfestu eru nöfn okkar undirrituð.

Stóra Bakka, 23. sept. 1920

Benedikt Kröyer eig. Stóra Bakka

Árni Árnason eig. Blöndugerðis

Þorvarður Pétursson eig. Fremrasels

Vilborg Stefánsdóttir eig. Litlabakka.

Gjald:

Þinglýsing 2,00

Stimplun 1,00

3 – þrjár – kr

Greitt

J.Þ.S.



Landamerki milli háflendanna Meðalnesi Fellahreppi

Við undirrituð, sem eigum sinn helminginn hvort af jörðinni Meðalnesi í Fellahreppi, höfum fallist á að skipta henni milli okkar eins og nú skal greint:

Landið skiptist um beina línu, er hugsast dregin úr, Hagalækjarósi við Þorleifar á ytri enda Lág-ekru ofan túns, þaðan gegnum túnið um götu niður að bæ, þá áfram miðtúnis milli gamla bæjar og steinhúss, beina línu í stein á ytri enda Hraungarðs neðst í túni. Þaðan um áframhaldandi beinu línu að landamerkjum milli Hreiðarstaða og Meðalness.

Háflenda sú, er verður sunnan umræddrar merkjalínu verði eign mín, Helgu Hallgrímsdóttur.

Háflendan norðan merkjalínunnar verði eign mín Friðmars Björnssonar.

Meðalnesi 2. júní 1951.

Helga Hallgrímsdóttir

Friðmar Björnsson.

Vitundarvottar:

Guðmundur Jónsson

Helgi Gíslason.



Bók þessi, sem hefir að geyma 232 = tvö hundruð þrjátíu og tvær tölusettar blaðsíður, og sem er gegnum dregin og útbúin með innsigli Norður og Austur-amtsins, löggildist hjermeð sem landamerkjabók fyrir Norðurmúlasýslu, samkvæmt 6. gr. landamerkjalaga 17. marz 1882.

Skrifstofu Norður- og Austur-amtsins 15. febr. 1883.

J.Havsteen, settur.



Landamerkjaskrá.

Kristfjárjarðarinnar Kétilsstaða í Jökulsárhlíð.

Á milli Torfastaða og Kétilsstaða eru landamerki þessi

Úr fremri flutningshólma við Jökulsá beina línu í helmingstjörn þaðan í vörðu úr hnausum norðan við tjörnina og í miðjan Einbúa (sem er eistakt kletthraun í taungunum fyrir ofan ána) svo þver beint á fjall upp um miðjan Merkishrygg (melhrygg sem liggur upp og ofan fjallið). Alt land austur í Jökulsá út til sjáfar er eign kristfjárjarðarinnar Kétilsstaða.

Á milli Fagradals og Kétilsstaða eru landamerki þessi

Bjargtaug ræður merki við sjó (Bjargtaug heitir klettahleinn er geingur í sjó fram utan við Langasand en framan við Salteyrar fyrir hleinina má ganga á fjöru frá Bjargtaug liggja mörkin þvert upp á brún um klettadranga þá er minda dyr á milli sín (frá Bakkagerði að sjá) þaðan liggja mörkin þvert upp á litlahnúk sem er næsti hnúkur fyrir sunnan Kollumúla þaðan liggja mörkin beina sjónhending á grjótvörðuhrúgaldá vestur á DÍafjalli (fjallinu milli Kattárdals og Fagradals) þaðan beina sjónhending í Jökulsárós þar sem hann fellur í Fagradalsá þaðan ræður Jökulsá mörkum að upptökum sínum. Báðar jarðirnar Fagradalur og Kétilsstaðir eiga sameiginlega selveiði í selalátrum við Bjargtaug.

Reka eiga Kétilsstaðir allan um Landsendafjöru og 400 faðma austur á sandinn, frá klettatanga þeim að mæla, sem er næstur fyrir vestan Fögruhlíðarárós. Ennfremur eiga Ketilsstaðir allan reka frá Múlahöfn út að landamerkjum.

Ketilsstöðum 2. júlí 1916.

Fyrir Kétilsstaði skrifar hreppsnefndin undir

Magnús Sigbjörnsson, Eiríkur Arngrímsson, Elías Jónsson.

Eigandi Fagradals Sveinn Jónsson.

Eigandi Torfastaða Jón Þorvaldsson, Sigmundur Jónsson.

Þinglesið á Sleðbrjótsmanntalsþingi 20. júlí 1916 og innfært í landamerkjabók Norður-Múlasýslu bls. 174-175

Þinglestursgjald 2. – tvær krónur.

Borgað

Jóh. Jóhannesson

Skrifstofu Norður Múlasýslu d.u.s.

Jóh. Jóhannesson

Rétt eptirrit staðfestur

Magnús Sigbjörnsson oddviti Hlíðarhrepps.



Endurrit landamerkjabókar Norður-Múlasýslu.

Landamörk jarðarinnar SETBERGS.

Að framan verður sjónhending úr Brandalækjarós við Lagarfljót yfir Nónás uppá miðjan Réttarklett, að ofan sjónhending úr Réttarklettsenda fremri austan hallt við Miðmorgunsvörðu yfir Kálfafell allt á Miðdegisöxl, að utan sjónhending af Miðdegisöxl yfir Háfalaleiti og Háfa ás utan til í Forvaðaklett, sem er næsti klettur við Fljótið fram frá Bakkalæk.

Skeggjastöðum, 18. júní 1884

Sigurður Gunnarsson fyrir hönd Áskyrkju.

Jón Ólafsson umráðamaður Setbergs.

Hallgrímur Helgason, bóndi á Birnufelli.

Oddur Jónsson, eigandi Hreiðarstaða.

Lesið fyrir manntalsþingsrétti að Ási hinn 20. júní 1884 og innfært í landamerkjabók Norður-Múlasýslu, bls. 28.

Einar Thorlacius.



Endurrit

Landamerkjabókar Norðu-Múlasýslu.

No. 13/1890.

Landamerki að utan milli Ásgrímsstaða og Hóls eru í miðjan svokallaðan aur, sem ræður austur í Jökullæk, að austan og neðan ræður Jökullækur fram í Markhólma, sem er í miðjum Jökullæk. Þar þvert yfir lækinn eiga Ásgrímsstaðir heyskap allan allt fram í þúfu þá, sem liggur mitt í læknum, út úr hagaodda austarlega, að sunnan og framan úr Álptarauga upp eftir miðjum Álftalæk allt í Ásgrímsstaðavatn og svo rétta línu í Sortukeldu, og frá Sortukeldu fram eptir miðjum Merkidal og svo langt fram þar til fyrst sést maður á hesti af Ásgrímsstaðahlaði, þá framan kemur Bóndastaðaveg og svo réttlínis norður yfir í Vatnalækjarós hinn ytri og þaðan réttlínis yfir Víðastaðavatn og í Marksteina að vestan og svo að norðan í Snorravörðu og rétt út í stein þann, sem kallast Maður: Þaðan sjónhending í aur þann, sem fyrst er um getið.

Að því leyti er framanskriðuð landamerkjalyking snertir Hrollaugsstaði, samþykki ég hana að mínu leyti

Páll Pálsson – prestur til Hallormsstaður

Samþykkur B. Jónsson

Magnús Jónsson á Hrollaugsstöðum

Samþykkur Sigurður Gunnarsson

Fyrir hönd skólastjóra samþykkir Halldór Magnússon (einn í skólastjórn)

Þorlákur Gíslason samþykkir

Samþykkt Ketill Þorsteinsson

Gísli Gíslason samþykkir

Arnfinnur Þorsteinsson samþykkt

Jón Eiríksson samþykkir

Sigurður Bjarnason samþykkir

Magnús Einarsson samþykkir

Björn Jónsson samþykkir

Björn Jónsson Ásgrímsstöðum samþykkir.

Þinglýst á Hjaltastaðarmanntalsþingi 14. júní 1890 og innfært í landamerkjabók Norður-Múlasýslu bls. 116-117.

Einar Thorlacius

Rétt endurrit staðfestir

Seyðisfirði 26. ágúst 1976

Erlendur Björnsson



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

[bls. án nr.]

Bæjarfógeti Seyðisfjarðarkaupstaðar
Sýslumaður Norður- Múlasýslu

Seyðisfirði
29. apríl 1977

Eftir móttöku bréfs yðar, herra oddviti, dags. 17. þ.m., sendi eg yður hér með ljósrit, sem eg var að reyna að gera úr landamerkjabók um landamerki Jórvíkur.

Rifnað hefir af blaði í bókinni, og er því óljóst, hvað sagt er um Þrætubakka. Úr þessu reyndi eg að bæta með því að senda einnig afrit af merkjum Kóreksstaða og af skiptum milli Jórvíkur og Jórvíkurhjáleigu. Síðastnefnt skjal hefir þó líklega takmarkað gildi, með því að það er ekki undirritað af eiganda Kóreksstaða.

Ég sé, að þegar byggingarbréf hefir verið gert um Jórvík 1938 er landamerkjalyásing Jórvíkur ófullkomin af sömu ástæðum, og hefir bókin rifnað fyrir þann tíma.

Virðingarfyllt
Erlendur Björnsson

Oddviti Hjaltastaðahrepps,
Rauðholti.



Landamerki Jórvíkur og aðliggjandi jarða:

1. Milli Jórvíkur og Hjaltastaðar: Úr garðlagi á austari Selfljótsbakka yfir Miðhala og Húsklett beint yfir Magnúsarvörðuás, utan undir Kolluhrauni, yfir Miðenni og Lækjardal utanundir Kýrhöfða eptir gömlu garðlagi í Sauða[...]namýri að Staðará.
2. Milli Kóreksstaða og Jórvíkur [...]á út í Selfljót, nema allir Þrætubakkar fylgja [...] austan á.
3. Milli Klúku og Jórvíkur ræður Selfljót.
4. Milli Hrollaugsstaða og Jórvíkur ræður Selfljót.

Björn Þorláksson prestur Hjaltastað.

Björn Einarsson bóndi Kóreksstöðum

Porkell Bjarnason bóndi á Klúku.

Magnús Jónsson, Magnús Einarsson bændur á Hrollaugsstöðum

Jórvík 20. júní 1884

Eiríkur Vilhjálmsson

Lesið fyrir manntalsþingsrétti að Hjaltastað, 2. júlí 1884 og innfært í landamerkjabók Norður Múlasýslu, bls. 51-52

Eiríkur Thorlacius

Gjald til landsjóðs:

a, þinglýsing kr. 0,75

b, bókun kr. 0,25

= kr. 1,00 – ein króna.

ETh.



Landamerki Jórvíkur og aðliggjandi jarða.

1. Milli Jórvíkur og Hjaltastaðar: Úr garðlagi á austari Selfljótsbakka yfir Miðhala og Húsklett, beint yfir Magnúsarvörðuás utan undir Kolluhrauni, yfir Miðenni og Lækjardal utanundir Kýrhöfða eptir gömlu garðlagi í Sauða[...]namýri að Staðará.
2. Milli Kóreksstaða og Jórvíkur [...]á út í Selfljót, nema allir Þrætubakkar fylgja [...] austan á.
3. Milli Klúku og Jórvíkur ræður Selfljót
4. Milli Hrollaugsstaða og Jórvíkur ræður Selfljót.

Björn Þorláksson prestur á Hjaltastað.

Björn Einarsson bóndi á Kóreksstöðum.

Porkell Bjarnason bóndi á Klúku.

Magnús Jónsson, Magnús Einarsson bændur á Hrollaugsstöðum

Jórvík 20. júní 1884

Eiríkur Vilhjálmsson

Lesið fyrir manntalsþingsrétti að Hjaltastað, 2. júlí 1884 og innfært í landamerkjabók Norður Múlasýslu, bls. 51-52

Einar Thorlacius

Gjald til landsjóðs:

a, þinglýsing kr. 0,75

b, bókun kr. 0,25

= kr. 1,00 – ein króna.

ETh.



Endurrit

úr landamerkjabók Norður-Múlasýslu.

No. 1/1883.

Landamerki þau, er tilheyra eignarjörðinni Bárðarstöðum í Loðmundarfjarðarhreppi eru þessi: að utan úr svonefndum Skjaldarsteini í landamerkjapúfu utan við Hjáleigu engjar, svo beina línu í Goðahnúk á Herfelli, að sunnan Fjarðará að Hrævardalsárós, síðan Hrævardalsá upp fjallið, að innan á miðja heiði (Tó) og þaðan út vörp að Hrævardalsá og Goðahnúk.

Bárðarstöðum 3. júní 1883.

Jón Ögmundsson

Ofanskráðum landamerkjum erum við undirskrifuð samþykkt.

Jón Þórleifsson (eigandi Úlfsstaða)

Þorbjörg Pálsdóttir (ábúandi Árnastaða)

Þinglýst á Dvergasteinsmanntalsþingi hinn 9. júní 1883 og innfært í landamerkjabók Norður-Múlasýslu bls. 3.

Einar Thorlacius.

Gjald til landsjóðs:

Þinglýsing kr. 75,a

bókun kr. 25,-

ein króna

E.Th.

Rétt endurrit staðfestir:

Seyðisfirði 22. jan. 1974.

Erlendur Björnsson

[stimpill: Bæjarfógetinn á Seyðisfirði – Sýslumaður N-Múlasýslu]



úr landamerkjabók Norður-Múlasýslu.

Endurrit

No. 2/1896

Útskrift

úr

dómsmálabók Norður-Múlasýslu.

Ár 1896, föstudaginn 14. ágústmán. var landamerkjarréttur Norður-Múlasýslu settur á skrifstofu sýslunnar á Seyðisfirði og haldinn af settum sýslumanni Eggert Briem og og meðdómsmönnum Skapta ritstj. Jósepssyni, Einari bónda Eiríkssyni, Jóni hreppstjóra Þorsteinssyni og Stefáni bónda Ásbjarnarsyni með undirrituðum vottum.

Þá var í málinu:

Jón Þorleifsson

gegn

umboðsmanni Páli Ólafssyni

út af landamerkjum milli Úlfsstaða og Árnastaða, kveðinn upp svofelldur

Dómur:

Því dæmt rétt að vera:

Landamerkjum milli Úlfsstaða og Árnastaða ráði Melá, frá Fjarðará og til fjalls. – Af kostnaði við réttargjöld og til dómsmanna, til samans 64.00 kr. 41 eyr. greiði sækjandi, Jón Þorleifsson, helminginn, en hinn helmingurinn greiðist úr landsjóði. Að öðrum leyti falli málskostnaður niður.

Dóminum að fullnægja innan 15 daga frá löglegri birtingu hans, undir aðför að lögum.

Eggert Briem settur.

Skapti Jósepsson, Jón Þorsteinsson, Einar Eiríksson, Stefán Ásbjörnsson

Vottar:

Kristján Hallgrímsson

Árni Jóhannsson.

Rétt eftirrit staðfestir

Eggert Briem settur.

Rétt endurrit staðfestir:

Seyðisfirði, 22. jan. 1974.

Erlendur Björnsson

[stimpill: Bæjarfógetinn á Seyðisfirði – Sýslumaður N-Múlasýslu]



Endurrit

Landamerkjabókar Norður-Múlasýslu.

No. 2/1890.

Landamerki

kirkjujarðarinnar Seljamýrar í Loðmundarfirði eru þessi:

Merkin byrja við sjó við Merkilækjarútfall og liggja upp eftir Merkilæk upp í Hrafnagil til fjalls, þar er vötnum hallar, síðan eftir fjallaeggjum allt á Skúmhettu, þaðan eftir Skúmhattudalsá og er henni lýkur, eftir Stóru-Hrauná allt til sjávar. Jörðin á allan reka fyrir sínu landi.

Dvergasteini, 4. marz 1890.

Björn Þorláksson

Ofanskriðuð landamerki samþykki ég:

Hallfreðastöðum, 5. marz 1890

Páll Ólafsson

Innfærð til þinglýsingar 11. apríl 1890 í landamerkjabók Norður-Múlasýslu bls. 105-106.

Einar Thorlacius

Þinglýst á Seyðisfjarðarmanntalsþingi 17. júní 1890.

Einar Thorlacius

Gjald til landsjóðs:

Þinglýsing kr. 0,75,-

bókun kr. 0,25,-

Kr. 1.00 – ein króna –

E.Th.

Rétt endurrit staðfestir:

Seyðisfirði, 22. jan. 1974.

Erlendur Björnsson

[stimpill: Bæjarfógetinn á Seyðisfirði – Sýslumaður N-Múlasýslu]



Endurrit

Landamerkjabókar Norður-Múlasýslu.

No. 4/1890

Landamerki og ítök

kirkjujarðarinnar Klyppstaðar í Loðmundarfirði eru þessi:

Merkin eru talin byrja að utan og liggja úr suðurröð á Karlfelli í Grænahaus, þaðan í miðjan Skaga neðst, beint í Fjarðará. Þaðan liggur merkjalínan upp eftir Fjarðará, þar til er Norddalsá rennur í hana, þar næst upp eftir Norðdalsá eftir endilöngum Norðdal upp á Norðdalsvarp, og loks eftir eggjum yfir Oddskarð, Miðfell og Miðdalsvarp og útsuður eftir Karlfelli í áðurnefnda röð þess.

Kirkjan á Klyppstað á Skógarteig í Stakkahlíðarlandi fyrir ofan reiðgötur neðri út til Hraunár og til geilar þeirrar, sem gengur fyrir framan Titlingshól, fjórtán fóta torfgróf í sama land, Skógarteig í Úlfsstaðalandi milli Meláár og lækjar þess, er þar fellur næstur; allan reka frá Hjálmá að þeim stað í flæðarmáli, er bein lína verður dregin yfir Melrakkapúfu (hún er neðan við varptjarnir) á Álfastein þann, er yztur stendur á brekkunni framan við Norðdalsá, þar næst þriðjung í öllum reka, frá þessum stað allt að Hrauná eða fyrir öllu Stakkahlíðarlandi.

Dvergasteini, 4. marz 1890.

Björn Þorláksson

Hinsvegar rituð (ofanrituð) landamerki og ítök samþykki ég.

Hallfreðarstöðum, 5. marz 1890.

Páll Ólafsson

Hinsvegar (ofan) rituð landamerki og ítök samþykki ég.

Úlfsstöðum, 5. apríl 1890.

Jón Þorleifsson

Innfærð til þinglýsingar 11. apríl 1890 í landamerkjabók Norður-Múlasýslu bls. 109-110.
E.Th.

Þinglýst á Seyðisfjarðarmanntalsþingi 17. júní 1890.

Einar Thorlacius

Gjald til landsjóðs:

Þinglýsing kr. 0,75,-

Bókun kr. 0,25,-

Kr. 1.00 – ein króna

E.Th.

Rétt endurrit staðfestir:

Seyðisfirði 22. jan. 1974.

Erlendur Björnsson

[stimpill: Bæjarfógetinn á Seyðisfirði – Sýslumaður N-Múlasýslu]



Endurrit

úr landamerkjabók Norður-Múlasýslu.

No. 3/1891

Landamerki

Húseyjar í Hróarstungu.

Að sunnan liggja landamerki yfir miðjan „Aur“ úr Jökulsá í Lagarfljót.

Að austan ræður Lagarfljót út að Seleyri, þá bein stefna í vestara rekamark Eyðasands, sem er þar í fjöru, er vesturvegg Græn móshússins ber í yzta horn Kirkjubæjarskersla.

Að norðan ræður sjór.

Að vestan ræður Jökulsá.

Kirkjubæ, 20. júní 1891.

Einar Jónsson

Fyrir hönd Eyðsstóls.

Jónas Eiríksson

Þinglýst á Fossvallamantalsþingi 25. júní 1891 og innfært í landamerkjabók Norður-Múlasýslu bls. 135-136.

Einar Thorlacius

Gjald til landsjóðs:

Þinglýsing kr. 0,75,-

Bókun kr. 0,25,-

Kr. 1.00 – ein króna

E.Th.

Rétt endurrit staðfestir:

Seyðisfirði 8. sept. 1972.

Erlendur Björnsson

[stimpill: Bæjarfógetinn á Seyðisfirði – Sýslumaður N-Múlasýslu]



Endurrit

Landamerkjabókar Norður-Múlasýslu.

No. 15/1890.

Landamerkjaskrá, fyrir Hól og Hólshjáleigu í Hjaltastaðapinghá.

1. Milli Hóls og Ásgrímsstaða úr miðjum aurskjafti eptir miðjum aur allt í Bakkatættur, þaðan eptir vestari bakka Jökullækjar allt í Markhólma.
2. Milli Hóls og Hrollaugsstaða frá miðjum Markhól beina línu í Engilækjardrag beint fram af Beinhól þaðan beina línu út í Beinhól, aptur úr Beinhól í mitt Merkiker, og þaðan í miðjan Grafning austan við Svæðamelsenda. Svo úr þeim grafning í Fuglakýl, norðan við Stóramel, og þaðan beina línu til sjávar.
3. Milli Hóls og Húseyjar ræður Lagarfljót út að svonefndri Seleyri, þar sem gras endar. Þá ræður bein stefna í vestara rekamark Eyðasands.

Rekamörk Eyðasands:

1. Milli Ólafssands og Eyðasands að norðvestan, þegar maður stendur í flæðarmáli, þar sem vestari hliðveggur Græn móðshússins ber saman við yzta og norðasta hornið á Kirkjubæjarskerslum.
2. Að austan milli Eyðasands og Hrollaugsstaðasands þegar staðið er í flæðarmáli. Þá eiga þrjár þúfur í sandinum að bera saman og í há-Rangárhnúk.

Staddur á Hjaltastað 23. maí 1890

Einar Jónsson (handsalað)

Jónas Eiríksson (umráðamaður Eyðastólsjarða)

Sigurður Gunnarsson fyrir hönd Valþjófsstaðakirkju

Páll Pálsson (fyrir hönd Hallormsstaðakirkju)

Björn Jónsson (handsalað)

Arnfinnur Þorleifsson (handsalað)

Ketill Þorsteinsson (handsalað)

Þorlákur Gíslason (handsalað)

Gísli Gíslason (handsalað)

Þorkell Björnsson (handsalað)

Ábúendur Hrollaugsstaða: Björn Jónsson, Magnús Einarsson, Magnús Jónsson

Þinglýst á manntalsþingi að Hjaltastað 14. júní 1890 og innfært í landamerkjabók Norður-Múlasýslu bls. 118-119.

Einar Thorlacius

Gjald til landsjóðs:

Þinglýsing kr. 0,75,-

Bókun kr. 0,25,-

Kr. 1.00 – ein króna

E.Th.

Rétt endurrit staðfestir
Seyðisfirði 26. ágúst 1976



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Erlendur Björnsson.



No. 14/1890

Landamerki milli Hleinargarðs og Tjarnarlands eru þessi:
Úr Himbrimatanga réttlínis út Tröllaskarás og í vörðu þá, er stendur á næsta holti austan Tröllaskörð.
Þessi framanskriðuðu landamerki samþykki ég.
Magnús Jónsson Hleinargarði, 13. júní 1884.

Frá áðurnefndri vörðu fyrir austan Tröllaskörð út í vörðu fyrir austan flöguna hér um bil austan af miðju Móavatni.

Samþykkur, Magnús Guðmundsson

Mörkin milli Steinsvaðs og Tjarnarlands eru sett úr téðri vörðu norður yfir Móavatn beina stefnu í vörðu á Merkiöxl og þaðan beint í sandgróf í Víðinesi við Lagarfljót.

Þessum aftanskriðuðu landamörkum eru við samþykk orðin.

Sigmundur Jónsson, Guðbjörg Einarsdóttir

Mörkin milli Grafar og Tjarnarlands eru:

Úr Sauðalækjarós við Lagarfljót að norðan og beina stefnu austur í Himbrimistanga framan við Breiðavatn og þar út yfir vatnið eftir áður sögðu um mörkin að austan. Þessum að framan er ég samþykk.

Guðbjörg Einarsdóttir.

Um þessi landamerki samþykkir
Guttormur Vigfússon (handsalað)

Landamerki milli Grafar og Tjarnarlands eru þessi:

Úr ytri odda Himbrimatanga, beina stefnu í Rauðalækjarós við Lagarfljót, eftir því sem samþykkt var í áreið á fyrgreind landamerki 31. maí 1890 af undir skrifuðum mönnum.

Fyrir hönd eiganda Tjarnarlands

Snorri Rafnsson bóndi í Dagverðargerði

Magnús Jónsson bóndi í Gröf

Jónas Eiríksson (Umráðamaður Eiðastólsjarða)

Rétt endurrit staðfestir

Seyðisfirði, 2. des. 1968.

[Undirskrift vantar]



Við undirrituð, eg Sigurveig Jónsdóttir, eigandi Hákonarstaða og Grundar á Jökuldal, og eg Einar Eiríksson og Jónas Eiríksson, eigendur Eiríksstaða, höfum komið okkur saman um að leggja í gjörð ágreining þann, sem er um landamerki milli Hákonarstaða- og Grundarlands annars vegar og Eiríksstaða hins vegar, og höfum í því skyni útnefnt þá prófast síra Jón Jónsson á Hofi, Gunnar bónda Gunnarsson á Ljósstöðum í Vopnafirði, síra Magnús Bl. Jónsson í Vallanesi, Jón Bergsson bónda á Egilsstöðum og sýslumann Eggert Briem á Seyðisfirði, til að ríða í merkin og ákveða landamerki milli nefndra jarða. Skuldbindum við okkur til þess að hlýta gjörð og dómi hinna útnefndu manna, og skulu landamerki þau, er þeir setja, hjer eptir haldast órjúfanleg.

Hákonarstöðum, dag 7. júlímánaðar 1897

Sigurveig Jónsdóttir handsalað.

Jónas Eiríksson.

Vitundarvottar:

Sigurjón Sigurðsson

Björn Sigurðsson

Eiríksstöðum 8. júlímán. 1897.

Einar Eiríksson.

Vitundarvottar:

Stefán G. Þórarinsson

Eiríkur Sæmundsson.

Samkvæmt framanritaðri útnefningu höfum vjer undirritaðir gjört áreið á landamerki jarðanna Hákonarstaða og Grundar annars vegar og Eiríksstaða hins vegar, sem og athugað skjöl og skilríki jarða þessara. Eptir nákvæma yfirvegun höfum vjer orðið sammála um, að ákveða landamerki þeirra þannig:

Úr Jökulsá í stein þann hinn stóra, er stendur í Þrándargili fyrir utan Illuskriðu, en svo nefnist skriðuhvammur sá, sem er utan við Skriðuhöfða; úr Þrándargili í Þrísteina, en þeir steinar standa austan í holti skammt fyrir framan og neðan Sjónarhól, þeir eru þrír, einn langstærstur, merktur með rúnastafnum „ψ“, hinir töluvert minni, og þó báðir miklu stærri en aðrir steinar á því holti, frá Þrísteinum ræður svo bein stefna yfir Lönguöxl, sem nú nefnist Búðarháls, utan við Búðarvatnsenda ytri og í Víðirárós (Víðirdalsárós), þar sem hún fellur úr stöðuvatninu Gripsdeild.

Til staðfestu landamerkjagjörnungi þessum eru vor undirrituð nöfn

Gjört að Eiríksstöðum hinn 8. dag júlímán. 1897

Eggert Briem

Jón Jónsson

Magnús Bl. Jónsson

Gunnar Gunnarsson

Jón Bergsson



Blaðsíða.	Nöfn Jarða.	Þinglýsing.
<u>Skeggjastaðahreppur.</u>		
12	Smirlafell	26. júní 1884
12-13	Miðfjörður	26. júní 1884
87	Kverkártunga	16. júlí 1885
88	Höfn	16. júlí 1885
102-103	Gunnólfsvík	12. júlí 1888
130-131	Skeggjastaðir með hjál. Dalhúsum og Gæsagili	14. júlí 1890
131-132	Bakki (sjá veðmálabók Ltra R. bls. 132-134).	14. júlí 1890
142	Djúpilækur	9. júlí 1891
143	Gunnarsstaðir	9. júlí 1891
143-145	Þorvaldsstaðir	16. júlí 1892
<u>Vopnafjarðahreppur.</u>		
9	Búastaðir	24. júní 1884
9	Böðvarsdalur	24. júní 1884
10	Eyvindarstaðir	24. júní 1884
10	Vindfell	24. júní 1884
11	Áslaugarstaðir	24. júní 1884
11	Hróaldsstaðir	24. júní 1884
72	Strandhöfn	14. júlí 1883
72	Ljósaland	14. júlí 1883
73	Hámundarstaðir	14. júlí 1883
73-74	Lýtingsstaðir	14. júlí 1883
74	Breiðamýri	14. júlí 1883
74-75	Ytri-Nýpur	14. júlí 1883
75	Fremri-Nýpur	14. júlí 1883
75-76	Skógar	14. júlí 1883
76	Ytri-Hlíð	14. júlí 1883
76-77	Fremri-Hlíð	14. júlí 1883
77-78	Hauksstaðir	14. júlí 1883
78	Hof	14. júlí 1883
79	Hofsborg	14. júlí 1883
79	Rjúpnafell	14. júlí 1883
79-80	Refsstaður	14. júlí 1883
80	Rauðhólar	14. júlí 1883
80-81	Síreksstaðir	14. júlí 1883
81	Hraunfell	14. júlí 1883
81-82	Fell	14. júlí 1883
82	Ásbrandsstaðir	14. júlí 1883
82-83	Austur-Skálanes	14. júlí 1883
83	Einarsstaðir	14. júlí 1883
83-84	Þorbrandsstaðir	14. júlí 1883



84.	Gnýstaðir	14. júlí 1883
84-85	Sunnudalur	14. júlí 1883
85	Guðmundarstaðir	14. júlí 1883
86	Hrappsstaðir	14. júlí 1883
86	Egilsstaðir	14. júlí 1883
87	Svínabakkar	14. júlí 1883
91-92	Foss	11. júní 1886
92-93	Ítök Hofskirkju	11. júní 1886
94	Mælifell	11. júní 1886
94	Steinvarartunga (eign Hofskirkju)	11. júní 1886
95	Hamar	11. júní 1886
95	Þorvaldsstaðir	11. júní 1886
96	Hvammngerði	11. júní 1886
99-100	Norður Skálanes (merkja árið)	21. júní 1887
101	Teigur	21. júní 1887
101	Steinvarartunga (eign Hofskirkja)	21. júní 1887
102	Ítak Hofskirkju í viðreka fyrir Vindfellslandi	21. júní 1887
121-122	Torfastaðir	11. júlí 1890
122	Leiðarhöfn	11. júlí 1890
123	Krossavík	11. júlí 1890
124-125	Syðri-Vík	11. júlí 1890
125	Skjalþingsstaðir	11. júlí 1890
126	Fagridalur	11. júlí 1890
127	Hagi	11. júlí 1890
127-128	Borgir	11. júlí 1890
128-129	Vatnsdalsgerði með hjál. Skálum	11. júlí 1890
129	Norður-Skálanes	11. júlí 1890
157-160	Landamerkjadómur milli Bustarfells og Möðrudals	9. júlí 1894
160-161	Bustarfell	9. júlí 1894
161-162	Brúnavammur	9. júlí 1894
172	Skerjavíkurtangi	24. maí 1913
175	Fagridalur	25. júlí 1916

Jökuldals- og Hlíðarhreppur.

5	Hauksstaðir	18. júní 1883
5-6	Torfastaðir	18. júní 1883
6	Hnitbjörg (Önnur landamerkjaskrá sjá 112 blað)	18. júní 1883
6-7	Teigarsel	18. júní 1883
7	Skeggjastaðir	18. júní 1883
36	Sleðbrjótur með Másseli	21. júní 1884
36-37	Surtsstaðir	21. júní 1884
37-38	Hallgeirsstaðir	21. júní 1884
38	Hrafnabjörg	21. júní 1884
38-39	Fossvellir	21. júní 1884
39	Skjöldólfsstaðir	21. júní 1884
40	Hjarðarhagi	21. júní 1884
40	Hofteigur	21. júní 1884



40-41	Hvanná	21. júní 1884
41	Gil	21. júní 1884
42	Hnefildalur	21. júní 1884
42	Gauksstaðir	21. júní 1884
43	Klaustursel með Fossgærði	21. júní 1884
90-91	Hákonarstaðir	7. júní 1886
112	Hnitbjörg (Önnur landamerkjaskrá, sjá 6. blað)	9. júní 1890
113	Fagrahlíð með Hlíðarhúsum	9. júní 1890
114-115	Ketilsstaðir (með hjál. Eyjaseli og Bakkagerði)	9. júní 1890
115-116	Sleðbrjótssel	9. júní 1890
149-150	Útdráttur af dómi um landamerki millum Möðrudals annars vegar og Víðirhóla og Arnórsstaða hinsvegar	20. júní 1893
153	Rangárlón	6. júní 1894
153-154	Sænautarsel	6. júní 1894
154-155	Brú	6. júní 1894
155-157	Eiríksstaðir	6. júní 1894
157-160	Dómur um landamerki Bustarfells og Möðrudals	9. júlí 1894
170-171	Hákonarstaðir & Grund og Eiríksstaðir	
172	Fagrahlíð og Hlíðarhús	29. maí 1901
174-175	Ketilsstaðir	20. júlí 1916

Tunguhreppur.

34	Bót	21. júní 1884
35	Heiðarsel	21. júní 1884
35-36	Stóri-Bakki með Blöndugerði	21. júní 1884
62-63	Litli-Bakki	5. júní 1885
63-64	Hræreklækur	5. júní 1885
64-65	Rangá	5. júní 1885
108-109	Hallfreðarstaðir með hjáleigunni	9. júní 1890
110	Nefbjarnarstaðir með afbýlinu Gunnhildargerði	9. júní 1890
110-111	Geirastaðir	9. júní 1890
111-112	Galtastaðir ytri	9. júní 1890
135-136	Húsey	25. júní 1891
136-137	Rekamörk, milli Hallfreðarstaða og Sleðabrjótlands og milli Hallfreðarstaðasands og Pjeturssands	25. júní 1891
176	Landamerki Stóra-Bakka	14. júlí 1921

Fellahreppur.

22	Fjallsel	20. júní 1884
22-23	Egilssel	20. júní 1884
23-24	Staffell	20. júní 1884
24	Hafrafell	20. júní 1884
25	Urriðavatn	20. júní 1884
25-26	Skógargerði	20. júní 1884
26	Ekkjufell og Ekkjufellssel	20. júní 1884
27	Hreiðarstaðir	20. júní 1884
27-28	Kross	20. júní 1884



28	Setberg	20. júní 1884
29	Birnufell	20. júní 1884
30 og 177	Meðalnes	20. júní 1884
30-31	Ormarsstaðir með Hlíðarseli og Refsmýri	20. júní 1884
31	Refsmýri	20. júní 1884
32	Ás	20. júní 1884
33	Hof	20. júní 1884
133-134	Skeggjastaðir með Götu og Hrafnsgærði	23. júní 1891

Fljótsdalshreppur.

17.	Víðivallagerði og Víðivellir fremri	19. júní 1884
18.	Sturluflötur	19. júní 1884
18-19	Skriðuklaustur	19. júní 1884
20	Bessastaðir og Handborg	19. júní 1884
20-21	Bessastaðagerði	19. júní 1884
21	Melar	19. júní 1884
65	Valþjófsstaður með Hóli	8. júní 1885
66	Þuríðarstaðir	8. júní 1885
66	Egilsstaðir	8. júní 1885
67	Kleif	8. júní 1885
67	Arnaldsstaðir	8. júní 1885
68	Þorgerðarstaðir	8. júní 1885
68-69	Ítök Valþjófsstaðarkirkju	8. júní 1885
69	Geitagerði	8. júní 1885
70-71	Glúmsstaðir	8. júní 1885
72	Glúmsstaðasel	8. júní 1885
134-135	Arnheiðarstaðir og Geitagerði	22. júní 1891
147-148	Endurrit af aukarjettardómi Nms. um notkun á ítökum Víðivalla ytri í Skriðuklausturslandi	20. júní 1892
148	Áritun og yfirlýsing amtsins á landamerkjaskrá Skriðuklausturs um ítök Víðivalla ytri	20. júní 1892
173-174	Skýrsla um skipti á beitilandi o.fl. milli Hamborgar og Bessastaða	4. júlí 1914
173-174	Víðivellir ytri: <u>dómur</u> (Sjá Lho K. bls. 341-346)	14. júlí 1919
173-174	Víðivellir ytri: <u>dómur</u> (Sjá Lho K. bls. 346-349).	s.d .

Hjaltastaðarhreppur.

7-8	Rauðholt	27. júní 1883
43-44	Hreimsstaðir	2. júlí 1884
44-45	Hjaltastaður	2. júlí 1884
46	Dalir	2. júlí 1884
46-47	Sandbrekka með Sandbrekkusandi	2. júlí 1884
47-48	Hrafnabjörg	2. júlí 1884
48-49	Kóreksstaðir með Kóreksstaðasandi	2. júlí 1884
50	Gagnstöð með Gagnstaðarstandi	2. júlí 1884
51	Klúka	2. júlí 1884
51-52	Jórvík með Jórvíkurhjáleigu	2. júlí 1884



52-53	Víðastaðir	2. júlí 1884
53	Bóndastaðir	2. júlí 1884
54	Ítak hvalreka í Gripdeild	2. júlí 1884
54	Ketilsstaða	2. júlí 1884
55	Stóra Steinsvað	2. júlí 1884
55-56	Ekra	2. júlí 1884
61-62	Bóndastaða	10. júní 1885
96-97	Unaós með Heyskálum	2. júní 1885
116-117	Ásgrímsstaðir	14. júní 1890
117-118	Tjarnarland (og nærliggjandi jarða)	14. júní 1890
118-119	Hóll með Hólshjáleigu og rekamörk Eyðasands	14. júní 1890
119-120	Hrjótur	14. júní 1890
120-121	Ánastaðir	14. júní 1890
137-138	Rekamörk milli Jórvíkursands og Ketilsstaðasands	27. júní 1891
138	Rekamörk Klyftarsands	27. júní 1891

Borgarfjarðarhreppur.

8	Höfn	29. júní 1883
56	Snotrunes	4. júlí 1884
56-57	Geitavík (með hjál.)	4. júlí 1884
57	Bakki með Bakkagerði (sjá veðmálabók Ltra. bl. 3-4)	4. júní 1884
58	Jökulsá	4. júlí 1884
59	Gilsárvellur með Gilsárvallahjál.	4. júlí 1884
60	Hólaland	4. júlí 1884
60	Hofströnd	4. júlí 1884
61	Brúnavík	4. júlí 1884
88	Hvoll	14. ágúst 1885
89-90	Njarðvík	14. ágúst 1885
97	Glettingsnes	5. júlí 1886
104-105	Stóra-Breiðavík	31. júlí 1890
139-142	Desjarmýri með ítökum, ásamt hjáleigunum Þrándarstaðir og Setberg	29. júní 1891
151-152	Húsavík með hjáleigunum: Hólshús, Dalland, Dallandspartur og Álptavík, Litla Breiðvík	2. og 24. júní 1893

Loðmundarfjarðarhreppur.

3	Bárðarstaðir	9. júní 1883
15	Hjálmarströnd (eign Dvergarsteinskirkju) og fl. ítök.	10. júní 1884
105-106	Seljarmýri	17. júní 1890
106-107	Sævarendi	17. júní 1890
107-108	Klyppstaður og ítök	17. júní 1890
132-133	Stakkahlíð	16. júní 1892
145-146	Nes og Neshjáleiga (e að utan og norðan)	16. júní 1892
169-170	Ulfstaðir og Arnastaðir (gjörðardómur)	

Seyðisfjarðarhreppur.

3-4	Sörlastaðir	9. júní 1883
-----	-------------	--------------



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

4	Hánefsstaðir	9. júní 1883
13	Skálanes	10. júní 1884
14-15	Dvergasteinn og Selstaðir (samt ítök)	10. júní 1884
15-16	Austdalur og Bæjarstæði	10. júní 1884
16-17	Þórarinsstaðir	10. júní 1884
70-71	Vestdalseyri (eign Gránufélagsins)	4. júlí 1885
98	Fjörður, Fjarðarsel og Oddi	10. júní 1887
103	Brimnes	1. júní 1889